

FYLGIRIT VEGNA KAFLA 7

STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS



HÁSKÓLI ÍSLANDS
2018



Lýsing á einstökum rannsóknastofnunum og rannsóknastofnum Háskóla Íslands 2015: Birtist sem viðauki við skýrslu Ástu Möller (sjá kafla 7)

I. Stofnun sem starfar eftir sérlögum

1. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, stofnuð 1948^{40, 41}

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er háskólastofnun sem tengist Læknadeild en hefur sérstaka stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Kostnaður af starfsemi tilraunastöðvarinnar greiðist úr ríkissjóði og af sértekjum sem henni er heimilt að afla sér, m.a. samkvæmt gjaldskrá. Hlutverk hennar er tilgreint með lögum nr. 67 frá 1990 og lögum nr. 50 frá 1986 um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

Starfsemin er mjög fjölþætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknum, þ.e. líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, sníkjudýrafræði, lífenafræði og sameindalíffræði. Starfsmenn eiga í miklu rannsóknasamstarfi við innlenda og erlenda aðila. Rannsóknaverkefni eru fjármögnuð með innlendum og erlendum styrkjum.

Háskólaráð skipar fimm menn í stjórn tilraunastöðvarinnar til fjögurra ára í senn. Læknadeild Háskóla Íslands tilnefnir einn, Raunvísindadeild einn og er annar þeirra formaður stjórnar. Landbúnaðarráðherra skipar tvo fulltrúa og er annar þeirra úr hópi starfsmanna. Fundur starfsmanna stofnunarinnar tilnefnir einn fulltrúa. Forseti Læknadeildar eða staðgengill hans er málsvari tilraunastöðvarinnar á fundum háskólaráðs.

II. Rannsóknæiningar sem heyra undir háskólaráð

Haustið 2014 heyra tvær rannsóknastofnanir undir háskólaráð, annars vegar Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, en innan vébanda hennar starfa sjö rannsóknasetur á landsbyggðinni, og hins vegar Rannsóknastofa um mannlegt atferli. Þverfræðilegar stofnanir sem áður heyrdi undir háskólaráð hafa á síðustu árum verið færðar til fræðasviða sem hafa fræðilega tengingu við starfssvið viðkomandi stofnunar.⁴²

1. Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands, stofnuð 2001⁴³

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir háskólaráð og er hún stjórnunarlega vistuð á skrifstofu rektors Háskóla Íslands. Hún byggist á starfsemi sjö rannsóknasetra Háskóla Íslands á landsbyggðinni sem eru faglega sjálfstæðar einingar. Stofnunin er vettvangur samstarfsverkefna skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga á landsbyggðinni og er markmið hennar að skapa aðstöðu til rannsókna utan höfuðborgarsvæðisins, auka möguleika almennings til menntunar og styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Rannsóknastofnunin hefur ekki stjórn og er rektor Háskóla Íslands falið að taka ákvarðanir í málefnum sem væru annars á hendi stjórnar. Hún hefur fimm manna ráðgefandi nefnd sem háskólaráð skipar og er ráðinu, rektor og forstöðumanni til ráðgjafar um stefnumarkandi ákvarðanir og viðfangsefni stofnunarinnar og er nefndinni ætlað að hafa almenna yfirsýn yfir starfsemina. Ráðgjafanefndin er skipuð þremur starfsmönnum Háskóla Íslands auk tveggja nefndarmanna utan Háskóla Íslands. Reglur stofnunarinnar taka einnig til rannsóknasetrana sem starfa innan hennar.

Hverju rannsóknasetri er stýrt af forstöðumanni og tengist starf hans óformlega þeirri háskóladeild sem fræðasvið hans fellur undir en það eru helst deildir innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Hugvísindasviðs. Forstöðumanni er heimilt að sitja deildarfundi viðkomandi deildar og eftir atvikum

⁴⁰ Heimasíða Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum.

⁴¹ Lög um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nr. 67/1990.

⁴² Á árinu 2010 ákvað háskólaráð að færa þrjár stofnanir frá ráðinu til fræðasviða. Þetta voru Stofnun Sæmundar fróða, sem var vistuð hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði, Alþjóðamálastofnun, sem er nú vistuð á Félagsvísindasviði, og Rannsóknastofnun í kvenna- og kynjafræðum (nú RIKK – Rannsóknastofa í jafnréttisfræðum), sem var færð undir Hugvísindasvið. Áður höfðu Mannfræðistofnun og Siðfræðistofnun verið færðar annars vegar til Félagsvísindasviðs og hins vegar til Hugvísindasviðs.

⁴³ Samtal við Sæunni Stefánsdóttur, forstöðumann Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, 23.10.2014.

einnig þing viðkomandi fræðasviðs. Auk rannsókna koma forstöðumenn að kennslu og eru leiðbeinendur þeirra framhaldsnema við Háskóla Íslands sem stunda rannsóknir sínar innan setranna.

Starfsmenn stofnunarinnar á árinu 2013 voru 31 talsins í 18 stöðugildum. Tekjur á árinu 2013 voru um 160 milljónir króna. Framlög á fjárlögum og framlög sveitarfélaga námu um 40 milljónum króna en framlag ríkisins til starfseminnar er hluti af samningi milli Háskóla Íslands og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um Rannsóknasetur Háskóla Íslands 2013-2016. Styrkir og sértekjur voru um 64 milljónir króna og fjárveiting Háskóla Íslands var um 56 milljónir króna. Rannsóknasetrin fá ekki mótframlag frá Háskóla Íslands vegna rannsóknastyrkja sem þau afla. Laun forstöðumanns stofnunarinnar eru sérstaklega greidd úr Háskólasjóði.

1.1 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, stofnað 2001

Rannsóknasvið setursins tengjast umhverfismálum og náttúruvernd, einkum í tengslum við ferðaþjónustu og starfsemi á friðlýstum svæðum. Einnig eru þar stundaðar rannsóknir í bókmenntum og listum.

1.2 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum, stofnað 2004

Við setrið eru stundaðar rannsóknir á lífríki sjávar, einkum eiturefnavistfræði og áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og grjótkrabba.

1.3 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, stofnað 2006

Rannsóknasetrið einbeitir sér að rannsóknum á umhverfi og fuglalífi Breiðafjarðar, einkum á æðarfugli og öðrum sjófuglum.

1.4 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum, stofnað 2007

Rannsóknasvið setursins beinist að lífríki sjávar, einkum þorski, auk þess sem stundaðar eru fornleifafræðirannsóknir á strandsvæðum og neðansjávar og rannsóknir í ferðamálafræði.

1.5 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík, stofnað 2007

Við setrið eru stundaðar rannsóknir á hvöllum, tjáskiptum og atferli þeirra og áhrifum hvalaskoðunar og hvalveiða. Einnig eru þar stundaðar rannsóknir á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu.

1.6 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi, stofnað 2009

Rannsóknasetrið hefur rannsóknir á landnotkunarmálum og náttúru landsins að meginviðfangsefni.

1.7 Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra, stofnað 2009

Rannsóknasvið setursins er sagnfræði og hefur verið lögð áhersla á rannsóknir á réttarsögu, munnlegri sögu og menningartengdri ferðaþjónustu.

2. Rannsóknastofa um mannlegt atferli, stofnuð 1991⁴⁴

Innan Rannsóknastofu um mannlegt atferli eru stundaðar þverfaglegar atferlis- og gagnvirknirannsóknir m.a. á gagnvirkni taugafruma í heilatauganetum og á trúarlegu atferli (religious behavior). Stofan er rannsóknaveitvangur fræðimanns við Háskóla Íslands og samstarfsmanna hans og hafa þær rannsóknir staðið rúma tvo áratugi og verið fjármagnaðar með rannsóknastyrkjum. Rannsóknastofan tekur þátt í formlegu samstarfsneti fjölmargra háskóla austan hafs og vestan á rannsóknasviði fræðimannsins og er það byggt á greiningarlíkani hans („Magnusson's analytical model“). Einnig hefur Rannsóknastofa um mannlegt atferli undanfarna tvo áratugi tekið þátt í fjölbreyttu samstarfi við íslensk fyrirtæki og stofnanir, m.a. við Háskólann í Reykjavík, um rannsóknir á gervigreind. Sem stendur vinnur fræðimaðurinn að Rannís-verkefni í samstarfi við fleiri aðila, m.a. Fjármálaeftirlitið. Jafnframt hafa verið stundaðar rannsóknir við stofuna á fjárhættuspili á internetinu í samstarfi við aðila í Harvard-háskóla.

Rannsóknastofa um mannlegt atferli starfar náið með íslensku nýsköpunarfyrirtæki, Atferlisgreiningu ehf.) sem stofnað var með fulltingi Háskóla Íslands í kjölfar þess að verkefnið, sem fyrirtækið er byggt á, varð hlutskarpast í nýsköpunarsamkeppni Háskóla Íslands „Upp úr skúffunum“ þar sem greiningarlíkaninu, sem starfsemi fyrirtækisins er byggt á, var beitt. Í samstarfi við Chicago-háskóla, sem Rannsóknastofan hefur unnið með í nær fjóra áratugi, vinnur hún að útgáfu nýs safnrits þar sem allir kaflarnir byggjast á ofanefndu greiningarlíkani. Rannsóknastofan er með þriggja manna stjórn sem eru

⁴⁴ Netsamskipti 21.-27. nóv. 2014 við Magnús S. Magnússon, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu um mannlegt atferli, og Guðberg K. Jónsson rannsóknasérfræðing, sem hefur starfað við rannsóknastofuna.


starfsmenn Háskóla Íslands. Tekjur stofunnar á árinu 2013 voru um 800 þúsund krónur sem er rannsóknastyrkur frá Rannís.

III. Rannsóknæiningar sem heyra undir fræðasvið eða deildir

1. Félagsvísindasvið

Á Félagsvísindasviði eru sex deildir: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Hagfræðideild, Lagadeild, Stjórn málafræðideild og Viðskiptafræðideild. Á sviðinu starfa 8 stofnanir sem heyra undir sviðið eða deildir þess og 27 rannsóknastofur sem starfa innan stofnana, alls 35 rannsóknæiningar.

Mynd 3. Rannsóknastofnanir og -stofur Félagsvísindasviðs og tengsl við fræðasvið og deildir



Í rannsóknastefnu Félagsvísindasviðs 2012-2016 eru sett fram nokkur stefnuatriði sem eiga að stuðla að og efla rannsóknahverfi fræðimanna. Þar er m.a. lögð áhersla á styrkingu innviða rannsókna bæði innan og utan Háskóla Íslands og í samvinnu við aðila utan skólans, áframhaldandi uppbyggingu rannsóknastofnana á Félagsvísindasviði og eflingu þverfaglegs samstarfs jafnframt því að skapa umhverfi sem geri vísindamönnum og rannsóknahópum kleift að verja meiri tíma til rannsókna og hvetji nýja kennara til rannsókna. Þá er stefnt að því auka stoðþjónustu við fræðimenn á sviðinu þegar þeir sækja um í rannsóknasjóði og umbuna þeim sérstaklega sem ná árangri í styrkjasókn.⁴⁵

Á síðustu árum hefur Félagsvísindasvið greitt hálfu stöðu starfsmanns Félagsvísindastofnunar sem hefur sinnt þjónustu við fræðimenn sviðsins, m.a. með því að skima og rýna styrkjaáætlanir, miðla upplýsingum, veita ráðgjöf um styrkjamöguleika og vera kennurum til aðstoðar við að móta umsóknir um styrki í samkeppnisjóði. Þessir starfsmaður tekur þátt í samstarfshópi sem samanstendur af rannsóknastjórum sviðanna, Vísinda- og nýsköpunarsviði og Landspítala – háskólasjúkrahúss, jafnframt því að taka þátt í bakhópsvinnu Rannís og upplýsingafundum þessara aðila um ólíkar styrkjaáætlanir.

Hefð er fyrir því innan deilda fræðasviðsins, nema í Hagfræðideild, að veita akademískum starfsmönnum ákveðinn fjárhagslegan stuðning til að standa undir rannsóknastarfsemi þeirra. Deildirnar úthluta kennurum árlegu rekstrar- og rannsóknafé sem lagt er í rannsóknasjóð viðkomandi kennara. Litið er á þetta framlag sem fjárhagslegan hvata eða umbun fyrir rannsóknavirkni þar sem upphæðin ræðst m.a.

⁴⁵ Rannsóknastefna Félagsvísindasviðs 2012-2016.

af rannsóknastigum á tilteknu tímabili. Úthlutun á rannsóknafé er útfærð með mismunandi hætti eftir deildum og hér eru nefnd tvö dæmi. Hjá Stjórn málafræðideild fá akademískir starfsmenn ákveðna grunnfjárhæð sem á að standa undir rekstrarlegum þáttum. Rannsóknavirkni kennara er síðan metin í þrjá flokka, þar sem upphæð í neðsta flokki er um 40% lægri en í efsta flokki. Heildarupphæð rekstrar- og rannsóknafjár sem akademískur starfsmaður getur fengið á einu ári er á bilinu rúmlega 340 þúsund til um 600 þúsund.⁴⁶ Hjá Viðskiptafræðideild eru fjárhagslegir hvatar til að auka rannsóknavirkni útfærðir þannig að þeir sem skila skýrslu í vinnumatssjóð fá grunnupphæð sem nemur 50 þúsund krónum í ársbyrjun ár hvert. Að hausti fá þeir greiddar 15 þúsund krónur fyrir hvert afgangstig umfram fimm rannsóknastig en 10 þúsund krónur fyrir önnur stig upp að 30 stigum. Fyrir eina eða fleiri ISI-greinar eru greiddar 100 þúsund krónur. Þá getur hver fastráðinn kennari fengið allt að 200 þúsund krónur á ári frá deild til láta lesa yfir eða þýða grein/greinar sem birta á í erlendum tímaritum.⁴⁷

Tafla 4. Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Félagsvísindasviði

Stofnár	Rannsóknastofnanir sem heyra undir svið, deild eða deildir (8)	Rannsóknastofur sem starfar innan vébanda stofnunar (27)
1974	Lagastofnun (LS)	Mannfræðistofnun (FVS)
1985	Félagsvísindastofnun (FVS)	
1989	Hagfræðistofnun	
1990	Alþjóðamálastofnun (AMS)	
1993	Viðskiptafræðistofnun (VS)	
1994	Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	
2002		Rannsóknasetur um smáriki (AMS)
2003	Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála	
2004		Rannsóknastofa í afbrotufræði (FVS) Rannsóknastofa í vinnuvernd (FVS)
2006		Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (FVS) Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (FVS) Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti (VS)
2007		Rannsóknasetur í stjórn málum og efnahagsmálum (FVS) Þjóðmálastofnun (FVS) Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu (FVS)
2008		Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (FVS) Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni (VS)
2009	Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (FVS) Rannsóknastofa í Evrópurétti (LS) Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti (LS) Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði (VS) Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti (VS)
2010		Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (FVS) Rannsóknasetur í safnafræðum (FVS) Fræðasetur þriðja geirans (FVS) Rannsóknamiðstöð skapandi greina (VS)
2011		Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi (FVS) MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóka (FVS)
2013		Rannsóknasetur um norðurslóðir (AMS) Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís (VS)
2014		Sundstofa: Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag (FVS) Rannsóknastofa í refsirétti (LS)

Í töflu 4 er yfirlit yfir stofnár rannsóknæininga sem starfa á Félagsvísindasviði. Þar kemur fram að sjö eininganna voru stofnaðar fyrir aldamótin 2000. Þar af eru sex rannsóknastofnanir af þeim átta sem starfa á sviðinu en 26 af 27 rannsóknastofum sviðsins hafa verið settar á laggjarnar eftir aldamótin.

⁴⁶ Samtal við Elvu Ellertsdóttur, deildarstjóra Stjórn málafræðideildar, 12.9.2014.

⁴⁷ Samtal við Kristínu Klöru Einarsdóttur, deildarstjóra Viðskiptadeildar og Hagfræðideildar, 26.11.2014.

Í töflu 5 er lagt mat á virkni starfsemi rannsóknæininga á Félagsvísindasviði. Þar kemur fram að virk starfsemi fer fram við allar rannsóknastofnanirnar sem heyra undir deildir sviðsins. Einnig er starfsemin virk hjá þremur af sextán rannsóknastofnum sem starfa innan Félagsvísindastofnunar, hjá þremur innan Viðskiptafræðistofnunar, auk þeirra tveggja rannsóknastofna sem starfa innan vébanda Alþjóðamálastofnunar. Nokkur starfsemi fer fram við níu rannsóknastofur og lítil starfsemi er hjá sjö rannsóknastofnum. Þrjár rannsóknastofur eru nýstofnsettar.

Tafla 5. Virkni rannsóknastofnana og rannsóknastofna á Félagsvísindasviði

Virk starfsemi	Nokkur starfsemi	Lítill starfsemi	Nýjar stofnanir
Alþjóðamálastofnun	Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu (FVS)	Mannfræðistofnun (FVS)	MARK (FVS)
Félagsvísindastofnun	Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi (FVS)	Fræðasetur þriðja gearans (FVS)	Sundstofa: Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag (FVS)
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála	Rannsóknasetur í safnafræðum (FVS)	Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (FVS)	Rannsóknastofa í refsirétti (LS)
Lagastofnun	Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (FVS)	Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (FVS)	
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	Rannsóknasetur í stjórn málum og efnahagsmálum (FVS)	Rannsóknastofa um vinnuvernd ⁴⁸ (FVS)	
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	Rannsóknastofa í Evrópurétti (LS)	Þjóðmálastofnun (FVS)	
Hagfræðistofnun	Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti (LS)	Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti (VS)	
Viðskiptafræðistofnun	Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni (VS)		
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (FVS)	Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís (VS)		
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (FVS)			
Rannsóknastofa í afbrotufræði (FVS)			
Rannsóknasetur um norðurslóðir (AMS)			
Rannsóknasetur um smáriki (AMS)			
Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði (VS)			
Rannsóknamiðstöð skapandi greina (VS)			
Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti (VS)			

*Þær rannsóknastofnanir sviðsins sem heyra beint undir deild eru skyggðar.

Í töflu 6 er yfirlit yfir skipan stjórna rannsóknæininga á Félagsvísindasviði. Hjá um helmingi rannsóknæininganna, eða í 19 af 35, eiga samstarfsaðilar viðkomandi rannsóknæiningar sæti í stjórn. Til viðbótar starfar ráðgjafaráð með tveimur stjórnnum. Tvær rannsóknæiningar hafa bæði ráðgjafaráð og utanaðkomandi aðila í stjórn. Sex rannsóknæininganna eru ekki með stjórn. Tvær rannsóknæiningar hafa doktorsnema í stjórn. Sex stjórnir eru eingöngu skipaðar starfsmönnum Háskóla Íslands.

⁴⁸ Ákvörðun hefur verið tekin um að leggja niður Rannsóknastofu um vinnuvernd.

Tafla 6. Yfirlit yfir skipan stjórna rannsóknæininga á Félagsvísindasviði

Stofnanir og stofur	Heildar- fjöldi í stjórn	Í stjórn frá sviði/Háskóla Íslands	Doktors- nemar/ fulltrúi nemenda	Samstarfs- aðilar utan Háskóla Íslands í stjórn	Ráð- gjafa- nefnd
Stofnanir sem heyra beint undir sviðið					
Alþjóðamálastofnun (AMS)	7	2 frá hvoru sviði, Félagsvísindasviði og Hugvísindasviði		3	
Rannsóknasetur um smá ríki		Deilir stjórn með AMS		Deilir stjórn með AMS	
Rannsóknasetur um norðurslóðir		Deilir stjórn með AMS		Deilir stjórn með AMS	já
Stofnanir sem heyra undir deildir					
Félagsvísindastofnun (FVS)	6	Deildarforsetar 3 deilda sem standa að FVS + 3 aðrir fulltrúar sömu deilda			
Hagfræðistofnun	5	4	1		
Viðskiptafræðistofnun (VS)	5	5			
Lagastofnun (LS)	5	4	1		
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	4	2 kosnir af háskólaráði		2	
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	5	5 frá þremur fræðasviðum og tveimur deildum			
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála	6	4		2	
Rannsóknastofur sem starfa innan vébanda stofnana					
Mannfræðistofnun (FVS)	Ekki stjórn				
Rannsóknastofa í afbrotufræði (FVS)	2	1		1	
Rannsóknastofa í vinnuvernd (FVS)	Verið að loka				
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (FVS)	7	3		4	
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum (FVS)	3	3			
Rannsóknasetur í stjórnmálum og efnahagsmálum (FVS)	Ekki stjórn	Kennari stýrir starfi			
Þjóðmálastofnun (FVS)	Ekki stjórn	Kennari stýrir starfi			
Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu (FVS)	Ekki stjórn	Kennari stýrir starfi			
Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (FVS)	Ekki stjórn	Kennarar stýrir starfi			
Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (FVS)	4	3		1	
Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (FVS)	Ekki stjórn	Kennari stýrir starfi			
Rannsóknasetur í safnafræðum (FVS)	7	3		4	
Fræðasetur þriðja geirans (FVS)	4	4			Já
Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi (FVS)	5	1		4	
MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna (FVS)	5	5, einn frá jafn- mörgum deildum Félagsvísindasviðs			
Sundstofa: Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag (FVS)	Ný				

Rannsóknastofa í Evrópurétti (LS)	3	2		1	
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti (LS)	3	2		1	
Rannsóknastofa í refsirétti (LS)	3	2		1	
Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti (VS)	6	3		3	
Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði (VS)	5	3		2	
Rannsóknamiðstöð skapandi greina (VS)	5	1		4	
Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni (VS)	5	3		2	
Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti (VS)	4	2		2	Já
Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís (VS)	6	2		4	

Tafla 7. Yfirlit yfir tekjur og starfsmenn rannsóknæininga á Félagsvísindasviði

Félagsvísindasvið	Tekjur í m.kr.	Starfsmenn
Alþjóðamálastofnun	100 (með setrum)	5 í 4,1 stöðugildi
Rannsóknasetur um smáríki	(4)	
Rannsóknasetur um norðurslóðir	(15,5)	
Hagfræðistofnun	56	5
Viðskiptafræðistofnun (VS)	103	3
6 rannsóknamiðstöðvar undir VS *	Alls um 2	
Lagastofnun (LS)	25,7	2
Rannsóknastofa í Evrópurétti (LS)	0	
Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti (LS)	0	
Mannréttindastofnun Háskóla Íslands	1,7	
Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni	3,3 **	1 í 0,5 stöðugildum
Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála	22	2 í 1,5 stöðugildum
Félagsvísindastofnun (FVS)	174 (m. stofum)	14 í 11 stöðugildum
Mannfræðistofnun	0	
Rannsóknastofa í afbrotufræði (FVS)	(2,8)	
Rannsóknastofa í vinnuvernd (FVS)	0	
Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd (FVS)	(7)	1
Rannsóknasetur í fótunarfræðum (FVS)	(38,3)	5 í 4 stöðugildum
Rannsóknasetur í stjórn málum og efnahagsmálum (FVS)	0	
Þjóðmálastofnun (FVS)	(6,4)	
Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu (FVS)	0	
Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði (FVS)	0	
Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (FVS)	(1)	1 stöðugildi til mars 2014
Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti (FVS)	0	
Rannsóknasetur í safnafræðum (FVS)	(0,3)	
Fræðasetur þriðja geirans (FVS)	0	
Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi (FVS)	(2,2)	
MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna (FVS)	(1 ***)	1 í 0,5 stöðugildum frá mars 2014
Sundstofan (FVS)	0	
Samtals	487,7	40 í 33,6 stöðugildum

* Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti, Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði, Rannsóknamiðstöð skapandi greina, Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni, Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti, Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði - Siðvís.

**Laun forstöðumanns, sem greidd eru af Lagadeild, eru þar fyrir utan.

*** Laun forstöðumanns, sem greidd eru af Háskóla Íslands, eru þar fyrir utan.

Tafla 7 er samantekt á tekjum rannsóknæininga Félagsvísindasviðs á árinu 2013 og fjölda starfsmanna sem starfa innan þeirra. Upplýsingarnar eru byggðar á svörum forsvarsmanna þeirra. Mikilvægt er að

benda á að ýmis verkefni sem framkvæmd eru innan rannsóknæininganna eru greidd af rannsóknareikningum kennara og koma ekki fram sem viðfang eða á verkefnanúmeri rannsóknæininganna. Þessar upplýsingar eru því settar fram með fyrirvara og gefa því einungis ákveðnar vísbendingar. Tekjur rannsóknæininganna skv. þessum upplýsingum voru tæpar 490 milljónir króna á árinu 2013. Á árinu 2014 eru 40 starfsmenn í tæpum 34 stöðugildum sérstaklega ráðnir til rannsóknæininga á Félagsvísindasviði.

Hér á eftir er gerð grein fyrir rannsóknastofnunum og -stofum sem starfa innan Félagsvísindasviðs, starfsemi þeirra, skipulagi, stjórnun og fjármögnun.

Rannsóknæining sem heyrir undir fræðasviðið

1.1 Alþjóðamálastofnun, stofnuð 1990^{49, 50}.

Alþjóðamálastofnun heyrir undir Félagsvísindasvið og Hugvísindasvið en er vistuð hjá því fyrrnefnda. Stofnunin heyrði beint undir háskólaráð til ársins 2010 er framangreind breyting varð á. Innan vébanda stofnunarinnar starfa tvö setur; Rannsóknasetur um smáríki og Rannsóknasetur um norðurslóðir.

Alþjóðamálastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun um íslensk utanríkismál, Evrópumál og öryggis- og varnarmál og vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði alþjóðamála og smáríkjarrannsókna. Stofnunin stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, tekur að sér þjónustuverkefni fyrir atvinnulífið og hið opinbera, stendur að útgáfu fræðigreina, auk þess sem skipulagðar eru fjölmargar málstofur og fyrirlestrar, iðulega í samstarfi við ýmsa aðila á málsviði stofnunarinnar.

Samstarfsaðilar stofnunarinnar eru utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Alþýðusamband Íslands.

Forseti Félagsvísindasviðs skipar 7 manns í stjórn stofnunarinnar; þar af eru tveir tilnefndir af stjórn Félagsvísindasviðs og tveir af stjórn Hugvísindasviðs. Einn stjórnarmaður er tilnefndur af hverjum eftirtalinnna samstarfsaðila: utanríkisráðuneytinu, Samtökum iðnaðarins og Alþýðusambandi Íslands. Skv. reglum stofnunarinnar á 11 manna ráðgjafanefnd að starfa við stofnunina skv. tilnefningu stjórnar en hún er ekki til staðar í raun.

Skv. reglum stofnunarinnar geta fræðimenn sótt um aðild að stofnuninni eða gerst aðilar skv. tillögu þar um til stjórnar. Þessir fræðimenn geta m.a. verið akademískir starfsmenn Háskóla Íslands og aðrir fræðimenn utan og innan Háskóla Íslands, auk annarra sem tengjast fræðasviði stofnunarinnar. Í raun er aðildin skilgreind vítt og er hugsuð til að halda utan um þá sem vinna á starfssviði stofnunarinnar og geta lagt henni lið.

Í maí 2014 starfa 5 starfsmenn í 4,1 stöðugildi við stofnunina og setur hennar, þar af eru þrír fastir starfsmenn í tveimur stöðugildum. Fjöldi starfsmanna hverju sinni ræðst af verkefnum. Stofnunin kaupir einnig vinnu af sérfræðingum í verktöku.

Föst framlög til Alþjóðamálastofnunar eru 8,5 milljónir króna, þar af er 5 milljóna króna árlegt framlag Félagsvísindasviðs sem stofnunin fær af mótfamlagi sviðsins vegna rannsóknastyrkja sem stofnunin hefur aflað. Þá fær stofnunin 3,5 milljónir króna frá utanríkisráðuneytinu. Aðrar tekjur eru innlendir og erlendir rannsóknastyrkir, greiðslur vegna þjónustuverkefna, tekjur af útgáfu og aðrar tilfallandi tekjur.

Samanlagðar tekjur stofnunarinnar og undireininga hennar á árinu 2013 voru ríflega 100 milljónir króna. Þar á meðal eru rannsókn- og þróunarverkefni til nokkurra ára þar sem tekjur eru taldar til ársins 2013 þótt útgjöldin dreifist á nokkur ár og það gefur því e.t.v. ekki rétta mynd af fjárhagsstöðu í daglegum rekstri á því ári.

1.1.1 Rannsóknasetur um smáríki, stofnað 2002

Rannsóknasetur um smáríki er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar og deilir stjórn og forstöðumanni með henni. Það var stofnað 2002 en hóf starfsemi 2003. Meginmarkmið setursins er að auka rannsóknir og kennslu í smáríkjafræðum. Rannsóknasetrið stendur fyrir fjölbreyttum rannsóknum, ráðstefnum, málstofum og kennslu um smáríki og heldur úti ritröð um

⁴⁹ Samtal við Piu Hansson, forstöðumann Alþjóðamálastofnunar, 8.5. 2014.

⁵⁰ Heimasíða Alþjóðamálastofnunar.

rannsóknir í smárikjafræðum. Það hefur hlotið fjölda styrkja frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum. Setrið starfrækir sumarháskóla í samstarfi við fjölda erlenda háskóla.

Starfsemi rannsóknasetursins er m.a. fjármagnað með þriggja ára öndvegisstyrk úr menntaáætlun Evrópusambandsins sem það fékk á árinu 2013 að upphæð 4 milljónir króna á ári og mun á því tímabili starfa sem Jean Monnet öndvegissetur (Jean Monnet Centre of Excellence).

1.1.2 Rannsóknasetur um norðurslóðir, stofnað 2013

Rannsóknasetur um norðurslóðir er faglega sjálfstæð eining sem starfar undir hatti Alþjóðamálastofnunar og deilir stjórn og forstöðumanni með stofnuninni. Setrið er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði norðurslóðarannsókna með áherslu á hlutverk og stefnu ríkja og stofnana og stjórnarhætti á norðurslóðum. Það vinnur að rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila og vinnur að því að auka samstarf milli fræðimanna, atvinnulífs og opinberra aðila. Rannsóknasetrið stendur fyrir ráðstefnum, umræðufundum, fyrirlestrum og námskeiðum um efni sem varða starfssvið þess og útgáfu rita um málefni norðurslóða, auk þess að vinna þjónustuverkefni fyrir atvinnulíf og opinbera aðila og styðja við kennslu í norðurslóðamálefnum.⁵¹

Starfsemi setursins er fjármögnuð með styrk úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands upp á 15,5 milljónir króna á ári í þrjú ár. Ráðgjafanefnd starfar innan setursins, skipuð fólki sem hefur tengingu við málefni norðurslóða.

Setrið veitir styrki úr rannsóknasjóði sínum og var fjórum styrkjum úthlutað á árinu 2014 að upphæð kr. 250-300 þús. hver.

Setrið er með forstöðumann og verkefnisstjóra sem skipta með sér einu stöðugildi.

Rannsóknæiningar sem heyra undir deildir sviðsins

1.2 Félagsvísindastofnun, stofnuð 1985⁵²

Félagsvísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun sem var stofnuð á árinu 1985 í þáverandi Félagsvísindadeild en hóf starfsemi 1986. Hún heyrir nú undir þrjár deildir Félagsvísindasviðs: Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild og Stjórnmaláfræðideild. Hlutverk stofnunarinnar er að sinna rannsóknum, ráðgjöf og þjónustuverkefnum sem tengjast viðfangsefnum félagsvísindanna.⁵³ Stofnunin sinnir hagnýtum rannsóknum fyrir aðila utan Háskóla Íslands og sér um framkvæmd rannsókna fyrir kennara skólans og greiða þeir fyrir þjónustuna skv. gjaldskrá. Félagsvísindastofnun hefur fengið styrki úr rannsóknasjóðum til að taka þátt í rannsóknaverkefnum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila. Félagsvísindastofnun sér um skipulagningu og framkvæmd Þjóðarspegilsins, árlega rannsóknaráðstefnu Félagsvísindasviðs, og útgáfu honum tengda.

Stofnunin hefur unnið að því að byggja upp opinn aðgang að upplýsingum í erlendum og íslenskum gagnasöfnum um íslenskt samfélag sem geta varpað ljósi á breytingar á viðhorfum og gildum fólks til lengri tíma litið og borið saman við þróun í öðrum samfélögum. Þar á meðal eru gagnasöfnin *European Values Study*, *International Social Survey Programme*, *Íslenska kosningarannsóknin* og *European Social Survey*. Jafnframt vinnur stofnunin að því að opna aðgang að fleiri gagnasöfnum sem varða samfélag og menningu. Hluta þessara gagnasafna hafa íslenskir fræðimenn og Félagsvísindastofnun átt þátt í að afla. Með þessu skapast auknir möguleikar fyrir fræðimenn og nemendur að nýta fyrirbyggjandi gögn til að skapa nýja þekkingu og til verklegar þjálfunar nemenda í aðferðafræði rannsókna jafnframt því sem þessi gagnasöfn gera skólanum kleift að þróa kennsluhætti með nýtingu upplýsingatækni og rafrænna námsgagna við kennslu.

Félagsvísindastofnun hefur þá framtíðarsýn að hún verði miðstöð þjónustu og ráðgjafar um aðferðafræði félagsvísinda innan sem utan sviðsins, styðja við kennslu í aðferðafræði á Félagsvísindasviði og verða fræðilegur vettvangur aðferðafræðirannsókna innan Háskóla Íslands, meðal annars með því að veita doktorsnemum og nýdöktorum rannsóknáðstöðu og stuðning.⁵⁴

⁵¹ Heimasíða Alþjóðamálastofnunar.

⁵² Samtal við Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur, forstöðumann Félagsvísindastofnunar, 1.9.2014.

⁵³ Ársskýrsla Félagsvísindastofnunar 2012, óbirt.

⁵⁴ Framtíðarsýn Félagsvísindastofnunar. Rædd á starfsmannafundi þann 25.10.2012.

Í framkvæmdastjórn Félagsvísindastofnunar sitja deildarforsetar þeirra deilda sem að stofnuninni standa og skipa þeir einnig stjórn stofnunarinnar, auk þriggja annarra fulltrúa sem kjörnir eru af deildunum. Þær námsbrautir sem ekki eiga fulltrúa í stjórn hafa rétt á áheyrnarfulltrúum á stjórnarfundum.

Félagsvísindastofnun er alfarið rekin af sjálfsaflafé: tekjum af rannsókn- og tölfræðiráðgjöf, gagnaöflun og úrvinnslu fyrir kennara háskólans og hagnýtum þjónusturannsóknum fyrir aðila utan háskólans, styrkjum sem hún aflar og tekjum af fundum, námskeiðum og útgáfu. Skv. 10. gr., e-lið, reglana um stofnunina fær hún framlög frá deildum sem standa að stofnuninni ef „þörf krefur“ en ekki hefur reynt á það ákvæði til þessa.

Starfsmenn stofnunarinnar í maí 2014 voru fjórtán talsins í tæplega elleftu stöðugildum, auk forstöðumanns, og þar af voru tveir í leyfi. Að auki koma á annað hundrað manns að starfi stofnunarinnar í tímavinnu, aðallega sem spylrar. Tekjur Félagsvísindastofnunar á árinu 2013 voru um 114 milljónir króna og skiptast þær þannig:

Tafla 8. Tekjur Félagsvísindastofnunar 2013

Erlendir styrkir	16 m.kr.
Innlendir styrkir	18 m.kr.
Verkefni innan Háskóla Íslands	37,5 m.kr.
Þjónustuverkefni fyrir innlenda aðila	36 m.kr.
Þjónustuverkefni fyrir erlenda aðila	1 m.kr.
Hlutdeild undirstofa í rekstri	5,5 m.kr.

Velta undirstofnana Félagsvísindastofnunar á árinu 2013 var alls um 60 milljónir króna.

Í reglum Félagsvísindastofnunar segir að innan stofnunarinnar séu starfsræktar rannsóknastofnanir, rannsóknasetur, rannsóknastofur og rannsóknaverkefni á vegum fastráðinna kennara við þær deildir sem að stofnuninni standa. Haustið 2014 starfa 16 rannsóknastofur innan vébanda Félagsvísindastofnunar.

Beiðni um að setja rannsóknastofu á laggirnar er lögð fyrir stjórn Félagsvísindastofnunar og er hún formlega afgreidd á aðalfundi hennar. Skv. reglum Félagsvísindastofnunar bera deildir fjárhagslega ábyrgð á starfsemi undirstofnana og geta sett sér reglur um hvaða skilyrðum slík ábyrgð lýtur af hálfu deildar. Ekki hefur reynt á þessa fjárhagslegu ábyrgð deilda en framkvæmdastjórn sem er samsett af deildarforsetum þeirra deilda sem standa að Félagsvísindastofnun leysir yfirleitt fagleg og fjárhagsleg málefni stofnunarinnar á þeim vettvangi. Bent hefur verið á að skerpa þurfi á reglum um rannsóknastofur til að fagleg og fjárhagsleg ábyrgð Félagsvísindastofnunar á þeim liggja ljós fyrir. Rannsóknastofur greiða Félagsvísindastofnun fyrir þjónustu og aðstöðu í samræmi við notkun.

Hér á eftir er gerð grein fyrir starfsemi rannsóknastofa sem starfa undir handarjaðri Félagsvísindastofnunar. Margar eru stofnaðar utan um tiltekinn fræðilegan vettvang, oft í samstarfi við aðila innan eða utan skólans. Nokkrar þeirra eru stofnaðar í kringum einstök rannsóknaverkefni eða rannsóknir fræðimanns eða hóps fræðimanna. Í því sambandi er vert að benda á að einnig tíðkast að fræðimenn á Félagsvísindasviði semji við Félagsvísindastofnun um að halda utan um stór rannsóknaverkefni án þess að um þau séu stofnuð sérstök setur eða stofnanir. Þessi verkefni eru af ýmsum toga og eru ýmist fjármögnuð af samkeppnissjóðum, erlendum eða íslenskum, eða eru þjónusturannsóknir sem viðkomandi fræðimaður eða hópur fræðimanna hefur samið um að vinna fyrir opinbera aðila eða einkaaðila.

Virkni rannsóknastofa sem starfa innan Félagsvísindastofnunar er mismunandi. Af 16 rannsóknastofum standa einungis sjö fyrir virkri eða nokkurri starfsemi og lítil starfsemi er hjá sex rannsóknastofum. Þrjár eru nýstofnaðar eða við það að hefja starfsemi.

Nánar er gerð grein fyrir starfsemi einstakra stofnana sem starfa innan Félagsvísindastofnunar í umfjöllun hér á eftir. Þeim er raðað upp eftir stofnári, þær elstu eru taldar fyrst og þær nýjustu síðast.

1.2.1 Mannfræðistofnun, stofnuð 1974 ⁵⁵

Skv. reglum Mannfræðistofnunar er hlutverk hennar að efla rannsóknir á sviði mannfræði, bæði félagslegar og líffræðilegar, stuðla að samstarfi aðila á þessu sviði, gefa út og kynna niðurstöður mannfræðirannsókna, halda ráðstefnur, námskeið og fyrirlestra á þessu sviði, veita framhaldsnemum í mannfræði rannsóknáðstöðu og annast varðveislu rannsóknagagna.

Mannfræðistofnun hefur ekki stjórn og lítil starfsemi hefur farið fram síðustu misseri. Stofnunin hafði engar tekjur 2013.

1.2.2 Rannsóknastofa í afbrotufræði, stofnuð 2004 ^{56, 57, 58}

Rannsóknastofa í afbrotufræði er samstarfsvettvangur Háskóla Íslands og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Hún er fyrst og fremst tengd rannsóknum og störfum eins ákveðins fræðimanns og kennara í afbrotufræði innan Félagsvísindasviðs. Stjórn stofunnar er í höndum hans og sérfræðings hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Stofan annast reglubundnar samanburðarrannsóknir er lúta að afbrotum og hefur tekið þátt í alþjóðlegum og norrænum rannsóknaverkefnum á þessu sviði. Rannsóknastofan er jafnframt í samstarfi við stjórnvöld og aðra opinbera aðila á sviði löggæslu og fangelsismála, stendur fyrir málþingum er tilefni gefast og útgáfu fræðibóka um afbrotufræðileg málefni.

Tekjur rannsóknastofunnar síðastliðin ár eru innlendir rannsóknastyrkir og greiðslur fyrir þjónustu- og rannsóknaverkefni fyrir innlenda opinbera aðila sem unnin hafa verið af Félagsvísindastofnun. Á árabílinu 2009-2013 voru árlegar tekjur á bilinu 800 þúsund til um 3,1 milljón króna en á árinu 2013 voru tekjur hennar um 2,8 milljónir króna.

1.2.3 Rannsóknastofa í vinnuvernd, stofnuð 2004

Rannsóknastofa í vinnuvernd er rannsókna- og fræðslustofa starfrækt af Vinnueftirlitinu og Háskóla Íslands og til húsa hjá Vinnueftirlitinu. Ákveðið hefur verið að loka henni á árinu 2014. Hún hafði engar tekjur á árinu 2013.

1.2.4 Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd, stofnuð 2006 ^{59, 60}

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd er rannsókna- og fræðslustofa sem er starfrækt af kennurum Félagsráðgjafardeildar.

Rannsóknastofnunin er vettvangur rannsókna á sviði félagsráðgjafar er lýtur að stefnumörkun, þróun og þjónustu í barna- og fjölskylduvernd sem spannar allt lífsskeiðið frá æsku til efri ára. Stofnunin sinnir rannsóknaverkefnum og þjónustuverkefnum. Hún stendur fyrir virkri starfsemi m.a. reglulegum málstofum, fyrirlesturum, ráðstefnum og námskeiðum á sviði félagsráðgjafar, oft í samstarfi við á aðra aðila á þessu sviði. Stofnunin sér um útgáfu á Ritröð Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd. Hún gefur einnig nemendum í rannsóknámi tækifæri til að fá þjálfun, reynslu, aðstöðu og búnað til rannsóknastarfa með störfum á hennar vegum. Þetta er ýmist gert með því að veita þeim ráðgjöf, aðstoða þá við afmörkuð verkefni eða gefa þeim kost á að taka þátt í rannsóknaverkefnum sem rannsóknastofnunin sér um framkvæmd á.

Stjórn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd er skipuð sjö manns, tveimur frá Félagsráðgjafardeild og er annar þeirra formaður; velferðarráðuneytið skipar tvo fulltrúa og einn er skipaður af öðrum samstarfsaðilum. Þá skipa Félagsráðgjafafélag Íslands og forseti Félagsvísindasviðs, hvor aðili, sinn fulltrúa í stjórn og er forstöðumaður Félagsvísindastofnunar fulltrúi hins síðarnefnda. Þriggja manna framkvæmdastjórn hefur umsjón með daglegum rekstri og hana skipa formaður stjórnar stofnunarinnar, kennari í Félagsráðgjafardeild og forstöðumaður stofnunarinnar. Aðild að aðalfundum stofnunarinnar eiga, auk stjórnar, allir samningsbundnir samstarfsaðilar, fjárstyrktaraðilar, kennarar í Félagsráðgjafardeild og aðrir velunnarar rannsóknastofnunarinnar.

⁵⁵ Samtal við Unni Dís Skaptadóttur prófessor 29.9.2014.

⁵⁶ Samtal við Helga Gunnlaugsson, prófessor og forsvarsmann Rannsóknastofu í afbrotufræði, 7.8.2014.

⁵⁷ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

⁵⁸ Heimasíða Rannsóknastofu í afbrotufræði.

⁵⁹ Heimasíða Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd.

⁶⁰ Samtal við Sigrúnu Júlíusdóttur, formann stjórnar Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, 25.9.2014.

Formlegir samstarfs- og styrktaraðilar stofnunarinnar eru fimm talsins: Barnaverndarstofa, velferðar- ráðuneytið, Reykjanesbær, velferðarsvið Reykjavíkurborgar og umboðsmaður barna.

Forstöðumaður starfar við stofnunina í fullu starfi og hafa aðrir starfsmenn komið að starfseminni í styttri eða lengri tíma við tiltekin verkefni en algengast er að starfsmenn Félagsvísindastofnunar komi að rannsóknaverkefnum rannsóknastofnunarinnar .

Fjármögnun stofnunarinnar er að mestu leyti í formi tekna vegna rannsókna- og þjónustuverkefna sem stofnunin hefur aflað frá innlendum opinberum aðilum og félagasamtökum, auk framlags styrktaraðila. Árlegar tekjur stofnunarinnar hafa verið á bilinu 7-18 milljónir króna á ári frá 2009-2013 en voru 7 milljónir króna á árinu 2013.

1.2.5 Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, stofnað 2006 ^{61, 62}

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er fyrst og fremst þverfaglegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða og stendur það fyrir virkri starfsemi. Það var sett á lagginnar í kringum rannsóknir forstöðumanns og samstarfsmanna hans. Þar starfa fastir kennarar í fötlunarfræðum, verkefnastjórar, nýdóttorar og nemendur í MA- og doktorsnámi og gefst þeim síðastnefndu tækifæri til að öðlast reynslu og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum innan setursins. Erlendir nýdóttorar og doktorsnemar hafa sóst eftir og fengið rannsóknáðstöðu hjá setrinu með erlendum styrkjum en starfsemi setursins er velþekkt utan landsteinanna.

Megináherslur í starfsemi rannsóknasetursins eru rannsóknir í fötlunarfræðum og taka starfsmenn þess þátt í viðamiklum alþjóðlegum, evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum á fræðasviðinu. Rannsóknasetrið hefur unnið þjónustuverkefni fyrir opinbera aðila og hagsmunaaðila skv. þjónustusamningum þar um í samstarfi við Félagsvísindastofnun. Setrið stendur fyrir ráðstefnum, málþingum, námskeiðum og fyrirlestrum, eitt og sér eða í samstarfi við aðra, og gefur út bækur og skýrslur um rannsóknir um málefni fatlaðs fólks. Heimasíða þess er alhliða upplýsingasíða um fötlunarfræði og málefni fatlaðs fólks og leita erlendir og innlendir aðilar iðulega til rannsóknasetursins eftir upplýsingum um málefni fatlaðs fólks á Íslandi.

Stjórn setursins er þriggja manna, tveir eru kennarar og fræðimenn í fötlunarfræðum en forstöðumaður Félagsvísindastofnunar er þriðji stjórnarmaðurinn.

Í ágúst 2014 voru launaðir starfsmenn rannsóknasetursins fimm talsins í fjórum stöðugildum, þar af voru tveir erlendir nýdóttorar sem eru á styrk frá Evrópusambandinu. Þegar kennarar eru taldir með störfuðu 11 manns á vegum rannsóknasetursins í ágúst 2014. Töluverðar sveiflur eru á starfsmannafjölda þar sem starfsemin byggist á rannsóknastyrkjum sem eru mismundandi hverju sinni.

Starfsemi rannsóknasetursins er fjármögnuð með erlendum og innlendum rannsóknastyrkjum og með þjónustuverkefnum. Á árabilinu 2009-2013 voru tekjur stofnunarinnar á bilinu 7-17,7 milljónir króna á ári, mestar á árinu 2013, 17,7 milljónir króna. Þegar með er talinn stór Evrópustyrkur, sem er á sérstöku viðfangsnúmeri, voru tekjur ársins 2013 38,3 milljónir króna.

1.2.6 Rannsóknasetur í stjórnámálum og efnahagsmálum, stofnað 2007 ^{63, 64}

Rannsóknasetrið hét áður Rannsóknasetur í skatta- og velferðarmálum. Tilgangur þess er að stunda rannsóknir á sviði stjórnmála og efnahagsmála og miðla upplýsingum um þær. Rannsóknasetrið er fyrst og fremst tengt rannsóknum eins fræðimanns í stjórnmálafræði og samstarfsmanna hans og er hann jafnframt forstöðumaður þess. Setrið hefur ekki stjórn.

Rannsóknasetrið hefur séð um tvö viðamikil rannsóknaverkefni fyrir opinbera aðila um tekjudreifingu og skatta 2007-2009 og um erlenda áhrifaþætti íslenska bankahrunsins 2014–2015. Það sinnir einnig rannsókn á „grænum kapítalísma“ og hagþróun og hagvexti í samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir.

⁶¹ Heimasíða Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum.

⁶² Samtal við Rannveigu Traustadóttur, prófessor og forstöðumann Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum, 18.8.2014.

⁶³ Heimasíða Rannsóknaseturs í stjórnmálum og efnahagsmálum.

⁶⁴ Samtal við Hannes H. Gissurarson, prófessor og forstöðumann Rannsóknaseturs í stjórnmálum og efnahagsmálum, 7.8.2014.

Setrið hafði ekki bókfærðar tekjur á árunum 2010–2013 en tekjur af framangreindum verkefnum eru bókfærðar fyrir og eftir það tímabil.

1.2.7 Þjóðmálastofnun, stofnuð 2007 ^{65, 66}

Þjóðmálastofnun leggur áherslu á rannsóknir og upplýsingamiðlun á sviði velferðarmála, atvinnumála og þjóðfélagsbreytinga. Hún var stofnuð kringum norrænt verkefni um velferðarrannsóknir sem þátttakandi í norrænu öndvegissetri í velferðarrannsóknum sem fékk styrk til fimm ára. Þátttakendur voru m.a. fræðimenn á Félagsvísindasviði undir forystu forstöðumanns stofnunarinnar. Síðar voru rannsóknaverkefni um tekjuskiptingu og lífskjör unnin í nafni stofnunarinnar. Afraksturinn hefur verið birtur í greinum, skýrslum og bókum á undanförunum árum.

Stofnunin hefur ekki stjórn og er hún fyrst og fremst tengd starfi og rannsóknum eins tiltekins fræðimanns og kennara í félagsfræði og samstarfsmanna hans og er hann jafnframt forstöðumaður. Samstarfsaðilar eru EDDA – öndvegissetur og rannsóknastofnanir og háskólar á Norðurlöndum og Englandi.

Mikil starfsemi fór fram á árabílinu 2007-2012 en fjármagn hefur ekki fengist til frekari verkefna. Fastur starfsmaður lét af störfum haustið 2012 og frá því hafa starfsmenn verið ráðnir í hlutastörf í afmörkuð verkefni til skamms tíma í senn en lítil starfsemi hefur verið frá hausti 2013.

Tekjur stofnunarinnar hafa einkum verið rannsóknastyrkir en einnig framlög frá innlendum og erlendum opinberum aðilum og einkaaðilum. Á árabílinu 2009-2013 voru árlegar tekjur stofnunarinnar mjög mismunandi, lægst 900 þúsund og hæst um 20,4 milljónir króna og á árinu 2013 voru tekjur stofnunarinnar 6,4 milljónir króna.

1.2.8 Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu, stofnað 2007 ^{67, 68, 69}

Rannsóknasetur um fólksflutninga og fjölmenningu er rannsóknasetur sem tveir fræðimenn standa að í samvinnu við doktorsnema. Rannsóknir þess varða málefni tengd fjölmenningu, innflytjendum og farandverkfólki og tengd málefni, svo sem þjóðerni, kynþáttahyggja, samlögun og samþætting, sem eru skoðuð í alþjóðlegu og staðbundnu samhengi og með þverfaglegri nálgun. Rannsóknirnar eru fjármagnaðar með innlendum og erlendum styrkjum. Setrið hefur staðið fyrir fyrirlesturum í samstarfi við aðra aðila.

Fagsvið setursins fellur nú að nokkru leyti undir svið MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna, sem stofnuð var 2011 og starfar þvert á allar deildir Félagsvísindasviðs.

Engin velta hefur verið innan stofnunarinnar skv. fjárhagsyfirliti og styrkir vegna rannsókna eru færðir í bókhaldi námsbrautar í mannræði.

1.2.9 Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði, stofnuð 2008 ^{70, 71}

Rannsóknamiðstöð í þjóðfræði er samstarfsvettvangur kennara í þjóðfræði. Rannsóknasvið hennar eru hversdagsmenning, lífshættir og lífssýn á okkar dögum og áður fyrir með meginstöð á eftirfarandi sviðum: munnmælum, efnismenningu, trúarlífi og menningararfi.

Markmið rannsóknamiðstöðvarinnar er að stunda rannsóknir og vera vettvangur umræðu í þjóðfræði. Á heimasíðu stofnunarinnar fer fram upplýsingamiðlun um þjóðfræði sem fræðigreinin, um rannsóknir fræðimanna innan greinarinnar og útgáfu. Rannsókn- og þjónustuverkefni hafa ekki verið unnin á vegum miðstöðvarinnar en hún er umgjörð um viðburði, málþing og fyrirlestra í þjóðfræði. Rannsóknamiðstöðinni er ekki formlega skipuð stjórn en kennarar í þjóðfræði stýra starfi hennar.

Lítill virkni hefur verið undanfarin misseri og engin fjárhagsleg velta skv. fjárhagsyfirliti.

⁶⁵ Heimasíða Þjóðmálastofnunar.

⁶⁶ Samtal við Stefán Ólafsson, prófessor og forstöðumann Þjóðmálastofnunar, 7.8.2014.

⁶⁷ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

⁶⁸ Heimasíða Rannsóknaseturs um fólksflutninga og fjölmenningu.

⁶⁹ Samtal við Kristínu Loftsdóttur, prófessor og stjórnarmann í Rannsóknasetri um fólksflutninga og fjölmenningu, 11.8.2014.

⁷⁰ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar í þjóðfræði.

⁷¹ Samtal við Aðalheiði Guðmundsdóttur, dósent í þjóðfræði, 8.8.2014.

1.2.10 Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, stofnað 2009 ^{72, 73}

Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf er rannsókn- og þróunarsetur sem hefur það hlutverk að auka og efla rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. Setrið myndar umgjörð um margvísleg rannsókn- og þróunarverkefni á þessu sviði sem eru á vegum kennara innan fagsviðsins. Einkum eru þetta rannsóknaverkefni sem hafa fengið styrki úr innlendum og erlendum sjóðum og þróunar- og þjónustuverkefni fyrir opinbera aðila en þessum verkefnum er að ljúka.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fjórum mönnum: umsjónarkennara í náms- og starfsráðgjöf í Félags- og mannfræðideild, sem jafnframt er formaður, fulltrúa frá náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, fulltrúa frá Félagi náms- og starfsráðgjafa og forstöðumanni Félagsvísindastofnunar.

Þegar starfsemin var sem mest á árinu 2012 störfuðu verkefnastjórar í 1,3 stöðugildum á setrinu en það hlutfall fór niður í eitt stöðugildi á árinu 2013 og til mars 2014. Síðan þá hefur lítil starfsemi farið fram innan setursins þar sem verkefnið sem það hafði umsjón með í samstarfi við aðra aðila var lagt niður.

Tekjur setursins á árunum 2010-2012 voru alls rúmar 43,5 milljónir króna (2010: 21,5 m.kr.; 2011: 5,1 m.kr.; 2012: 16,9 m.kr.) og voru þær um 10 milljónir króna á árinu 2013.⁷⁴

1.2.11 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti, stofnað 2010 ⁷⁵

Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er fyrst og fremst rannsóknasetur tengt starfi og rannsóknnum eins fræðimanns og kennara á sviði fjölmiðlafræði og samstarfsmanna hans. Verkefni eru tímabundin og m.a. unnin skv. samningum við opinbera aðila. Jafnframt hefur setrið staðið að skipulagningu á alþjóðlegri ráðstefnu á sínu sviði. Stofnunin hefur ekki stjórn.

Starfsemin hefur verið í lágmarki undanfarin misseri og hafði hún engar bókfærðar tekjur á árinu 2013.

1.2.12 Rannsóknasetur í safnafræðum, stofnað 2010 ^{76, 77}

Rannsóknasetur í safnafræðum er rannsókn- og þjónustusetur sem rekið er á vegum námsbrautar í safnafræðum og samstarfsaðila á vettvangi. Hún er samstarfsvettvangur þeirra sem standa að rannsóknnum í safnafræðum.

Rannsóknasetrið hefur sótt um og fengið rannsókn- og verkefnastyrki, iðulega eitt eða í samstarfi við aðra aðila, innlenda og erlenda.

Setrið veitir söfnum, setrum, ferðapjónustuaðilum, stofnunum og ráðuneytum, félögum og félagasamtökum, sveitarstjórnnum og einstaklingum innan greinarinnar þjónustu með ráðgjöf, greinargerðum, úttektum og rannsóknnum m.a. við sýningar. Setrið stendur fyrir málþingum, fyrirlesturum, námskeiðum og vinnustofum, m.a. sérskipulögðum námskeiðum og vinnustofum (masterclass) og sumaráskóla fyrir kennara, leiðsögumenn, safnafólk og fleiri. Setrið veitir nemum í rannsóknámi aðstöðu, búnað og þjálfun innan greinarinnar.

Stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum er skipuð sjö manns, tveir eru fulltrúar námsbrautar í safnafræðum og er annar þeirra formaður stjórnar. Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS), safnaráð, Félag íslenskra safnafræðinga og námsbraut í safnafræðum við University College í London tilnefna hver sinn fulltrúa, auk þess sem forstöðumaður Félagsvísindastofnunar á sæti í stjórn. Þriggja manna framkvæmdanefnd hefur umsjón með daglegum rekstri í umboði stjórnar. Í henni er formaður stjórnar setursins, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar og einn tilnefndur úr stjórn. Formaður stjórnar er jafnframt forstöðumaður setursins. Aðild að aðalfundum setursins eiga, auk stjórnar, allir samningsbundnir samstarfsaðilar, fjárstyrktaraðilar, kennarar í safnafræði og aðrir velunnarar setursins.

⁷² Heimasíða Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf.

⁷³ Samtal við Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur, prófessor og formann stjórnar Sérfræðiseturs í ævilangri náms- og starfsráðgjöf, 29.8.2014.

⁷⁴ Skv. upplýsingum frá Félagsvísindastofnun, netpóstur 1.9.2014 frá Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur, forstöðumanni Félagsvísindastofnunar.

⁷⁵ Samtal við Þorbjörn Broddason, prófessor 7.8.2014.

⁷⁶ Heimasíða Rannsóknaseturs í safnafræðum.

⁷⁷ Samtal við Sigurjón B. Hafsteinsson, dósent í safnafræði, formann stjórnar og framkvæmdastjóra Rannsóknaseturs í safnafræðum, 8.8.2014.

Samanlagðar tekjur setursins 2011-2013 voru um 1,4 milljónir króna og tæpar 300 þúsund krónur voru bókfærðar á árinu 2013.

1.2.13 Fræðasetur þriðja geirans, stofnað 2010^{78, 79}

Fræðasetur þriðja geirans er rannsóknasetur um málefni þriðja geirans og almennra félaga sem starfa án hagnaðarvonar og einnig umræðu- og samstarfsvettvangur fræðimanna á þessu sviði, frjálsra félagasamtaka, ríkis og sveitarfélaga. Setrið stendur fyrir rannsóknaverkefnum, auk opinna málþinga þegar tilefni gefast.

Skv. reglum setursins er því stýrt af fjögurra manna framkvæmdaráði og í því eru: einn kennari frá Félagsráðgjafardeild, einn frá Stjórn málafræðideild og tveir frá Félags- og mannvísindadeild, sem allir sinna rannsóknum á þessu sviði. Framkvæmdaráðið ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart Félagsvísindastofnun. Ráðgjafahópur starfar með framkvæmdaráði og eru ráðgjafarnir í honum tilnefndir af Almannaheillum – samtökum um þriðja geirann, velferðarráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Lítil starfsemi hefur verið innan setursins sl. misseri. Á árunum 2010-2011 var forstöðumaður ráðinn til starfa hjá setrinu í nokkra mánuði og sá hann m.a. um gagnaöflun fyrir rannsóknir á fræðasviði setursins. Laun hans voru greidd af rannsóknareikningum fræðimanna sem tengjast fræðasetrinu. Stofnunin hafði engar tekjur á árinu 2013.

1.2.14 Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi, stofnað 2011^{80, 81}

Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi er samstarfsvettvangur meistaranáms í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands og hóps starfandi rannsóknablaðamanna. Miðstöðin á auk þess í nánu samstarfi við Blaðamannafélag Íslands. Tilgangur miðstöðvarinnar er fyrst og fremst að efla rannsóknablaðamennsku hér á landi með fyrirlestrum, námskeiðahaldi, útgáfu, nemendasamstarfi og upplýsingamiðlun á netinu og hefur m.a. staðið fyrir ráðstefnum og fundum þar sem þekktir rannsóknablaðamenn víðs vegar að úr heiminum hafa miðlað af þekkingu sinni og reynslu.

Fimm manna stjórn stýrir miðstöðinni og er einn þeirra fulltrúi Félagsvísindastofnunar og Háskóla Íslands en hinir fjórir fulltrúar samstarfsaðila. Forstöðumaður hefur starfað tímabundið og er hann með aðstöðu hjá Félagsvísindastofnun.

Tekjur stofnunarinnar eru styrkir og framlög frá opinberum aðilum og erlendum sjóðum. Samanlagðar tekjur miðstöðvarinnar árin 2012-2013 voru rúmar sex milljónir króna, þar af um 2,2 milljónir króna á árinu 2013.

1.2.15 MARK – Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna, stofnuð 2011^{82, 83}

Að MARK-Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna standa kennarar og fræðimenn á Félagsvísindasviði sem stunda rannsóknir á sviði mannréttinda og mismununar og jafnréttis-, kynja- og margbreytileikafræða í víðum skilningi. Í stjórn miðstöðvarinnar sitja fimm kennarar frá jafnmörgum deildum Félagsvísindasviðs og undirstrikar það þverfaglega sýn miðstöðvarinnar. Ráðgjafaráð miðstöðvarinnar er skipað fimm manns, sem eru fulltrúar Mannréttindaskrifstofu Íslands, Reykjavíkurborgar, Jafnréttisstofu og Rauða kross Íslands, auk sérfræðings á fagsviði miðstöðvarinnar. Ráðgjafaráð er stjórn til ráðgjafar og stuðnings við starfsemi hennar.

MARK-Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna er fyrst og fremst samstarfsvettvangur fræðimanna og fagaðila á starfssviði miðstöðvarinnar, bæði innanlands og erlendis. Auk þess að efla og treysta rannsóknir á sínum fræðavettvangi, stendur miðstöðin fyrir fræðslu og upplýsingamiðlun með fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum og leggur jafnframt áherslu á almenningsfræðslu. Nokkur innlend og erlend rannsóknaverkefni hafa verið unnin undir hatti miðstöðvarinnar og hefur hún tekið þátt í innlendum og alþjóðlegum umsóknum um rannsóknastyrki.

⁷⁸ Heimasíða Fræðaseturs þriðja geirans.

⁷⁹ Samtal við Ómar H. Kristmundsson, prófessor og stjórnarmann í Fræðasetri þriðja geirans, 11.8.2014.

⁸⁰ Heimasíða Miðstöðvar rannsóknablaðamennsku á Íslandi.

⁸¹ Samtal við Valgerði Jóhannsdóttur, aðjunkt sem starfar hjá Miðstöð rannsóknablaðamennsku á Íslandi, 11.8.2014.

⁸² Heimasíða MARK – Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna.

⁸³ Samtal við Hallfríði Þórarinsdóttur, forstöðumann Miðstöðvar margbreytileika- og kynjarannsóknna, 18.8.2014.

Á miðju ári 2014 var forstöðumaður ráðinn til starfa í hálfstarf en Háskóla Íslands greiðir laun hans til þriggja ára. Fram að því var starfi miðstöðvarinnar haldið uppi af stjórn. Þá hefur miðstöðin samið við Reykjavíkurborg um tiltekið verkefni með fastri einnar milljónar króna greiðslu á ári.

1.2.16 Sundstofan - Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag, stofnuð 2014⁸⁴

Sundstofan - Rannsóknamiðstöð um sundlaugar og samfélag er nýstofnaður þverfaglegur vettvangur fyrir rannsóknasamstarf þriggja háskólakennara og nemenda innan námsbrautar í þjóðfræði og safnafræði við Félags- og mannvísindadeild og Viðskiptafræðideildar. Markmiðið er að efna til rannsókna á félagslegri notkun heits vatns og líkamsmenningu í opinberum rýmum, m.a. í sundlaugum.

1.3 Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, stofnuð 2003⁸⁵

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er þjónustu- og rannsóknastofnun og heyrir undir Stjórn málafræðideild. Stofnunin á í samstarfi við ýmsa aðila innan íslenskrar stjórnsýslu, Háskóla Íslands og annarra háskóla, stjórn málavettvanginn, félagasamtök og fleiri aðila um rannsóknir, þróunar- og umbótaverkefni, námskeið, málþing, ráðstefnur og opna fyrirlestra og fundi um málefni sem varða stjórnsýslu og stjórn mála. Stofnunin tekur þátt í innlendum og erlendum rannsóknaverkefnum og tekur að sér þjónustuverkefni, m.a. á sviði nýsköpunar í opinberum rekstri. Stofnunin gefur út vef tímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla, sem kemur út tvisvar á ári í opnum aðgangi en prentuð útgáfa ritryndra greina úr ritinu kemur út einu sinni á ári. Sótt hefur verið um skráningu á tímaritinu í viðurkennda erlenda gagnagrunna, s.s. Thomson Reuters (ISI). Stofnun er jafnframt samstarfs- og umræðuvettvangur kennara og doktorsnema í stjórn málafræði um rannsóknir sínar.

Forseti Félagsvísindasviðs skipar sex manna stjórn stofnunarinnar: þrjá skv. tilnefningu deildarfundar Stjórn málafræðideildar, einn skv. tilnefningu rektors Háskóla Íslands og tvo án tilnefningar úr hópi samstarfsaðila stofnunarinnar.

Starfsmenn stofnunarinnar eru tveir í samanlagt 1,5 stöðugildi, auk þess sem starfsmenn eru eftir atvikum ráðnir til tímabundinna verkefna. Stofnunin er með þjónustusamninga við tvo opinbera aðila sem gefa á árinu 2014 tekjur upp á um 4,5 milljónir króna. Aðrar tekjur stofnunarinnar eru af námskeiðum, fundum og ráðstefnum sem stofnunin stendur fyrir, innlendum og erlendum rannsóknastyrkjum, auk áskrifta og styrkja vegna útgáfu tímaritsins. Tekjur stofnunarinnar 2013 voru um 22 milljónir króna. Stjórn málafræðideild greiðir leigu vegna skrifstofuaðstöðu stofnunarinnar.

1.4 Lagastofnun, stofnuð 1974^{86, 87}

Lagastofnun var stofnuð 1974 og heyrir undir Lagadeild. Starfsemi hennar var takmörkuð í kringum síðustu aldamót en var endurreist á árinu 2003 þegar Lagadeild ákvað að veita stofnuninni árlegt framlag svo að hægt yrði að ráða forstöðumann til starfa. Þrjár stofur starfa innan vébanda Lagastofnunar samkvæmt 4. gr. reglna nr. 547/2010 um Lagastofnun Háskóla Íslands, Rannsóknastofa í Evrópurétti og Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti og Rannsóknastofa í refsirétti. Nýverið samþykkti stjórn Lagastofnunar að setja á fót nýja rannsóknastofu, Rannsóknastofu í refsirétti. Forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands skv. sérstökum samningi.

Lagastofnun er þjónustu- og rannsóknastofnun. Hún hefur sett sér þá stefnu að styðja við rannsóknir kennara Lagadeildar og auka sókn þeirra í samkeppnissjóði. Í því skyni aðstoðar stofnunin kennara við gerð umsókna í samkeppnissjóði og styður þá fjárhagslega skv. ákveðnum verklagsreglum. Þá stendur hún fyrir rannsóknadegi Lagastofnunar. Stofnunin sinnir lögfræðilegum þjónustuverkefnum á borð við álitagerðir, skýrslur og samningu lagafrumvarpa og stendur fyrir endurmenntunarnámskeiðum fyrir lögfræðinga og aðra sérfræðinga, ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum, oft í samstarfi við aðila utan sem innan Háskóla Íslands, innlenda og erlenda.

Stofnunin hefur samið við fyrirtæki og stofnanir um að styrkja einstök rannsóknaverkefni og rannsóknastöður. Störfuðu sérfræðingar í fullu starfi við Lagastofnun að rannsóknum á sviði

⁸⁴ Vefur Sundstofu.

⁸⁵ Heimasíða Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

⁸⁶ Heimasíða Lagastofnunar.

⁸⁷ Viðtal við Maríu Thejll, forstöðumann Lagastofnunar, 12.5.2014.

auðlindaréttar frá 2005-2012 þar sem íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið og skipan raforkumála voru rannsökuð. Frá ársbyrjun 2014 hefur starfað sérfræðingur í styrktri tveggja ára rannsóknastöðu á sviði fjármálaréttar hjá stofnuninni.

Lagastofnun sér um útgáfu fræðiritra og gefur út Ritröð Lagastofnunar. Hún hefur, í samvinnu við lögmannsstofur og stofnanir, gefið laganemum og nýútskrifuðum lögfræðingum tækifæri til að vinna rannsóknaverkefni undir handleiðslu kennara deildarinnar.

Forseti Félagsvísindasviðs skipar stofnuninni fimm manna stjórn, sem samanstendur af fjórum kennurum skv. tilnefningu deildarfundar Lagadeildar og einum fulltrúa nemenda, tilnefndum af Orator, félagi laganema. Starfsmenn stofnunarinnar í maí 2014 eru tveir, forstöðumaður og sérfræðingur, báðir í fullu starfi.

Tekjur stofnunarinnar eru styrkir til einstakra rannsóknaverkefna, sértekjur af þjónustuverkefnum, endurmenntunarnámskeiðum og útgáfustarfsemi. Lagadeild greiðir árlegt framlag til stofnunarinnar sem árið 2014 var að upphæð 4,5 milljónir króna og leggur henni og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands til sameiginlegt húsnæði.

Tekjur Lagastofnunar árið 2013 námu 25,7 milljónum króna.

Sem fyrr segir starfa þrjár stofur innan vébanda Lagastofnunar: Rannsóknastofa í Evrópurétti og Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti og Rannsóknastofa í refsirétti og er hver um sig sjálfstæð eining. Stofurnar eru tengdar rannsóknum fræðimanna á tilteknum sviðum lögfræði sem endurspeglar m.a. sérstakar áherslur Lagadeildar í umhverfis- og auðlindarétti.⁸⁸ Stjórnir þeirra eru skipaðar 3 mönnum, tveir eru fræðimenn deildarinnar en einn er aðili utan Háskóla Ísland. Lagastofnun ber ekki kostnað vegna starfsemi þeirra og eru þær fjármagnaðar með rannsóknastyrkjum aðstandenda þeirra. Stofurnar voru m.a. settar á laggirnar til að auka sýnileika viðkomandi fræðigreina og tengja þær við samfélagið. Áform eru um stofnun fleiri rannsóknastofa með svipuðu sniði.

1.4.1 Rannsóknastofa í Evrópurétti, stofnuð 2009⁸⁹

Rannsóknastofa í Evrópurétti stendur fyrir vísindalegum rannsóknum, fræðilegri umfjöllun, útgáfu og umræðu um Evrópurétt og rétt er tengist Evrópska efnahagssvæðinu og er stofan samstarfsvettvangur fræðimanna á þessu sviði innan Lagadeildar. Jafnframt stuðlar stofan að samvinnu við fræðimenn og stofnanir utanlands og innan og styður við grunnnám og framhaldsnám á fræðasviði stofunnar.

1.4.2 Rannsóknastofa í umhverfis- og auðlindarétti, stofnuð 2009⁹⁰

Hlutverk Rannsóknastofu í umhverfis- og auðlindaréttir er að stunda fræðilegar rannsóknir á sviði innlands og alþjóðlegs umhverfis- og auðlindaréttar, þ.m.t. á rétti Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, efla samvinnu innanlands og utan, styðja meistara- og doktorsnema til að taka þátt í rannsóknum á fræðasviðinu, svo og að kynna og birta niðurstöður rannsókna á sviðinu.

1.4.3 Rannsóknastofa í refsirétti, stofnuð 2014⁹¹

Rannsóknastofa í refsirétti er nýstofnuð og er henni ætlað að vera umgjörð og vettvangur fyrir rannsóknir sem nú eru stundaðar í refsirétti, auk nýrri rannsókna, eftir atvikum í tengslum við afbrotfræði og refsipólitík.

1.5 Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1994⁹²

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands er sjálfseignarstofnun, stofnuð 1994 af Háskóla Íslands, Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands, og lagði Háskóla Íslands stofnuninni til stofnframlag að ¾ hlutum og Lögmannafélag Íslands að ¼ hluta. Stofnunin er með sjálfstæðan fjárhag.

Megintilgangur stofnunarinnar er að vinna að rannsóknum á lögfræðilegum þáttum mannréttinda, annast dreifingu á niðurstöðum þeirra og styðja við kennslu á þessu sviði.

⁸⁸ Stefna Lagastofnunar 2012–2016.

⁸⁹ Heimasíða Rannsóknastofu í Evrópurétti.

⁹⁰ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

⁹¹ Netsamskipti við Maríu Thejll 17.10.2014.

⁹² Heimasíða Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands.

Stofnunin tekur að sér rannsókn- og þjónustuverkefni, heldur fræðslufundi, ráðstefnur og námskeið um mannréttindamál, styrkir stúdenta til framhaldsnáms í mannréttindum, gefur út fræðirit um mannréttindi og dómareifanir Mannréttindadómstóls Evrópu.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð fjórum mönnum og tveimur til vara. Háskólaráð kýs tvo stjórnarmenn og einn til vara en stjórn Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands einn mann hvort félag og einn til vara.

Forstöðumaður Lagastofnunar er jafnframt forstöðumaður Mannréttindastofnunar í hlutastarfi samkvæmt samningi.

Tekjur stofnunarinnar eru styrkir til einstakra rannsóknaverkefna og til útgáfu dómareifana, sértekjur af námskeiðum og útgáfustarfsemi, auk vaxtatekna. Lagadeild leggur stofnuninni til sameiginlegt húsnæði sem hún deilir með Lagastofnun.

Tekjur stofnunarinnar árið 2013 námu um 1,7 milljónum króna.

1.6 Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni, stofnuð 2009 ^{93, 94}

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni er vísindaleg rannsóknastofnun og heyrir undir Lagadeild. Hlutverk stofnunarinnar er einkum að efla lögræðirannsóknir á sviði fjölskyldumála og að skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir og samstarf aðila á sviði lögfræði og annarra fræðasviða. Stofnunin sinnir lögfræðilegum þjónustuverkefnum, gefur út bækur og annað fræðilegt efni, gefur nemendum tækifæri að vinna vísindalegar rannsóknir undir leiðsögn og gengst fyrir faglegum námskeiðum, fyrirlestrum og ráðstefnum á fagsviði sínu.

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn að fengnum tilnefningum frá Lagadeild, Félagsráðgjafardeild, Hugvísindasviði, Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði. Formaður stjórnar er fulltrúi Lagadeildar.

Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni hefur m.a. veitt styrki til meistaranema til að vinna þverfræðilegar rannsóknir á fræðasviði stofnunarinnar. Þá hefur stofnunin einnig tekið að sér ýmis þjónustuverkefni, s.s. gerð lagafrumvarpa, skýrslur og fræðslurit fyrir ráðuneyti og opinberar stofnanir.

Þegar Rannsóknastofnun Ármanns Snævarr var stofnuð árið 2009 var henni tryggt rekstrarfé úr þróunarsjóði rektors til þriggja ára. Að þeim tíma loknum var undirritaður samningur á milli Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni og Lagadeildar Háskóla Íslands um að greiða laun forstöðumanns, sem er í 50% starfi, til 1. júlí 2015. Jafnframt leggur deildin stofnuninni til starfsaðstöðu, svo sem húsnæði, tölvubúnað, síma, rekstur þessa og annan hefðbundinn skrifstofubúnað. Að þeim tíma liðnu skal stofnunin vera sjálfbær að öllu leyti.

Tekjur stofnunarinnar á árinu 2013 voru 3,3 milljónir króna. Laun forstöðumanns eru þar fyrir utan.

1.7 Viðskiptafræðistofnun, stofnuð 1993 ^{95, 96, 97, 98}

Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands er starfrækt í umboði Viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands. Sex rannsóknamiðstöðvar starfa innan vébanda Viðskiptafræðistofnunar.

Megináhersla í starfi stofnunarinnar er skipulagning og umsjón náms í viðskiptafræðum með vinnu: grunnnáms í viðskiptafræði (viðskiptafræði með vinnu) og framhaldsnáms til MBA-gráðu, auk námskeiða og náms á styttri námsbrautum samhliða starfi. Stofnunin stendur fyrir opnum rannsóknamálstofum í viðskiptafræði og vorráðstefnu Viðskiptafræðideildar um rannsóknir í viðskiptafræði. Stofnunin stendur ekki að reglulegri útgáfu.

Stofnunin hefur sett sér þá stefnu að taka ekki að sér rannsókn- eða þjónustuverkefni, né sækja í rannsóknasjóði heldur miðla beiðnum um slíkt til annarra rannsókna- og þjónustustofnana innan

⁹³ Heimasíða Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni.

⁹⁴ Ársskýrsla Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr um fjölskyldumálefni 2012.

⁹⁵ Heimasíða Viðskiptafræðistofnunar.

⁹⁶ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

⁹⁷ Viðtal við Magnús Pálsson, forstöðumann Viðskiptafræðistofnunar, 13.5.2014.

⁹⁸ Svipmyndir úr sögunni: <http://aldarafmaeli.hi.is/aratugur/1971-1980>.

Háskóla Íslands, s.s. Félagsvísindastofnunar og Hagfræðistofnunar, rannsóknamiðstöðva sem starfa innan vébanda stofnunarinnar eða einstakra fræðimanna sem stofnunin á í samstarfi við.

Stjórn Viðskiptafræðistofnunar er skipuð fimm mönnum, fræðimönnum og kennurum í Viðskiptafræðideild, skv. tilnefningu deildarfundar. Starfsmenn stofnunarinnar eru þrír talsins.

Tekjur stofnunarinnar eru fyrst og fremst námsgjöld og námskeiðsgjöld og er árleg velta stofnunarinnar frá 2010 eftirfarandi:

Tafla 9. Tekjur Viðskiptafræðistofnunar 2010-2013

Ár	Tekjur í m.kr.
2010	85
2011	99
2012	93
2013	103

Viðskiptafræðistofnun greiðir Viðskiptafræðideild ákveðið gjald skv. þjónustusamningi sem er endurskoðaður árlega, síðast í desember 2013. Innifalið í gjaldinu er heimild að tengja námið Viðskiptafræðideild, t.d. í kynningarefni, aðstaða fyrir þá kennara sem eru fastir kennarar við Viðskiptafræðideild, aðgengi að skrifstofugögnum og ljósritun og í tilfallandi tilvikum aðgengi að starfsfólki í stjórnslu Viðskiptafræðideildar, t.d. varðandi aðstoð við kynningarmál.

Fyrir skólaárið 2013-2014 greiddi Viðskiptafræðistofnun til Viðskiptafræðideildar vegna MBA-náms 6,9 milljónir króna og vegna náms í viðskiptafræði með vinnu 2,7 milljónir króna, alls 9,6 milljónir króna.

Innan Viðskiptafræðistofnunar starfa sex rannsóknamiðstöðvar: Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti, Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði, Rannsóknamiðstöð skapandi greina, Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni, Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti og Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís.⁹⁹ Þessar miðstöðvar hafa allar verið settar á laggirnar á síðustu árum.

Rannsóknamiðstöðvarnar eru framtak einstakra kennara og eru vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs og samstarfs við aðila utan og innan Háskóla Íslands, m.a. erlenda aðila í því skyni að þær miðli þekkingu, hver á sínu sviði, til fræðaheimsins og til almennings. Stjórnir eru skipaðar sérfræðingum utan og innan Háskóla Íslands sem taka sæti í stjórn að ósk kennara í viðkomandi greinum.

Miðstöðvarnar eru fjármagnaðar með rannsóknastyrkjum og þjónustuverkefnum sem aðstandendur þeirra hafa aflað. Styrkirnir gera þeim kleift að ráða starfsmenn eða fræðimenn til tímabundinna verkefna. Í einhverjum tilvikum taka þær að sér verkefni sem Viðskiptafræðistofnun vann áður en vegna breyttra áherslna vísar nú til annarra aðila.

1.7.1 Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti, stofnuð 2006 ^{100, 101}

Rannsóknamiðstöð um alþjóðaviðskipti er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði alþjóðaviðskipta. Starfsemi miðstöðvarinnar hefur verið lítil síðustu misserin. Samkvæmt reglum miðstöðvarinnar er stjórn hennar skipuð sex manns, þremur frá Háskóla Íslands og þremur utan hans. Stjórnin hefur verið óvirk um nokkurt skeið.

1.7.2 Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni, stofnuð 2008 ^{102, 103}

Rannsóknamiðstöð um stefnu og samkeppnishæfni er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs á sviði stefnumiðaðrar stjórnunar og samkeppnishæfni í víðum skilningi. Innan hennar eru stundaðar rannsóknir í tengslum við atvinnu- og þjóðlíf, m.a. í samstarfi við bæði innlenda og erlenda fræðimenn

⁹⁹ Heimasíða Viðskiptafræðistofnunar

¹⁰⁰ Tölvusamskipti við Snjólf Ólafsson, prófessor og forsvarsmann Rannsóknamiðstöðvar um alþjóðaviðskipti, 30.09.2014.

¹⁰¹ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar um alþjóðaviðskipti.

¹⁰² Tölvusamskipti við Runólf Smára Steinþórsson, prófessor og forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar um stefnu og samkeppnishæfni, 30.9.2014.

¹⁰³ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar um stefnu og samkeppnishæfni.

og eftir atvikum með þátttöku nemenda Viðskiptafræðideildar. Við hana eru einnig unnin þjónustu-
verkefni fyrir opinbera aðila, félagasamtök og fyrirtæki. Þá stendur miðstöðin fyrir opnum viðburðum,
kennslu og fræðslu til atvinnulífsins og samfélagsins alls í efnunum sem varða stefnu og samkeppnishæfni.
Miðstöðin á í samstarfi við Stofnun Michaels E. Porters við Harvard Business School en það samstarf
styður almennt við kennslu á sviði stefnumiðarar stjórnunar og sérstaklega við námskeiðið
Samkeppnishæfni innan Viðskiptafræðideildar. Stjórn miðstöðvarinnar er skipuð fimm manns, þremur
frá Háskóla Íslands og tveimur úr atvinnu- og þjóðlífinu. Miðstöðin hefur ráðið starfsmann til
tímabundinna verkefna.

1.7.3 Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti, stofnuð 2008 ^{104, 105}

Við Rannsóknamiðstöð um stjórnarhætti eru stundaðar rannsóknir og verkefni unnin á sviði stjórnarháttanna
í sterkum tengslum við atvinnu- og þjóðlíf. Miðstöðin stendur fyrir opinberri umræðu um stjórnarhætti og
á í samstarfi við innlenda og erlenda aðila á fræðasviðinu.

Íslensk ráðgjafastjórn miðstöðvarinnar er fjögurra manna; í henni eru tveir frá Háskóla Íslands og tveir
úr íslensku atvinnulífi og að auki starfa fjórir erlendir ráðgjafar með stjórninni. Miðstöðin heldur úti virkri
starfsemi.

1.7.4 Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði, stofnuð 2009 ^{106, 107}

Rannsóknamiðstöð um markaðs- og þjónustufræði er vettvangur fyrir fræðilegar og hagnýtar rannsóknir
á sviði markaðs- og þjónustufræða og miðlar niðurstöðum þessara rannsókna á viðeigandi vettvangi.
Jafnframt vinnur miðstöðin þjónusturannsóknir fyrir íslenskt atvinnulíf. Verið að að setja miðstöðinni
fimm manna stjórn sem skipuð verður þremur mönnum frá Háskóla Íslands og tveimur utan skólans.
Starfsemi miðstöðvarinnar er virk í þeim skilningi að aðstandendur hennar halda úti virkri
rannsóknastarfsemi.

1.7.5 Rannsóknamiðstöð skapandi greina, stofnuð 2010 ^{108, 109}

Rannsóknamiðstöð skapandi greina er vettvangur rannsókna innan viðskiptafræða á menningu og
sköpun. Markmið miðstöðvarinnar m.a. að rannsaka og efla skilning og þekkingu á menningu og sköpun
í hagrænum skilningi. Miðstöðin heldur úti virkri starfsemi og byggir starfsemi sína á samstarfi við
fræðimenn og fulltrúa skapandi greina sem endurspeglast í stjórn miðstöðvarinnar en hún er skipuð
einum fulltrúa frá Háskóla Íslands og fjórum frá aðilum utan hans, m.a. frá viðskiptalífinu,
menningargeiranum og Listaháskóla Íslands, alls fimm manns. Miðstöðin hefur ráðið starfsmann til
tímabundinna verkefna.

1.7.6 Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís, stofnuð 2013 ^{110, 111}

Rannsóknamiðstöð um viðskiptasiðfræði – Siðvís er vettvangur rannsókna og fræðslu á sviði
viðskiptasiðfræði. Leiðarljós miðstöðvarinnar er bætt siðferði í viðskiptum á Íslandi. Stjórn
miðstöðvarinnar er skipuð sex manns, þar af eru tveir frá Háskóla Íslands og fjórir úr atvinnulífinu.

Tekjur rannsóknamiðstöðvanna sem starfa undir Viðskiptafræðistofnun eru óverulegar, utan
Rannsóknamiðstöðvar skapandi greina, sem hefur haft um 1-3 milljónir króna í tekjur á ári.

1.8 Hagfræðistofnun, stofnuð 1989 ^{112, 113, 114}

Hagfræðistofnun starfar innan Hagfræðideildar og sinnir rannsóknum, þjónustuverkefnum og ráðgjöf á
sviði hagfræði, samhæfir rannsóknir í hagfræði og eflir tengsl rannsókna og kennslu; stofnunin styður

¹⁰⁴ Tölvusamskipti við Eypór Inga Jónsson, forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti, 30.9.2014.

¹⁰⁵ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar um stjórnarhætti.

¹⁰⁶ Tölvusamskipti við Þórhall Guðlaugsson, dósent og forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar um markaðs- og
þjónustufræði, 29.9.2014.

¹⁰⁷ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar um markaðs- og þjónustufræði.

¹⁰⁸ Tölvusamskipti við Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur, lektor og forsvarsmann Rannsóknamiðstöðvar skapandi greina,
30.9.2014.

¹⁰⁹ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar skapandi greina.

¹¹⁰ Samtal við Elmar Hallgrímsson, lektor og forstöðumann Rannsóknamiðstöðvar um viðskiptasiðferði – Siðvís, 30.9.2014.

¹¹¹ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar um viðskiptasiðferði – Siðvís

¹¹² Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹¹³ Heimasíða Hagfræðistofnunar

¹¹⁴ Viðtal við Gunnar Haraldsson, forstöðumann Hagfræðistofnunar, 9.5.2014.

við þjálfun nemenda í vísindalegum vinnubrögðum og stuðlar að tengslum fræðigreinarinnar við atvinnulíf og þjóðlíf og innlent og erlent vísindasamfélag. Jafnframt stendur stofnunin fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlestrum, auk þess sem starfsmenn hennar halda erindi og taka þátt í umræðu á opinberum vettvangi héraðs og erlendis á fræðasviði hennar.

Starfsemi stofnunarinnar er alfarið fjármögnuð af styrkjum úr innlendum og erlendum samkeppnis-sjóðum sem stofnunin hefur aflað og þjónustuverkefnum sem hún gerir samninga um við opinbera aðila, einkaaðila og hagsmunasamtök. Rannsóknir kennara deildarinnar eru yfirleitt í þeirra eigin höndum og eru þeir hver með eigin rannsóknareikning. Í örfáum tilvikum gera fræðimenn rannsóknir sínar í samstarfi við stofnunina eða leita aðstoðar hennar við framkvæmd þeirra.

Forstöðumaður er í fullu starfi. Að jafnaði eru einnig fimm til sjö lausráðnir starfsmenn við stofnunina, aðallega nemendur í hagfræði eða nýútskrifaðir hagfræðingar. Í maí 2013 störfuðu fimm manns hjá stofnuninni að meðtöldum forstöðumanni. Þá koma fastir kennarar deildarinnar að ýmsum verkefnum hennar. Skýrslur og ritgerðir í ritröð Hagfræðistofnunar eru í opnum aðgangi á heimasíðu stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar er fimm manna, skipuð af forseta Félagsvísindasviðs, þar af eru fjórir akademískir starfsmenn Hagfræðideildar, tilnefndir af deildarfundi, og einn er tilnefndur af nemendum í Hagfræðideild.

Rekstrartekjur stofnunarinnar 2011 voru 78 milljónir króna, 2012 voru þær 63 milljónir króna og 2013 voru þær 56 milljónir króna.

2. Heilbrigðisvísindasvið

Heilbrigðisvísindasvið samanstendur af sex deildum: Hjúkrunarfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild, Matvæla- og næringarfræðideild, Sálfræðideild og Tannlæknadeild.

Stefna Heilbrigðisvísindasviðs 2012-2016 var samþykkt á þingi Heilbrigðisvísindasviðs 26. apríl 2012. Í kafla um rannsóknir og nýsköpun er m.a. bent á mikinn árangur rannsókna í líf- og heilbrigðisvísindum sem stundaðar eru innan sviðsins og þar er lögð áhersla á áframhaldandi eflingu þeirra. Þar segir m.a. eftirfarandi:

...Háskóli Íslands hefur náð miklum árangri á sviði rannsókna á undanförunum árum. Þar bera rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum hátt. Þessi árangur er ekki sjálfsgæður og til að tryggja áframhaldandi sókn leggur sviðið áherslu á frjótt rannsóknahverfi, stuðning við rannsóknir, árangur í rannsóknum og hagnýtingu þekkingar, nýsköpun, öflugt rannsóknatengt meistara- og doktorsnám og alþjóðlegt samstarf. Sviðið mun renna stoðum undir stefnu sína með markvissri sókn í erlenda og innlenda samkeppnissjóði. Innviðir doktorsnámsins verða styrktir í samræmi við alþjóðlega viðurkennda mælikvarða og gæðaviðmið. Áhersla verður lögð á að vekja athygli á rannsóknum.

Í markmiðum um rannsóknahverfi, sem er hluti af stefnu sviðsins, kemur m.a. fram að unnið verði markvisst að því að afla aukins fjár til rannsókna hjá stjórnvöldum og með aukinni sókn í innlenda og erlenda samkeppnissjóði; nýir starfsmenn fái stuðning við rannsóknir og möguleikar nýdoktora til að afla rannsóknastyrkja verði styrktir; rannsóknasamstarf við stofnanir utan Háskóla Íslands sem tengjast heilbrigðisvísindum verði eflt og jafnræði milli sviða og deilda Háskóla Íslands verði tryggt varðandi mótframlög styrkja í skiptingu fjárveitinga innan skólans.

Í markmiðum um rannsóknastofnanir/-stofur segir m.a. að þær verði eflar og skipulag þeirra verði gert skýrara, m.a. varðandi tengingu við stofnanir/fyrirtæki utan sviðsins þar sem það á við, og innviðir rannsóknastarfsemi við sviðið verði eflir. Þá er lögð áhersla á aukinn sýnileika rannsókna og rannsóknaniðurstaða hjá Heilbrigðisvísindasviði.

Sterk tengsl eru milli Háskóla Íslands og Landspítala – háskólaskólasjúkrahúss (LSH) vegna kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Þessi tengsl voru m.a. staðfest í samstarfssamningi sem fyrst var undirritaður í maí 2001 en hefur tvisvar verið endurnýjaður: á árinu 2006 og árinu 2012. Samstarfssamningurinn felur í sér ákvæði um kennslu, leiðsögn og þjálfun nemenda í grunn- og

framhaldsnámi í heilbrigðisvísindagreinum og eflingu framhaldsmenntunar í þeim greinum, sameiginlega starfsmenn, aðstöðu og fjármál, m.a. þar sem báðar stofnanir standa fyrir klínískum rannsóknum og grunnrannsóknum í heilbrigðisvísindagreinum. Þannig eru rannsóknastofnanir og rannsóknastofur Háskóla Íslands á heilbrigðisvísindasviði iðulega samtengdar Landspítala eða í nánu samstarfi við hann. Þá geta stöður innan þessara tveggja stofnana verið tengdar, t.d. getur sami einstaklingur gegnt bæði starfi forsvarsmanns fræðigreinar á Heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands og starfi yfirmanns í stjórnunarstöðu við Landspítala og akademískur starfsmaður við Háskóla Íslands getur gegnt „tengdri stöðu“ við Landspítala.^{115, 116}

Þá hafa Háskóli Íslands og Matvæla- og næringarfræðideild gert samstarfssamninga við Matís ohf. um sameiginleg þróunarverkefni og rannsóknir á sviði matvælafræði, m.a. með það að markmiði að auka rannsóknir á sviði matvælafræði, matvælaferkfræði, líftækni og matvælaöryggis og nýsköpunar á þessum fræðasviðum. Hafa þessir aðilar m.a. staðið saman að kaupum og rekstri sameiginlegra tækja og búnaðar til rannsókna í matvælafræði. Samningurinn tekur einnig til kennslu og þjálfunar framhaldsnemenda í Matvæla- og næringarfræðideild og sameiginlegra akademískra starfsmanna.¹¹⁷

Rannsóknastjóri var ráðinn að Heilbrigðisvísindasviði haustið 2013. Hlutverk hans er að afla og miðla upplýsingum um rannsóknastyrki og veita starfsfólki leiðbeiningar og aðstoð við styrkjasókn. Starfið hefur þróast þannig að það er einnig í hans höndum að annast daglega umsýslu með doktorsnámi. Starf rannsóknastjóra felur m.a. í sér aðstoð við að skrifa umsóknir, við útreikninga á kostnaði við verkefni og við uppgjör, samningagerð um rannsókn-, vísinda-, og verkefnastyrki, skil á skýrslum vegna styrkjasamninga og bókhald vegna þeirra. Þá annast rannsóknastjóri skipulagningu á ráðstefnum og þingum á vegum sviðsins um nýsköpun og vísindi, auk daglegrar umsýslu í tengslum við störf doktorsnámsnefndar og vísindanefndar sviðsins. Þjónusta rannsóknastjóra er fræðimönnum sviðsins að kostnaðarlausu. Áætlað var einnig að rannsóknastjóri sæi um skráningu og vistun umsókna, skrifaði skýrslur vegna styrkja, hefði umsjón með bókhaldi og fjárhagsrekstri í tengslum við styrki og safnaði tölfraðilegum upplýsingum um styrkjasókn, styrki og árangur starfsmanna í rannsóknum.

Fáeinir deildir Heilbrigðisvísindasviðs veita akademískum starfsmönnum sérstakan fjárhagslegan stuðning til að stunda rannsóknir. Sálfræðideild hefur ein deilda sviðsins sett upp slíkt kerfi og byggir það á hefð innan deilda Félagsvísindasviðs en Sálfræðideild færðist frá félagsvísindagreinum til heilbrigðisvísindagreina við skipulagsbreytingarnar á árinu 2008. Sálfræðideild úthlutar akademískum starfsmönnum sínum árlega rannsóknafé og ræðst upphæðin m.a. af rannsóknavirkni viðkomandi. Á árinu 2013 voru 6 milljónir króna til ráðstöfunar í þessu skyni. Hver akademískur starfsmaður fékk ákveðna grunnupphæð sem nam 300 þúsund krónum. Viðbótarúthlutun tók mið af meðaltali rannsóknastiga viðkomandi starfsmanns síðustu þrjú ár þar á undan þar sem hvert rannsóknastig gaf 4200 krónur. Þetta framlag er fært á rannsóknareikning viðkomandi starfsmanns, m.a. til að standa straum af rekstrarlegum þáttum rannsókna s.s. ritföngum, fræðibókum, félagsgjöldum, greiðslum til aðstoðarmanna o.fl.¹¹⁸ Tvær deildir til viðbótar hafa tekið nokkur skref í sömu átt. Þannig hefur Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði af og til greitt lágar fjárhæðir inn á rannsóknareikninga akademískra starfsmanna í Hjúkrunarfræðideild og fer upphæðin eftir fjárhag stofnunarinnar hverju sinni. Einnig greiddi Læknadeild um skeið kennurum deildarinnar sem voru með doktorsnema tiltekið efnisgjald til að standa straum af kostnaði vegna þeirra. Þessi upphæð nam 300 þúsund krónum en þetta fyrirkomulag var aflagt fyrir nokkru.¹¹⁹

Alls eru 22 rannsóknastofnanir og rannsóknastofur á Heilbrigðisvísindasviði. Af þeim eru 13 stofnanir sem heyra beint undir deildir og átta rannsóknastofur sem starfa innan rannsóknastofnana. Ein rannsóknastofnun heyrir beint undir fræðasviðið, en það er erfðafræðinefnd Háskóla Íslands.

¹¹⁵ Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss, 27. apríl 2006, bls. 8-9, í skjalasafni Háskóla Íslands.


¹¹⁶ Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Landspítala, 3. desember 2012, í skjalasafni Háskóla Íslands.

¹¹⁷ Samstarfssamningur Háskóla Íslands og Matís ohf., 10. júní 2013, í skjalasafni Háskóla Íslands.

¹¹⁸ Samtal við Ingiríði Þórisdóttur, deildarstjóra Sálfræðideildar, 21.11.2014.

¹¹⁹ Samtal við Vilborgu Loft, rekstrarstjóra Heilbrigðisvísindasviðs, 25.11.2014.

Mynd 4. Rannsóknastofnanir og -stofur Heilbrigðisvísindasviðs og tengsl við fræðasvið og deildir



Í töflu 10 er yfirlit yfir stofnár starfandi rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Heilbrigðisvísindasviði. Helmingur þeirra, eða ellefu, voru stofnaðar fyrir síðustu aldamót, þar af nokkrar á fyrri hluta síðustu aldar, og jafnmargar hafa verið stofnaðar frá árinu 2000.

Tafla 10. Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Heilbrigðisvísindasviði

Stofnár	Rannsóknastofnanir sem heyra undir svið eða deild	Rannsóknastofur
1938		Rannsóknastofa í líffærafræði
1939	Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	
1940	Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði	
1965	Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands	
1984		Rannsóknastofa í tannlæknisfræði
1989	Rannsóknastofa í matvælaefnafræði	
1995	Lífisfræðistofnun	
1997	Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði Rannsóknastofa í næringarfræði Tannlækningastofnun	Lífefna- og sameindalíffræðistofa
2003	Rannsóknastofa í hreyfivísindum	
2006		Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum
2007	Rannsóknastofnun um lyfjamál	Rannsóknastofa í stofnfrumfræðum
2010	Sálfræðistofnun	Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum
2011	Lífisindasetur Lyfjafræðisetur	
2012		Rannsóknastofa um atferlisgreiningu Rannsóknastofa um stuðningsmat og gæðamál Rannsóknastofa um peningaspil og spilafíkn

Í töflu 11 er lagt mat á virkni starfsemi rannsóknæininga Heilbrigðisvísindasviðs. Þar kemur fram að virk starfsemi fer fram innan sex af þrettán rannsóknastofnunum sem heyra undir deildir sviðsins. Einnig er virk starfsemi hjá helmingi rannsóknastofna sem starfa innan stofnana sviðsins. Nokkur starfsemi fer fram innan fjögurra rannsóknastofnana og lítil starfsemi hjá þremur til viðbótar. Nokkur starfsemi fer fram hjá einni rannsóknastofnu, lítil starfsemi hjá einni og þrjár rannsóknastofur eru nýstofnsettar.

Tafla 11. Virkni rannsóknastofnana og rannsóknastofna á Heilbrigðisvísindasviði *

Virki starfsemi	Nokkur starfsemi	Lítil starfsemi	Ný starfsemi
Lífvísindasetur	Rannsóknastofa í tannlæknisfræði	Lífeðlisfræðistofnun	Rannsóknastofa um atferlisgreiningu
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	Sálfræðistofnun	Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði	Rannsóknastofa um stuðningsmat og gæðamál
Lyfjafræðisetur	Rannsóknastofa í hreyfivísindum	Rannsóknastofnun um lyfjamál	Rannsóknastofa um peningaspil og spilafíkn
Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði	Tannlækningastofnun	Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands	
Rannsóknastofa í næringarfræði	Lífeinda- og sameindalíffræðistofa		
Rannsóknastofa matvælaefnafræði			
Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum			
Rannsóknastofa í líffærafræði			
Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum			
Rannsóknastofa í stofnfrumfræðum			

*Rannsóknastofnanir sem heyra beint undir deild eða svið eru skyggðar.

Í töflu 12 er yfirlit yfir skipan stjórnna rannsóknæininga á Heilbrigðisvísindasviði.

Tæpur helmingur rannsóknæininga á Heilbrigðisvísindasviði, eða ellefu, hafa ekki stjórn og eru átta þeirra rannsóknastofur og þrjár eru rannsóknastofnanir. Stjórnir sem eru eingöngu skipaðar starfsmönnum Háskóla Íslands eru sex talsins og hjá tveimur til viðbótar eiga doktorsnemar sæti í stjórn. Samstarfsaðilar eiga sæti í stjórnnum fjögurra rannsóknastofnana.

Ekki reyndist unnt að afla sundurliðaðra upplýsinga um tekjur rannsóknæininga innan fræðasviðsins þar sem þær liggja ekki fyrir og eru þær því ekki settar í töflu eins og hjá hinum fræðasviðunum í þessari skýrslu. Rannsóknastofnir, sem eru undirstaða starfsemi margra þeirra, eru yfirleitt færðir á rannsóknareikninga viðkomandi kennara sem hljóta styrki en eru ekki færðir í bókhald rannsóknastofnana og -stofa. Þó fengust upplýsingar um að tekjur rannsóknæininga innan Lífvísindaseturs námu á árinu 2013 um 150 milljónum króna en þar er fjöldi starfsmanna ráðinn sérstaklega til rannsóknastarfa og eru þeir, að meðtöldum akademískum starfsmönnum, um 120 talsins. Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði hafði tekjur upp á 224 milljónir króna á árinu 2013 en þar starfa 17 manns, utan akademískra starfsmanna. Árlegar tekjur Rannsóknastofu í næringarfræði hafa numið á bilinu 30-50 milljónum króna á ári síðustu ár, að mestu gegnum innlenda og erlenda rannsóknastyrki.

Tafla 12. Yfirlit yfir skipan stjórna á Heilbrigðisvísindasviði

	Fjöldi í stjórn	Í stjórn frá sviði/Háskóla Íslands	Doktorsnemar/ fulltrúi nemenda	Samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands í stjórn
Stofnanir sem heyra undir fræðasvið				
Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands	7	3		4
Stofnanir sem heyra beint undir deild				
Lífvísindasetur	5	4	1	
Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í hreyfivísindum	3	3		
Rannsóknastofa í hjúkrunarfræði	3	2		1
Lyfjafræðisetur	3	3		
Rannsóknastofnun um lyfjamál	7	3		4
Rannsóknastofa í matvælaefnafræði	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í næringarfræði	4	2		2
Tannlækningastofnun	5	4	1	
Rannsóknastofa í tannlæknisfræði	3	3		
Sálfræðistofnun	4	4		
Rannsóknastofur sem heyra undir rannsóknastofnanir				
Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum	Ekki stjórn			
Lífeinda- og sameindalíffræðistofa	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í líffærafræði	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa í stofnfrumfræðum	Ekki stjórn			
Lífeðlisfræðistofnun	5	5		
Rannsóknastofa í atferlisgreiningu	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa um stuðningsmat og gæðamál	Ekki stjórn			
Rannsóknastofa um peningaspil og spilafíkn	Ekki stjórn			

Rannsóknæining sem heyrir undir fræðasviðið

2.1 Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, stofnuð 1965 ^{120, 121, 122}

Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands er rannsókn- og þjónustustofnun sem er starfrækt af Heilbrigðisvísindasviði og Landspítala – háskólasjúkrahúsi og heyrir beint undir sviðið. Stofnunin er m.a. vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði erfðafræði.

Hlutverk erfðafræðinefndar er fyrst og fremst að hafa umsjón með rafrænum ættfræðigrunni, sem var að meginhluta byggður var upp á árunum 1965 til 1983 og hefur verið nýttur til íslenskra erfðafræðirannsókna, m.a. hjá Erfðafræðideild Landspítala, Rannsóknastofu Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og Krabbameinsfélagi Íslands.

Af sjö mönnum í stjórn, sem forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar, tilnefnir sviðið tvo, forstjóri Landspítala – háskólasjúkrahúss tvo, Þjóðskrá einn, Siðfræðistofnun Háskóla Íslands einn og landlæknisembættið einn.

Rannsóknæiningar sem heyra undir deildir

2.2 Lífvísindasetur, stofnað 2011

Lífvísindasetur heyrir til Læknadeildar og starfa fimm rannsóknæiningar innan þess. Starfsmenn sem tengjast starfi Lífvísindaseturs Háskóla Íslands eru háskólakennarar, sérfræðingar og nemendur í sérhæfðu framhaldsnámi, alls um 120 manns. Þeir eru ýmist akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í

¹²⁰ Morgunblaðið (2000). Hrafn Tulinius: *Til ritstjóra Morgunblaðsins*, grein sem birtist í Morgunblaðinu 27. júlí 2000, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/549658/>. Sótt af vefnum 24.9.2014.

¹²¹ Samtal við Jón Jóhannes Jónsson, prófessor og forstöðumann Lífna- og sameindalíffræðistofu, 24.9.2014.

¹²² Reglur um erfðafræðinefnd Háskóla Íslands nr. 1021/2009.

föstum stöðum eða störf þeirra fjármögnuð með rannsóknastyrkjum úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.^{123, 124}

Frá september 2013 starfar rekstrarstjóri við Lífvísindasetur en Heilbrigðisvísindasvið greiðir laun hans m.a. með fjármagni sem sviðið fékk úr Aldarafmæilissjóði. Rekstrarstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri setursins, m.a. fjármálum, innkaupum, markaðs- og kynningarmálum, samvinnu rannsóknahópa, upplýsingaflæði um rannsóknir og styrki og tengslum við alþjóðasamfélagið. Jafnframt veitir hann þeim þjónustu sem þangað leita.¹²⁵ Þá hefur Lífvísindasetur fengið tímabundinn fjárhagslegan stuðning frá Þróunarsjóði rektors til að styðja við uppbyggingu á kjarnastarfsemi og samstarf við Íslenska erfðagreiningu. Sá stuðningur stendur undir tveimur stöðugildum sérfræðinga í tvö ár. Einnig hefur Lífvísindasetur fengið framlög frá fræðasviðinu vegna styrkja frá Tækjasjóði/Innviðasjóði Rannís til að standa straum af kostnaði við viðgerðir og viðhald tækja setursins. Lífvísindasetur greiðir ekki sérstaklega fyrir leigu af húsnæði en hver og ein rannsóknæining greiðir leigu fyrir afnot af aðstöðu.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar setrinu fimm manna stjórn. Formaður er valinn án tilnefningar í samráði við forseta Læknadeildar. Þrír stjórnarmenn eru tilnefndir sameiginlega af hópstjórum rannsóknahópa sem eiga aðild að Lífvísindasetrinu og einn stjórnarmaður er fulltrúi doktorsnema.

Á árinu 2013 fengust 85 milljónir króna í nýja rannsóknastyrki en með eldri styrkjum fóru um 150 milljónir króna í gegnum setrið á árinu 2013. Tækjakaup eru öll fjármögnuð fyrir fé úr samkeppnissjóðum.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein fyrir starfsemi stofa sem starfa undir regnhlíf Lífvísindaseturs en það eru Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum, Lífefna- og sameindalíffræðistofa og Rannsóknastofa í líffærafræði. Innan þeirrar síðastnefndu starfa tvær rannsóknastofur; Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum og Rannsóknastofa í stofnfrumfræðum.

2.2.1 Rannsóknastofa í krabbameinsfræðum, stofnuð 2006

Rannsóknastofan byggist á grunni rannsóknastofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði sem var stofnuð 1987 en hún færðist til Læknadeildar 2006 undir nýju nafni. Hún er stofnaðili að Lífvísindasetri. Innan hennar eru stundaðar grunnrannsóknir á krabbameini og byggist starfsemi hennar á rannsóknum tveggja prófessora í Læknadeild og samstarfsmanna þeirra. Á haustdögum 2014 starfa með þeim tveir sérhæfðir starfsmenn í hlutastörfum, einn nýdoktor og átta meistara- og doktorsnemar. Rannsóknastofan hefur ekki stjórn.

Rannsóknastofan er rekin af rannsóknastyrkjum sem yfirmenn stofunnar og starfsmenn þeirra hafa aflað frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Þá fær hún styrk frá Heilbrigðisvísindasviði að upphæð fjórar milljónir króna á ári í þrjú ár, sem er að hálfu fjármagnað úr innviðasjóði Aldarafmæilissjóðs og að hálfu úr öðrum sjóðum fræðasviðsins.

2.2.2 Lífefna- og sameindalíffræðistofa, stofnuð 1997^{126, 127}

Rannsóknastofan er starfsvettvangur kennara Læknadeildar í lífefnafræði, sameindalíffræði og erfðafræði. Þar eru stundaðar grunnrannsóknir og rannsóknir á hagnýtri notkun þessara fræðigreina í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Fræðimenn sem starfa við rannsóknastofuna sjá jafnframt um kennslu og þjálfun nemenda í þessum greinum í Læknadeild og öðrum deildum Háskóla Íslands, m.a. á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Fræðasviðið tengist erfða- og sameindalækisfræðideild og klínískri lífefnafræðideild við Landspítalann með samstarfssamningi Háskóla Íslands við sjúkrahúsið.

Innan rannsóknastofunnar starfa þrír prófessorar, auk þriggja annarra háskólakennara og þriggja sérfræðinga með doktorspróf. Einnig starfa á rannsóknastofunni á annan tug nema í rannsóknatengdu námi, auk starfsmanna sem vinna þar að ýmsum verkefnum. Rannsóknastofan hefur fengið rannsóknastyrki frá innlendum og erlendum samkeppnissjóðum og á í viðamiklu erlendu og innlendu rannsóknasamstarfi

¹²³ Úr frétt á vef Háskóla Íslands 23.4.14, http://www.hi.is/frettir/ny_og_fullkomin_smasja_gangsett_i_laeknagardi. Sótt af vefnum 28.4.2014.

¹²⁴ Netpóstur frá Sigríði Klöru Böðvarsdóttur, rekstrarstjóra Lífvísindaseturs, dags. 15.4.2014.

¹²⁵ Sigríður Klara Böðvarsdóttir, kynning á Lífvísindasetri 29.11.2013.

¹²⁶ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹²⁷ Samtal við Jón Jóhannes Jónsson, prófessor og forstöðumann Lífefna- og sameindalíffræðistofu, 24.9.2014.

Rannsóknastofan er ekki með stjórn en henni er stýrt af forstöðumanni og samstarfsmönnum hans..

2.2.3 Rannsóknastofa í líffærafræði, stofnuð 1938 ¹²⁸

Rannsóknastofa í líffærafræði var stofnuð 1938 af Jóni Steffensen prófessor en hún sinnti aðallega þjónusturannsóknum fyrir sjúkrahús. Á rannsóknastofunni eru nú einkum stundaðar rannsóknir og kennsla og er hún samstarfsvettvangur nokkurra kennara Læknadeildar og samstarfsmanna þeirra. Doktorsnemar eru ráðnir til tímabundinna verkefna. Tveir fastir starfsmenn, sem ekki eru með kennsluskyldu, starfa við rannsóknastofuna.

Rannsóknastofan er ekki með sérstaka stjórn. Innan hennar eru tvær stofur, Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum og Rannsóknastofa í stofnfrumufræðum.

2.2.3.1 Rannsóknastofa í heyrnar- og jafnvægisfræðum, stofnuð 2010 ¹²⁹

Rannsóknastofan hét áður rannsóknastofa í taugalíffræði. Starf hennar byggist á rannsóknum á heyrn og jafnvægi hjá heilbrigðum og sjúkum og oft á þverfræðilegum grunni. Rannsóknastofan er ekki með sérstaka stjórn.

2.2.3.2 Rannsóknastofa í stofnfrumufræðum, stofnuð 2007 ¹³⁰

Innan stofunnar eru stundaðar rannsóknir á stofnfrumum, aðallega í tengslum við myndun krabbameins í brjóstum og lungum. Starfsemin byggist á rannsóknum tveggja prófessora við Læknadeild Háskóla Íslands og samstarfsmanna þeirra og tengist hún bæði Rannsóknastofu í líffærafræði og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði.

Rannsóknastofan er ekki með sérstaka stjórn. Hún er rekin af rannsóknastyrkjum sem yfirmenn stofunnar hafa aflað. Um 10-15 kennarar Læknadeildar tengjast starfsemi hennar með beinum eða óbeinum hætti. Á hverjum tíma starfa um 8-10 meistara- og doktorsnemar og nýdóttarar við rannsóknaverkefni á vegum stofunnar, auk nemenda sem starfa við tímabundin verkefni.

2.3 Lífeðlisfræðistofnun, stofnuð 1995 ^{131, 132}

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands heyrir undir Læknadeild. Á árinu 1995 tók hún við hlutverki Rannsóknastofu í lífeðlisfræði, sem hafði verið starfrækt í þrjú áratugi.

Stofnunin er samstarfsvettvangur fastra kennara við Læknadeild og Hjúkrunarfræðideild í lífeðlisfræði. Meginstarfsemi stofnunarinnar lýtur að því að sjá um og veita aðstöðu til verklegar kennslu í lífeðlisfræði, bæði í grunnnámi og rannsóknatengdu framhaldsnámi. Starfsmenn stofnunarinnar annast alla kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands og einnig hefur stofnunin gert samning við Háskólann í Reykjavík um kennslu í lífeðlisfræði. Þá eru stundaðar rannsóknir í lífeðlisfræði á vettvangi stofnunarinnar.

Skv. reglum stofnunarinnar skipar forseti Heilbrigðisvísindasviðs stofnuninni fimm manna stjórn; Læknadeild, Hjúkrunarfræðideild og Raunvísindadeild tilnefna hver um sig einn akademískan starfsmann út viðkomandi deild sem fulltrúa í stjórn, nemendur í lífeðlisfræði tilnefna einn og aðrir starfsmenn einn. Í raun mynda þeir starfsmenn sem starfa innan stofnunarinnar stjórn hennar ásamt starfsmanni.

2.4 Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði, stofnuð 1939 ^{133, 134, 135}

Rannsóknastofa í lyfjafræði var stofnuð árið 1939 en frá síðustu aldamótum heitir hún Rannsóknastofa í lyfja- og eiturefnafræði. Hún heyrir undir Læknadeild.

Þjónusturannsóknir eru stór hluti af starfsemi stofunnar, s.s. rannsóknir á sviði réttarefnafræði fyrir lögreglu- og dómsyfirvöld og lyfja- og fíkniefnamælingar fyrir heilbrigðisstofnanir, fangelsi og vinnustaði,

¹²⁸ Samtal við Hannes Petersen, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu í líffærafræði, 22.9.2014.

¹²⁹ Skv. netpósti frá Hannesi Petersen, prófessor og forstöðumanni Rannsóknastofu í heyrnar- og jafnvægisfræðum, 5.11.2014

¹³⁰ Samtal við Þórarín Guðjónsson, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu í stofnfrumufræðum, 22.0.2014.

¹³¹ Samtal við Loga Jónsson, dósent, formann stjórnar og forstöðumann Lífeðlisfræðistofnunar, 22.9.2014.

¹³² [Heimasíða Lífeðlisfræðistofnunar](#).

¹³³ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹³⁴ [Heimasíða Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði](#).

¹³⁵ Samtal við Sigríði Ísafold Hákansson, skrifstofustjóra Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, 12.6.2014.

auk lífrænna mengunar- og eiturefnaþæfinga fyrir ýmsa aðila. Jafnframt eru stundaðar vísindarannsóknir, m.a. í tengslum við þjónusturannsóknir og við aðrar grunngreinar læknisfræðinnar í samvinnu við innlenda og erlenda vísindamenn.

Starfsmenn stofunnar sinna kennslu í líflyfjafræði (pharmacology) og eiturefnafræði (toxicology) fyrir nemendur í ýmsum deildum Heilbrigðisvísindasviðs og eru leiðbeinendur fyrir framhaldsnemendur.

Rannsóknastofan hefur ekki stjórn. Forstöðumaður er akademískur fræðimaður úr Læknadeild. Starfsmenn stofunnar eru 17 talsins, sérfræðingar, deildarstjórar og verkefnastjórar, auk skrifstofustjóra. Aðrir starfsmenn eru akademískir starfsmenn úr Læknadeild. Nemendur í rannsóknatengdu námi eru tilfallandi.

Tekjur stofunnar árið 2013 voru 224 milljónir króna vegna þjónusturannsókna. Rannsóknastyrkir teljast ekki sem sértekjur stofunnar en færast á rannsóknareikninga viðkomandi kennara og fylgist skrifstofustjóri rannsóknastofunnar með stöðu þeirra reglulega.

2.5 Rannsóknastofa í heilbrigðisfræði, stofnuð 1940^{136,137}

Rannsóknastofan byggist á gömlum merg en hún var stofnuð 1940 af Júlíusi Sigurjónssyni prófessor, en hann var m.a. ráðgjafi heilbrigðisyfirvalda í heilbrigðisfræði og heilbrigðiseftirliti og öflugur rannsakandi í sínum fræðum.

Rannsóknastofan heyrir undir Læknadeild og er samstarfsvettvangur kennara sem stunda rannsóknir í faraldsfræði og heilbrigðisfræði og tengist stofan prófessorstöðu í þeirri grein. Kennarar sem starfa við rannsóknastofuna sjá um kennslu í þessum greinum í Læknadeild og við Miðstöð lýðheilsuvísinda. Rannsóknaverkefni á vegum stofunnar hafa fengið innlenda og erlenda rannsóknastyrki og á hún í rannsóknasamstarfi við innlenda og erlenda aðila. Doktorsnemar starfa stofuna og vinna doktorsverkefni sín þar.

Rannsóknastofan hefur ekki stjórn. Hún hefur ekki fastan starfsmann, utan fastra kennara Háskóla Íslands á fræðasviðinu.

2.6 Rannsóknastofa í hreyfivísindum, stofnuð 2003^{138, 139, 140}

Rannsóknastofa í hreyfivísindum starfar við námsbraut í sjúkraþjálfun. Eitt meginmarkmið hennar er að efla rannsóknir á sviði hreyfivísinda innan háskólans og leita eftir samvinnu þar um við stofnanir og fyrirtæki utan hans. Hún er vettvangur þekkingarmiðlunar og rannsókna- og þróunarstarfs á öllum sviðum hreyfivísinda og sjúkraþjálfunar.

Aðild að rannsóknastofunni eiga akademískir kennarar við námsbrautina, auk annarra sem stjórn veitir starfsaðstöðu, svo sem gistikennarar, sérfræðingar, nýdoktorar og framhaldsnemar.

Framkvæmdastjórn stofunnar er skipuð þremur akademískum starfsmönnum námsbrautar í sjúkraþjálfun.

Tekjur rannsóknastofunnar eru koma til fyrir rannsóknastyrki einstakra starfsmanna og af þjónustuverkefnum fyrir stoðtækjaframleiðandann Össur. Þá hefur stofan fengið stóra tækjakaupastyrki á síðustu árum frá Rannís og háskólanum. Bókfærðar tekjur á árinu 2013 voru um 4,3 milljónir króna.

2.7 Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði, stofnuð 1997^{141, 142, 143}

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús er vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs stofnananna tveggja í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum. Stofnunin heyrir undir Hjúkrunarfræðideild. Meginhlutverk Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði er að

¹³⁶ Samtal við Vilhjálmi Rafnsson, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu í heilbrigðisfræði, 22.9.2014.

¹³⁷ Áfangar í mótun vísinda- og tæknistefnu, fyrsti hluti. Grein eftir Sigmund Guðbjarnarson:

<http://blog.pressan.is/sigmundur/2011/03/17/afangar-vid-motun-visinda-og-taeknistefnu-fyrri-hluti/>. Sótt af vefnum 22.9.2014 kl. 13:50.

¹³⁸ Heimasíða Rannsóknastofu í hreyfivísindum.

¹³⁹ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹⁴⁰ Tölvusamskipti við Þórarín Sveinsson prófessor, formann stjórnar Rannsóknastofu í hreyfivísindum, 26.6.2014.

¹⁴¹ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹⁴² Heimasíða Rannsóknastofu í hreyfivísindum.

¹⁴³ Samtal við Margréti Björnsdóttur, verkefnastjóra Rannsóknastofu í hreyfivísindum, 16.6.2014.

styðja kennara og doktorsnema í rannsóknum sínum og gera þær sýnilegar. Stofnunin skipuleggur ýmsa viðburði tengda rannsóknum í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum, eins og ráðstefnur, vinnusmiðjur, rannsóknasamræður og málþing. Einnig heldur hún utan um tvo sjóði sem úthlutað er úr reglulega.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð tveimur föstum kennurum Hjúkrunarfræðideildar og einum fulltrúa Landspítala – háskólasjúkrahúss, tilefndum af framkvæmdastjóra hjúkrunar Landspítala. Fulltrúa framhaldsnema er heimilt að sitja stjórnarfundum án atkvæðisréttar.

Rekstur stofnunarinnar er fyrst og fremst fjármagnaður af Hjúkrunarfræðideild; 1% af heildarfjárveitingum til reksturs deildarinnar rennur til stofnunarinnar og sú upphæð nemur tæpum 3 milljónum króna á ári. Verkefnastjóri í 50% starfi heldur utan um daglegan rekstur stofnunarinnar. Áður greiddi Landspítali – háskólasjúkrahús 50% rannsóknastöðu sérfræðings en sú staða hefur nú verið lögð niður. Stjórn stofnunarinnar vinnur að því að útvíkka samstarf sitt við fleiri stofnanir innan heilbrigðiskerfisins.

Rannsóknasetur Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði – Mörgusetur er aðstaða á vegum stofnunarinnar, búin tækjum og öðrum búnaði sem kennarar og doktorsnemar deildarinnar nota. Markmið setursins er að auðvelda kennurum við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og samstarfsfólki þeirra að stunda meðferðarrannsóknir. Setrið er því ekki rannsóknasetur í öðrum skilningi en þeim.

2.8 Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands – Rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum, stofnað 2011

144, 145

Lyfjafræðisetur Háskóla Íslands – Rannsóknasetur í lyfjafræði og lyfjavísindum er regnhlíf yfir rannsóknastarfsemi Lyfjafræðideildar og að jafnaði stunda 10 fræðimenn, 20 doktorsnemar og 14 meistaranemar deildarinnar rannsóknir sínar undir þessum hatti.

Markmið Lyfjafræðiseturs er að efla rannsóknir og vísindalega þjálfun ungs fólks á sviði lyfjafræði og lyfjavísinda við Háskóla Íslands. Jafnframt leggur Lyfjafræðisetur áherslu á að miðla rannsóknaniðurstöðum og kynna störf vísindamanna deildarinnar með málstofum og fundum og kynningu á vef stofnunarinnar. Rannsóknastarfsemi setursins er skipað í þrjá kjarna í skipulagi: kjarna í lyfjaefnafræði, kjarna í lyfjagerðarfræði og kjarna í klínískri lyfjafræði og félagslyfjafræði. Rannsóknahópar sem starfa innan deildarinnar skipa sér innan raða þessara þriggja kjarna. Einn starfsmaður, starfar við Lyfjafræðisetrið, hefur daglega umsjón á rannsóknastofum Lyfjafræðideildar og sér t.d. um innkaup á aðföngum og tækjum.

Lyfjafræðisetur hefur þriggja manna stjórn, skipaða akademískum starfsmönnum Lyfjafræðideildar. Umsjónarmaður Lyfjafræðiseturs var ráðinn 2013; hann sér um daglegan rekstur rannsóknastöðunnar, leiðbeinir nýjum starfsmönnum og stundar jafnframt eigin rannsóknir. Hann er starfsmaður Lyfjafræðideildar. Stjórn vinnur náið með umsjónarmanni og deildarforseta.

Lyfjafræðisetur hefur ekki sérstakan fjárhag og er alfarið hluti Lyfjafræðideildar.

2.9 Rannsóknastofnun um lyfjamál við Háskóla Íslands, stofnuð 2007 ^{146, 147, 148}

Rannsóknastofnun um lyfjamál er hlutlaus og óháð rannsókn- og fræðslustofnun sem starfar innan Lyfjafræðideildar. Stofnunin einbeitt sér að rannsóknum og úttektum á lyfjamálum, þjónustuverkefnum á sviði lyfjamála og símenntun á sviði lyfjamálafræða. Markmið stofnunarinnar er að auka rannsóknir og fræðslu um lyfjanotkun og lyfjastefnu á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og er ætlað að vera víðtækur vettvangur rannsókna á sviði lyfjamála, lyfjahagfræði og lyfjafaraldsfræði.

Að stofnuninni standa fastir kennarar í lyfjafræði og samstarfsaðilar innan Háskóla Íslands og utan. Samstarfsaðilar eru m.a. Lyfjastofnun, landlæknisembættið, Landspítali – háskólasjúkrahús, nú velferðarráðuneytið og Lyfjafræðingafélag Íslands.

¹⁴⁴ Heimasíða Lyfjafræðiseturs.

¹⁴⁵ Samtal við Elínu Soffíu Ólafsdóttur, prófessor og formann stjórnar Lyfjafræðiseturs, 12.6.2014.

¹⁴⁶ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹⁴⁷ Reglur um Rannsóknastofnun um lyfjamál.

¹⁴⁸ Samtal við Elínu Soffíu Ólafsdóttur, prófessor í Lyfjafræðideild, 12.6.2014.

Stjórn stofnunarinnar er sjö manna, skipuð af forseta Heilbrigðisvísindasviðs. Einn stjórnarmanna er tilnefndur af deildarfundi Lyfjafræðideildar og er hann formaður, forseti Lyfjafræðideildar tilnefnir fjóra menn frá þeim samstarfsaðilum stofnunarinnar sem samningar hafa verið gerðir við og einn stjórnarmann frá öðrum samstarfsaðilum innan háskólans. Rektor Háskóla Íslands tilnefnir einn fulltrúa.

Starfsemi Rannsóknastofnunar um lyfjamál var á fyrstu starfsárum sínum mjög öflug og fékk hún styrki til starfsemi sinnar. Starfsemin hefur hins vegar að mestu legið niðri undanfarin ár vegna fjárskortis og verkefnaleysis.

2.10 Rannsóknastofa í matvælaefnafræði, stofnuð 1989¹⁴⁹

Rannsóknastofa í matvælaefnafræði starfar innan Matvæla- og næringarfræðideildar. Þar eru stundaðar rannsóknir á sviði líftækni sjávarfangs. Starfsemin byggist á rannsóknum prófessors í matvælaefnafræði og samstarfsmanna, sem eru framhaldsnemar í matvælaefnafræði og sérfræðingar á skyldum fræðasviðum, svo sem sameindalíffræði og lífefnafræði. Rannsóknastofan var áður hluti Raunvísindastofnunar á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (1989-2014) en er nú hluti Matvæla- og næringarfræðideildar Heilbrigðisvísindasviðs. Rannsóknastofan flutti starfsemi sína nýverið frá Raunvísindastofnun og hefur sem stendur aðsetur í húsnæði utan háskólasvæðisins sem Háskóli Íslands hefur aðgang að. Hún tengist starfi nýsköpunarfyrirtækis sem er m.a. afrakstur rannsókna sem gerðar eru innan stofunnar.

Fjöldi starfsmanna er breytilegur frá ári til árs, háð rannsóknastyrkjum, en í september 2014 tengjast stofnunni fimm sérfræðingar með doktorsgráðu og einn doktorsnemi. Rannsóknaverkefni eru unnin í nánú samstarfi við ýmsa innlenda og erlenda aðila og hafa hlotið innlenda og erlenda rannsóknastyrki.

Rannsóknastofan hefur ekki formlega skipaða stjórn en starfi hennar er stjórnað af prófessor í matvælaefnafræði, sem jafnframt er forstöðumaður.

2.11 Rannsóknastofa í næringarfræði, stofnuð 1997^{150, 151, 152}

Rannsóknastofa í næringarfræði var stofnuð 1997 en frá árinu 2005 hefur hún starfað samkvæmt samningi milli Landspítala – háskólasjúkrahúss og Háskóla Íslands með aðstöðu á Landspítala þar sem rannsóknastofan deilir aðstöðu með næringarstofu spítalans. Hún heyrir til Matvæla- og næringarfræðideildar.

Rannsóknastofa í næringarfræði er vísindaleg rannsóknastofnun við Háskóla Íslands og Landspítala og á samstarf við háskólann, deildir spítalans og aðrar stofnanir um rannsóknir á sviði næringarfræði. Rannsóknastofan vinnur að rannsóknum á næringarástandi og klínískum næringarvandamálum og tekur þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með innlendum og erlendum aðilum. Þá tekur stofan að sér þjónusturannsóknir og ýmis verkefni sem tengjast næringu og heilsu fyrir opinbera aðila og einkaaðila.

Stjórn Rannsóknastofu í næringarfræði er fjögurra manna, tveir fulltrúar eru frá Háskóla Íslands og tveir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Formaður stjórnar er úr hópi akademískra kennara við Háskóla Íslands. Starfsmenn rannsóknastofunnar eru forstöðumaður, sem er í samhliða starfi við Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahús, tveir starfsmenn, sem eru fastráðnir til stofunnar: vísindamaður í fullu starfi og verkefnisstjóri á skrifstofu í 90% starfi, en hann er jafnframt verkefnastjóri framhaldsnáms í deildinni, auk kennara í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild. Alls eru þetta níu starfsmenn í rúmum sex stöðugildum. Laun þessara starfsmanna eru að hluta til greidd af Matvæla- og næringarfræðideild. Fjórir doktorsnemar og að jafnaði einnig sex meistaranemar starfa við rannsóknir, auk fjölda rannsóknafólks og sérfræðinga sem vinna í lengri eða skemmri tíma að rannsóknaverkefnum sem stofan hefur aflað styrkja til.

Rekstur rannsóknastofunnar er fjármagnaður með innlendum og erlendum rannsóknastyrkjum, sem á síðustu árum hafa numið á bilinu 30-60 milljónum króna á ári. Eins hefur stofnunin tekið að sér ýmis þjónustuverkefni fyrir opinbera aðila. Rannsóknastofa í næringarfræði fær fast framlag, 6 milljónir króna á ári gegnum deildina, en það fé er sérmerkt stofnunni í fjárlögum ríkisins. Rannsóknastofan greiðir ekki

¹⁴⁹ Heimasíða Rannsóknastofu í matvælaefnafræði.

¹⁵⁰ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹⁵¹ Heimasíða Rannsóknastofu í næringarfræði.

¹⁵² Samtal við Ingibjörgu Gunnarsdóttur, forstöðumann Rannsóknastofu í næringarfræði, 11.6.2014.

húsaleigu fyrir aðstöðu sína á Landspítala samkvæmt samningi sem gildir þar ársins 2016 en á móti greiðir Matvæla- og næringarfræðideild aðstöðukostnað til Landspítala, m.a. fyrir Rannsóknastofu í næringarfræði, og nemur hann 5,9 milljónum króna á ári.

2.12 Tannlækningastofnun, stofnuð 1997 ^{153, 154, 155}

Tannlækningastofnun er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun í tannlæknisfræði og skyldum greinum sem stundaðar eru við Tannlæknadeild.

Helstu þættir starfseminnar eru rannsóknir sem starfsmenn Tannlæknadeildar stunda, árlegir fundir um rannsóknir í tannlækningum þar sem kynntar eru rannsóknir og rannsóknáætlanir starfsmanna deildarinnar og annarra á sviði tannlæknisfræði, endurmenntunarnámskeið og árleg röð fyrirlestra fyrir tannlækna, álitsergerðir sem sérfræðingar stofnunarinnar vinna fyrir opinbera aðila, s.s. Sjúkratryggingar Íslands, landlækni og úrskurðarnefnd almannatrygginga og sérverkefni á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum í samvinnu við Landspítala – háskólasjúkrahús. Tekjum Tannlækningastofnunar er varið til að efla rannsóknir og kennslu við Tannlæknadeild.

Skrifstofuhald er sameiginlegt með Tannlæknadeild og er deildarstjóri skrifstofu deildarinnar jafnframt deildarstjóri skrifstofu stofnunarinnar.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar Tannlækningastofnun fimm manna stjórn. Fjórir eru úr hópi kennara í deildinni en einn úr hópi stúdenta.

Á árinu 2013 var óveruleg fjármunavelta innan stofnunarinnar.

2.13 Rannsóknastofa í tannlæknisfræði, stofnuð 1984 ¹⁵⁶

Rannsóknastofa í tannlæknisfræði var sett á laggirnar í kringum rannsóknastarf eins tiltekins kennara í Tannlæknadeild. Hún veitir klíniska rannsóknþjónustu m.a. á sviði greininga og dauðhreinunar í samvinnu við Rannsóknastofu í veirufræði við Landspítala, jafnframt því sem kennarar og meistaranemar vinna þar rannsóknaverkefni, m.a. í samstarfi við Lyfjafræðideild. Starfsmenn eru tveir í tæplega einu stöðugildi og stofan hefur tekjur af þjónusturannsóknnum og í formi rannsóknastyrkja. Stjórn stofnunar er skipuð þremur starfsmönnum Háskóla Íslands.

2.14 Sálfræðistofnun, stofnuð 2010 ^{157, 158, 159}

Sálfræðistofnun er rannsókn- og fræðslustofnun og vettvangur rannsókn- og þróunarstarfs í sálfræði við Sálfræðideild.

Forseti Heilbrigðisvísindasviðs skipar stofnuninni fjögurra manna stjórn. Sálfræðideild tilnefnir þrjá stjórnarmenn úr hópi fastra kennara en starfsmenn stofnunarinnar skipa einn stjórnarmann úr eigin hópi. Stjórnin kýs sér formann úr hópi fastra kennara í stjórn og veitir hann stofnuninni forstöðu.

Deildarstjóri Sálfræðideildar sinnir daglegum störfum fyrir stofnunina og stofur sem eru henni tengdar og þær eru nú þrjár, raunar nýstofnaðar. Fjármunavelta stofnunarinnar og stofanna var tæpar tvær milljónir króna árið 2013 og eru tekjur einkum styrkir, tekjur af námskeiðum og rannsóknafé fastra kennara sem þeir fá frá deildinni. Stofnunin sjálf hefur ekki tekið að sér verkefni en vísar þeim til stofa eða starfsmanna við deildina.

Sálfræðistofnun hefur sett fram viðmið um stofnun og starfsemi stofa og setra sem starfa innan vébanda hennar og stjórn Sálfræðistofnunar setur stofum almennar reglur um starfsemi þeirra. Stofur hafa ekki formlega stjórn en stofustjóri, að öllu jöfnu fastur kennari við Sálfræðideild, fer fyrir starfseminni og er hann fjárhagslega ábyrgur gagnvart stjórn Sálfræðistofnunar. Miðað er við fremur einfaldan rekstur, þar sem t.d. einn eða tveir akademískir starfsmenn vilja hafa formlega umgjörð um tilteknar rannsóknir, tiltekið samstarf við utanaðkomandi aðila eða rannsóknir sínar almennt. Stofa getur ráðið til sín

¹⁵³ Árbók Háskóla Íslands 2011 (bls. 228), óbirt.

¹⁵⁴ Tannlækningastofnun Háskóla Íslands, ársskýrsla 2013.

¹⁵⁵ Netsamskipti við Svend Richter, dósent og formann stjórnar Tannlækningastofnunar, 23.11.2014.

¹⁵⁶ Samtal við Peter Holbrook, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu í tannlæknisfræði, 17.10.2014.

¹⁵⁷ Reglur um Sálfræðistofnun Háskóla Íslands nr. 554/2010, http://www.hi.is/adalvefur/reglur_nr_554_2010.

¹⁵⁸ Samtal við Guðmund Arnkelsson, dósent og formann stjórnar Sálfræðistofnunar, 11.6.2014.

¹⁵⁹ Drög að uppbyggingu Sálfræðistofnunar. Lagt fram á kennarafundi Sálfræðideildar 1. apríl 2011.

starfsmenn í tímabundin verkefni en stofur þurfa að standa undir sér fjárhagslega. Stjórn Sálfræðistofnunar getur ákveðið að leggja niður stofu ef hún stendur ekki undir sér fjárhagslega.

Stjórn Sálfræðistofnunar getur heimilað að sett séu á fót rannsóknasetur sem starfa með formlegum hætti undir hatti stofnunarinnar og starfi eftir reglum sem stjórn Sálfræðistofnunar setur því. Ekkert setur hefur verið sett á laggirnar enn sem komið er. Hlutverk slíkra setra væri að vera vettvangur samstarfs fræðimanna þegar starfsemin væri það viðamikil að hún krefðist tveggja eða fleiri starfsmanna í fullu starfi eða hlutastarfi, þar á meðal framkvæmdastjóra. Formaður stjórnar setursins getur jafnframt verið framkvæmdastjóri þess. Setur þarf að vera fjárhagslega sjálfbært og ef svo er ekki getur stjórn Sálfræðistofnunar ákveðið að leggja það niður.

Í drögum að uppbyggingu á Sálfræðistofnun, sem samþykkt voru á kennarafundi Sálfræðideildar 1. apríl 2011, kemur fram að þrátt fyrir heitið „setur“ teljast þau vera stofur skv. 3. tl. 27. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.

Þrjár stofur starfa innan stofnunarinnar og hafa nýlega tekið til starfa. Þær eru tengdar ákveðnum akademískum starfsmönnum og hafa ekki stjórn.

2.14.1 Rannsóknastofa í atferlisgreiningu, stofnuð 2012

2.14.2 Rannsóknastofa um stuðningsmat og gæðamál, stofnuð 2012

2.14.3 Rannsóknastofa um peningaspil og spilafíkn, stofnuð 2012

3. Hugvísindasvið

Hugvísindasvið samanstendur af fjórum deildum: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild og Sagnfræði- og heimspekideild. Hugvísindastofnun heyrir undir Hugvísindasvið og starfa rannsóknastofnanir og rannsóknastofur sviðsins innan vébanda hennar.

Hugvísindastofnun tók til starfa innan Hugvísindadeildar árið 1998 en með breyttu stjórnskipulagi skólans heyrir hún nú undir Hugvísindasvið. Ákveðin þáttaskil urðu á starfsemi stofnunarinnar á árinu 2006 þegar stefna Hugvísindadeildar 2006-2011 var samþykkt og stofnuninni voru settar nýjar reglur. Ákveðið var að „efla Hugvísindastofnun og aðildarstofnanir hennar sem eina heild“ og myndi stofnunin gegna ákveðnu þjónustuhlutverki við aðildarstofnanirnar og kennara fræðasviðsins, m.a. við öflun styrkja, ýmiss konar fjármálastjórn, kynningarmál, undirbúning ráðstefna og útgáfu.¹⁶⁰ Stefnan var löguð að nýjum aðstæðum eftir að Hugvísindasvið varð til á árinu 2008. Umfang stofnunarinnar jókst, ákveðið var að forseti sviðsins yrði stjórnarformaður hennar og að stjórn stofnunarinnar yrði jafnframt vísindanefnd Hugvísindasviðs.

Í stefnuskjali Hugvísindasviðs „Staða og stefnumál 2009-2013“ kemur fram að markmið sviðsins er varðar rannsóknir og doktorsnám sé meðal annar að:

- efla rannsóknþjónustu sviðsins, m.a. stuðning við styrkumsóknir, rannsóknaverkefni og rannsóknatengda starfsemi,
- örva rannsóknasamstarf, jafnt innan skólans sem út á við – ekki síst alþjóðlegt samstarf,
- fjölga birtingum rannsóknaverkefna á kröfuhörðum vettvangi,
- fjölga doktorsnæmum og styrkja jafnframt starfsumhverfi þeirra.¹⁶¹

Í samræmi við stefnu fræðasviðsins hefur verið unnið að því að efla starfsemi Hugvísindastofnunar enn frekar og var ákveðið að veita hluta af mótframlagi Hugvísindasviðs til að styrkja starfsemi stofnunarinnar og aðildarstofnana hennar og efla ýmsa rannsóknatengda starfsemi innan sviðsins.¹⁶²

¹⁶⁰ Árbók Háskóla Íslands 2006, bls. 118.

¹⁶¹ Hugvísindasvið: Staða og stefnumál 2009-2013, http://www.hi.is/sites/default/files/hugvisindasvid_stefna2009-2013.pdf.

¹⁶² Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 188.

Þessar áherslur hafa skilað sér í auknum umsvifum Hugvísindastofnunar og var stórt skref tekið þegar ráðinn var rannsóknastjóri til stofnunarinnar á árinu 2010.¹⁶³

Í stefnu Hugvísindasviðs 2013-2018 um rannsóknir og doktorsnám, sem sviðsþing Hugvísindasviðs samþykkti 13. desember 2013, eru framangreindar áherslur staðfestar. Jafnframt kemur eftirfarandi fram um árangur þessarar stefnu:

Rannsóknþjónusta sviðsins (á vegum Hugvísindastofnunar) hefur eflst á undanförunum árum og umsvif hennar aukist, m.a. með fjölgun umsókna í rannsóknasjóði og fjölgun alþjóðlegra ráðstefna sem kennarar og stofnanir sviðsins standa fyrir... Akademískir starfsmenn Hugvísindasviðs hafa flestir verið ötulir við að birta rannsóknaverk sín á ritrýndum vettvangi, ýmist á íslensku eða erlendum málum (einkum ensku).¹⁶⁴

3.1 Hugvísindastofnun, stofnuð 1998

Hugvísindastofnun er miðstöð rannsókna á fræðasviðinu og er hún regnhlífarstofnun yfir rannsóknastofnanir og rannsóknastofur sviðsins. Tveir starfsmenn starfa hjá stofnuninni í fullu starfi, verkefnastjóri og rannsóknastjóri.

Hlutverk Hugvísindastofnunar er að fylgja eftir stefnu Hugvísindasviðs um rannsóknir og doktorsnám og veita fræðimönnum sviðsins ýmiss konar rannsókn- og stoðþjónustu. Stofnunin styður starf aðildarstofnana og fræðimanna sviðsins með ýmsum hætti, m.a. með miðlun upplýsinga um styrki og möguleika á styrkjum úr innlendum og erlendum rannsóknasjóðum, aðstoðar við gerð og yfirllestur umsókna, aðstoðar við bókhald, uppgjör og skýrslur vegna styrkja og aðstoðar við skipulagningu innlendra og erlendra funda og ráðstefna. Þá veitir hún ráðgjöf og aðstoð við útgáfu og aðstoðar aðildarstofnanirnar við fjárumýslu, kynningarmál og vefþjónustu, ekki síst þær stofnanir sem ekki hafa fastan starfsmann. Hún hefur umsjón með aðstöðu fyrir fræðimenn og doktorsnema til rannsókna í samvinnu við aðra aðila og annast ýmsa þjónustu við doktorsnema sviðsins. Lögð er áhersla á að stofnunin starfi með hlutaðeigandi rannsóknastofnunum og stjórnarsýslu sviðsins og öðrum stofnunum utan sem innan Háskóla Íslands í verkefnum sínum. Stofnunin gefur út *Ritið*, tímarit Hugvísindastofnunar, sem kemur út þrisvar á ári, en það hefur sótt um skráningu á Arts and Humanities Citation Index hjá Thomson Reuters (ISI).¹⁶⁵ Þá hefur stofnunin umsjón með árlegu Hugvísindasviðsþingi. Að öllu jöfnu hafa aðildarstofnanir Hugvísindastofnunar eða einstakir fræðimenn frumkvæði að rannsóknaverkefnum, útgáfu, ráðstefnum og öðrum verkefnum sem Hugvísindastofnun kemur að.¹⁶⁶

Innan Hugvísindastofnunar starfa níu aðildarstofnanir sem sinna rannsóknum á Hugvísindasviði. Þetta eru sex grunnstofnanir og þrjár þverfræðilegar stofnanir. Grunnstofnanirnar eru Bókmennta- og listfræðastofnun, Guðfræðistofnun, Heimspekistofnun, Málvísindastofnun, Sagnfræðistofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Þverfræðilegu stofnanirnar þrjár eru EDDA – öndvegissetur, RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Siðfræðistofnun. Þær eru sameiginlegur vettvangur þeirra sem fást við rannsóknir af sama meiði.

Stjórn Hugvísindastofnunar staðfestir reglur aðildarstofnana sviðsins en ekki háskólaráð. Því teljast þær vera rannsóknastofur í skilningi reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009. Þær voru allar settar á laggirnar fyrir gildistöku þessara reglna um Háskóla Íslands en skv. 3. tl. 27. gr. reglnanna er þeim heimilt að halda fyrra heiti sínu. Í þessum texta um rannsóknastarfsemi innan Hugvísindasviðs er hugtakið stofnun notað þegar fjallað er um aðildarstofnanir sviðsins í samræmi við heiti þeirra.

Sérhæfðar rannsóknastofur heyra undir grunnstofnanir Hugvísindastofnunar eða beint undir Hugvísindastofnun. Rannsóknastofur sinna tilteknum rannsóknaverkefnum, rannsóknasviði eða samstarfi skv. reglum sem stjórn grunnstofnunarinnar sem rannsóknastofan starfar innan setur. Starfsemi þeirra byggist á samstarfi fræðimanna úr mismunandi greinum og stofnunum Hugvísindasviðs og samstarfi við fræðimenn og stofnanir á öðrum fræðasviðum Háskóla Íslands og við aðra aðila eða stofnanir utan Háskóla Íslands.

¹⁶³ Ársskýrsla Hugvísindastofnunar 2012, óbirt.

¹⁶⁴ Stefna Hugvísindasviðs 2013-2018, Rannsóknir og doktorsnám, http://hugvis.hi.is/rannsoknir_og_doktorsnam_stefna_2013_2018.

¹⁶⁵ Ársskýrsla Hugvísindastofnunar 2012, óbirt.


¹⁶⁶ Ársskýrsla Hugvísindastofnunar 2012, óbirt.

Ákvörðun um stofnsetningu og hýsingu rannsóknastofnana og -stofa er háð staðfestingu stjórnar Hugvísindasviðs. Hugvísindastofnun eða stjórn grunnstofnunar getur ákveðið að leggja niður rannsóknastofu, t.d. þegar rannsóknaverkefninu sem stofunni var ætlað að sinna er lokið.

Aðildarstofnanir hafa skrifstofu til umráða fyrir starfsmenn sína, gestafræðimenn og/eða nýdoktora.

Rannsóknæiningar innan Hugvísindastofnunar, að henni meðtalinni, eru 21 talsins. Mynd 5 sýnir skipurit rannsóknæininga innan Hugvísindastofnunar.

Mynd 5. Rannsóknastofnanir og –stofur á Hugvísindasviði og tengsl við fræðasvið og Hugvísindastofnun



Í töflu 13 er yfirlit yfir stofnár þeirra. Þar sést að grunnstofnanirnar sex voru stofnaðar á árabílinu 1971-1982. Þar með talin er Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sem telst til grunnstofnana, en forveri hennar var Stofnun í erlendum tungumálum, sem var stofnuð 1982. Ein rannsóknastofnun og allar 12 rannsóknastofurnar sem heyra undir Hugvísindastofnun hafa verið settar á stofn frá og með árinu 2000.

Tafla 13. Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Hugvísindasviði

Stofnár	Stofnun	Rannsóknastofur sem heyra beint undir Hugvísindastofnun eða grunnstofnanir
1971		Málvísindastofnun Sagnfræðistofnun Bókmennta- og listfræðastofnun*
1975		Guðfræðistofnun
1982		Heimspékistofnun Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum **
1989		Siðfræðistofnun
1991		RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum***
1998	Hugvísindastofnun	
2000		Þýðingasetur
2001		Miðaldastofa
2005		Trúarbragðafræðistofa Máltækni-setur
2008		Konfúsíusarstofnunin Norðurljós
2009		EDDA – öndvegissetur

2010		Rannsóknastofa í máltileinkun
2011		Rannsóknastofa í táknafræðum
2013		Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar
2014		Rannsóknastofa í minni og bókmenntum Rannsóknastofa um framúrstefnu Rannsóknasetur í hugrænum fræðum

* Bókmennta- og listfræðastofnun hét áður Bókmenntafræðistofnun

** Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum var stofnuð 2001 en hún byggðist á Stofnun erlendra tungumála, sem var stofnuð 1982

*** RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum hét áður Rannsóknastofa í kvennafræðum stofnuð 1991, síðar fékk hún nafnið Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og nýverið fékk hún hið nýja nafn RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum

Í töflu 14 er lagt mat á hversu virk starfsemi er í rannsóknæiningum Hugvísindastofnunar. Þar kemur m.a. fram að virk starfsemi fer fram innan allra grunnstofnana og þverfræðilegra stofnana Hugvísindastofnunar. Nokkur starfsemi fer fram innan þriggja rannsóknastofa og lítil starfsemi innan tveggja rannsóknastofa. Fjórar rannsóknastofur eru nýstofnsettar.

Tafla 14. Virkni stofnana á Hugvísindasviði

Virki starfsemi	Nokkur starfsemi	Lítil starfsemi	Nýjar rannsóknastofur
Hugvísindastofnun	Rannsóknastofa í máltileinkun	Trúarbragðafræðistofa	Vigdísarstofnun
Bókmennta- og listfræðastofnun	Rannsóknastofa í táknafræðum	Þýðingasetur	Rannsóknastofa í minni og bókmenntum
Málvísindastofnun	Máltæknisetur		Rannsóknastofa um framúrstefnu
Guðfræðistofnun			Rannsóknasetur í hugrænum fræðum
Heimspækistofnun			
Sagnfræðistofnun			
Síðfræðistofnun			
RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum			
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum			
EDDA – öndvegissetur			
Miðaldastofa			
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós			

*Rannsóknastofnun sviðsins er skyggð.

Í töflu 15 er samantekt um skipan stjórna rannsóknæininga innan Hugvísindasviðs. Hugvísindastofnun hefur 11 manna stjórn, skipaða stjórnarformönnum hinna níu aðildarstofnana stofnunarinnar, auk sviðsforseta og fulltrúa doktorsnema. Sviðsforseti er stjórnarformaður og yfirmaður stofnunarinnar. Stjórn Hugvísindastofnunar er jafnframt vísindanefnd fræðasviðsins.

Þar kemur fram að tólf rannsóknæningar eru skipaðar starfsmönnum Háskóla Íslands og þar af eiga doktorsnemar sæti í sjö þeirra, þ.e. stjórn Hugvísindastofnunar og grunnstofnana hennar. Átta rannsóknæningar eru með aðila utan Háskóla Íslands í stjórn og á það m.a. við um rannsóknastofur sem heyra undir grunnstofnanir Hugvísindastofnunar. Fjórar eru með ráðgjafanefndir sem starfa með stjórn og einn rannsóknastofa hefur ekki stjórn.

Allir fastráðnir kennarar Hugvísindasviðs eiga aðild að Hugvísindastofnun, auk erlendra sendikennara, aðjunkta, sérfræðinga, nýdaktora og doktorsnema sviðsins.¹⁶⁷ Þeir eiga meginaðild að einni grunnstofnun á fagsviði sínu og hafa þar atkvæðisrétt. Þeir geta átt aðild að öðrum grunnstofnunum en þá án atkvæðisréttar og jafnframt geta þeir átt aðild að þverfræðilegum rannsóknastofnunum og/eða

¹⁶⁷ Starfsreglur Heimspækistofnunar, Málvísindastofnunar, Guðfræðistofnunar, Bókmennta- og listfræðastofnunar, Sagnfræðistofnunar og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

rannsóknastofum. Heimilt er að veita fastráðnum kennurum af öðrum fræðasviðum háskólans og samstarfsaðilum utan Háskóla Íslands gestaðild að stofnun stundi þeir rannsóknir á viðkomandi rannsóknasviði. Það felur þó ekki í sér sjálfkrafa aðild þeirra að Hugvísindastofnun. Kennarar sviðsins og aðrir aðilar utan þess tengjast helst starfsemi þverfræðilegra stofnana Hugvísindastofnunar í með aðild að ákveðnum verkefnum eða ráðstefnum.

Tafla 15. Yfirlit yfir skipan stjórná Hugvísindasviði

	Fjöldi í stjórn	Í stjórn frá sviði/Háskóla Íslands	Doktors nemar	Samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands í stjórn	Ráðgjafanefnd
Hugvísindastofnun	11	Forseti Hugvísindasviðs, sex formenn stjórnarinnar og þrjú formenn stjórnarinnar þverfræðilegu stofnananna	1		
Stofnanir sem heyra beint undir Hugvísindastofnun					
Miðaldastofa	3	3			
Rannsóknastofa í máltileinkun	3	3			
Grunnstofnanir og þverfræðilegar stofnanir					
Bókmennta- og listfræðastofnun	3	2 tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara	1		
Guðfræðistofnun	3	2 tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara	1		
Heimspækistofnun	3	2 tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara	1		
Málvísindastofnun	3	2 tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara	1		
Sagnfræðistofnun	3	2 tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara	1		
Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur	5	4	1		
EDDA – öndvegissetur (þverfræðileg)	4	4			4 sem mynda fagstjórn ásamt stjórn EDDU – öndvegisseturs
RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (þverfræðileg)	5	5, þar af 4 frá fræðasviðum Háskóla Íslands			
Siðfræðistofnun (þverfræðileg)	5	3 frá Hugvísindasviði 1 frá Menntavísindasviði		1	
Rannsóknastofur og -setur					
Máltækni-setur	3	2		1	
Trúarbragðfræðistofa	3	3			
Rannsóknastofa í táknafræðum	3	1		2	
Vigdísarstofnun	6	3		3	
Þýðingasetur	Ekki stjórn				
Konfúsíusarstofnunin Norðurljós	5	3		2	
Rannsóknasetur í minni og bókmenntum	4	2		2 frá erlendum samstarfsháskólum	Já
Rannsóknastofa um framúrstefnu	4	1		1 utan Háskóla Íslands og 2 frá erlendum háskólum	Já
Rannsóknasetur í hugrænum fræðum	6	4		2 frá erlendum háskólum	Já

Þótt ákveðin tengsl séu á milli deilda og grunnstofnana fylgir skipan kennara í rannsóknastofnanir ekki endilega deildaskiptingu sviðsins og þær eru ekki beintengdar rekstri deildanna.

Skv. reglum grunnstofnana Hugvísindastofnunar geta félagar hvarrar stofnunar sótt um aðstöðu, þjónustu og styrki til viðkomandi stofnunar og til Hugvísindastofnunar. Þeir geta birt greinar og rit, sótt um styrki, skipulagt ráðstefnur, fyrirlestra og samstarfsfundi, rannsóknaverkefni og samvinnu í nafni viðkomandi stofnunar með samþykki ársfundar eða viðkomandi stjórnar í umboði hans eftir því sem tilfni er til.

Forstöðumenn aðildarstofnana, og formenn stjórna þar sem forstöðumenn eru ekki starfandi, bera ábyrgð á fjármálum stofnunar sinnar gagnvart stjórn Hugvísindastofnunar. Það felur m.a. í sér ákvarðanir um ráðningu starfsmanna að viðkomandi stofnunum.

Hugvísindastofnun og grunnstofnanir hennar geta komið rannsóknastofum á fót og starfa þær skv. reglum sem viðkomandi stjórn setur þeim.

Í töflu 16 er yfirlit yfir styrki sem tengjast rannsóknum og þróun á Hugvísindasviði árin 2010-2012 og eru grunnur að fjármögnun rannsóknastofnana á Hugvísindasviði. Á þremur árum hefur sviðið fengið styrki til rannsókna sem nema um 660 milljónum króna, eða að jafnaði um 220 milljónir króna á ári. Þá er ótalið umtalsvert fé sem hefur verið safnað á sama tímabili til að byggja nýtt hús fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur en það nemur um 240 milljónum króna. Í töflu 16 eru því heildarstyrkir, án söfnunarjárns fyrir húsi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, yfir sama tímabil.

Tafla 16. Heildarstyrkir án söfnunar fyrir húsnæði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Hugvísindastofnun (heild)	2010	2011	2012	Samtals
Almennir styrkir	81.835.237	106.517.286	107.939.329	296.291.852
Innlendir styrkir	99.310.947	96.864.000	62.570.810	258.745.757
Erlendir styrkir	29.760.653	39.372.658	38.717.240	107.850.551
Samtals	210.906.837	242.753.944	209.227.379	662.888.160

Skv. ákvörðun Hugvísindasviðs er hluti af mótframlagi Háskóla Íslands vegna erlendra og innlendra rannsóknastyrkja sem fræðimenn sviðsins hafa aflað notað til að skapa fjárhagslegan grundvöll til reksturs Hugvísindastofnunar og undirstofnana hennar og til að styðja við rannsóknir og tengda starfsemi á vegum sviðsins. Þannig fara um 60% af mótframlagi í rekstur sviðsins en um 40% er varið til reksturs rannsóknastofnana (Hugvísindastofnunar og níu aðildarstofnana hennar). Mótframlög eru reiknuð af meðaltali tveggja ára, þannig að mótframlag fyrir árið 2014 er reiknað meðaltal árána 2011 og 2012 (sjá töflu 3), sem er um 84 milljónir króna. Samkvæmt framangreindu viðmiði er 40% af þeirri upphæð, eða um 33,6 milljónum króna, varið til Hugvísindastofnunar og undirstofnana hennar á árinu 2014 en sá hlutur var tæplega 30 milljónir króna á árinu 2013. Að auki greiðir Hugvísindasvið laun tveggja starfsmanna Hugvísindastofnunar, auk húsnæðiskostnaðar stofnunarinnar og hinna níu aðildarstofnana. Stjórn Hugvísindasviðs samþykkti að frá og með árinu 2015 fái formenn stjórna stofnananna níu, sem jafnframt sitja í vísindanefnd Hugvísindasviðs, fasta árlega þóknun (100.000 kr.) frá sviðinu fyrir störf sín.

Tafla 17. Mótframlög Hugvísindasviðs vegna verkefna á vegum rannsóknastofnana

Mótframlög	2013	2014	Samtals
Almennir styrkir	19.261.357	32.249.880	51.511.238
Innlendir styrkir	34.330.616	27.901.092	62.231.707
Erlendir styrkir	20.819.590	23.506.566	44.326.156
Samtals	74.411.563	83.657.538	158.069.101

Á undanförmum árum hefur tæplega 10 milljónum króna verið varið til ýmissa verkefna á vegum Hugvísindastofnunar, t.d. í Rannsóknasjóð Hugvísindastofnunar, útgáfu *Ritsins*, Hugvísindaping og í ferðastyrki til doktorsnema. Því sem eftir stendur er skipt niður til aðildarstofnananna níu. Allar fá þær

„tryggingu“, eða fast framlag, sem er óháð hlutdeild þeirra í mótframlögum. Því sem eftir er til skiptanna er hins vegar deilt út í sama hlutfalli og stofnunin „aflaði“ af mótframlögum. Hafi 20% mótframlaga t.d. komið vegna verkefna félaga í Málvísindastofnun fær hún 20% úr „pottinum“, auk tryggingarinnar. Þessi framlög eru grundvöllur að rekstri stofnana sviðsins. Þá getur stofnun sótt um styrk vegna tiltekinnar verkefna til Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar skv. reglum sjóðsins.

Á árinu 2012 var tæplega 70% af fjárveitingu sviðsins til Hugvísindastofnunar veitt til aðildarstofnananna. Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar starfar skv. reglum sem upphaflega voru samþykktar árið 2009, en þær eru að jafnaði endurskoðaðar árlega. Tilgangur hans er að veita styrki til rannsóknatengdrar starfsemi og einstakra rannsakenda. Sjóðurinn veitir styrki tvisvar á ári skv. umsóknum. Leitast er við að styrkja sem flest verkefni sem uppfylla skilyrði sjóðsins en fjöldi styrkja og upphæðir ráðast af fjárhagsstöðu sjóðsins hverju sinni. Umsóknir eru metnar af stjórn Hugvísindastofnunar eða, eftir atvikum, starfsmönnum og stjórnarformanni í umboði hennar.

Í reglum sjóðsins er í flestum tilvikum kveðið á um hámarksupphæð fyrir hverja tegund styrkja. Stofnanir og stofur sviðsins geta sótt um styrki til ráðstefnuhalds og annarra viðburða, s.s. fyrirlestraraða, nemendapínga, málþinga og fundahalda með erlendum fræðimönnum í rannsóknaverkefnum eða samstarfsnetum. Deildir og greinar geta einnig sótt um framangreinda styrki en hvatt er til samstarfs við rannsóknastofnanir og rannsóknastofur sviðsins í viðkomandi verkefnum. Stofnanir geta sótt um styrki til að bjóða þekktum erlendum fræðimönnum til að halda erindi á vegum stofnunarinnar, til útgáfu og til að ráða sérfræðinga tímabundið til viðkomandi stofnunar. Akademískir starfsmenn geta sótt um styrki upp í kostnað við þýðingu eða til málfarslegrar aðstoðar vegna birtingar vísindagreina og styrki til að þróa styrkumsóknir í stærri sjóði. Þá er stjórn heimilt að veita annars konar styrki sem efla rannsóknir og rannsóknatengda starfsemi innan Hugvísindasviðs.¹⁶⁸

Rannsóknasjóður Hugvísindastofnunar úthlutar 3-4 milljónum í styrki ár hvert (sjá töflu 18, með yfirliti yfir greiðslur úr sjóðnum á fjögurra ára tímabili). Sjóðurinn studdi á nokkurra ára tímabili rannsakendur sem voru nýir í starfi og þurftu stuðning til að koma rannsóknum sínum á fót.

Tafla 18. Styrkir Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar 2009-2013

Ráðstefnur	8.566.600
Fræðimenn	636.588
Útgáfa	6.000.000
Þýðingar	265.000
Uppbygging	1.473.357
Annað	126.963
Samtals	17.068.508

Starfsmenn sviðsins sem náð hafa árangri við að afla rannsóknastyrkja úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum og leiða verkefni með háa styrki fá hluta mótframlaganna og geta nýtt þau í þágu rannsókna sinna. Upphæðirnar eru 100.000, 150.000 eða 250.000 kr. á ári fyrir hvert verkefni, eftir því hversu styrkurinn er hár, og gilda ákveðnar reglur um nýtingu þess fjár.

Síðastliðin tvö ár hafa tæplega 3 milljónir króna farið til einstaklinga með þessu móti (upphæðin er dregin frá framlagi rannsóknastofnunarinnar sem einstaklingurinn tilheyrir). Á árinu 2012 fengu t.d. 14 verkefnisstjórar slíka styrki vegna 16 verkefna, alls kr. 2.550.000. Grunnhugsunin bak við þetta fyrirkomulag er að stofnanir og fræðimenn sem afla rannsóknastyrkja njóti mótframlags Háskóla Íslands til Hugvísindasviðs að hluta og það verði þannig hvatning til frekari rannsókna og um leið ákveðin viðurkenning fyrir framtak og eljusemi.¹⁶⁹

Rannsóknastofur sem starfa innan vébanda grunnstofnana njóta ekki fastra fjárframlaga frá Hugvísindasviði, Hugvísindastofnun eða viðkomandi grunnstofnun. Stjórnir grunnstofnana geta þó ákveðið fjárframlög til stofa sem starfa í skjóli þeirra af því fé sem þær hafa til ráðstöfunar, t.d. geta þær

¹⁶⁸ Reglur Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar, http://hugvis.hi.is/rannsoknasjodur_hugvisindastofnunar_reglur.

¹⁶⁹ Ársskýrsla Hugvísindastofnunar 2012, óbirt.

veitt stofum hlutdeild í fjárveitingu sem tengist verkefnum innan hennar. Rannsóknastofur geta einnig sótt um starfstengda styrki. Þær njóta eftir atvikum aðstöðu hjá þeim stofnunum sem þær tilheyra eða samstarfsaðilum. Að öðru leyti eru rannsóknir innan stofa að jafnaði fjármagnaðar með styrkjum og vinnuframlagi fastra starfsmanna.

Aðrar tekjur stofnana og stofa eru einkum styrkir til einstakra verkefna, greiðslur fyrir þjónustu, tekjur af útgáfustarfsemi og aðrar tekjur, s.s. framlög frá Háskóla Íslands, styrkir, gjafir og framlög frá opinberum aðilum eða einkaaðilum.¹⁷⁰

Ekki reyndist mögulegt að fá sundurliðaðar upplýsingar um tekjur allra rannsóknæininga innan Hugvísindastofnunar umfram það sem fram kemur hér á undan.

Hér á eftir er í stuttu máli gerð grein starfssviði stofnana sem starfa innan vébanda Hugvísindastofnunar og dregnar fram megináherslur í starfsemi þeirra.

3.1.1 Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1971 ^{171, 172}

Stofnunin hét áður Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Viðfangsefni hennar ná yfir bókmenntafræði, kvikmyndafræði, listfræði, menningarfræði, ritlist og skyldar greinar. Pungamiðjan í starfsemi stofnunarinnar er útgáfa bókmennta- og fræðiritra, m.a. sjö ritraðir sem hver um sig lýtur sjálfstæðri ritstjórn, auk útgáfu á völdum bókum í bókmenntafræði, bókmenntasögu og á skyldum sviðum. Stofnunin heldur utan um útgáfu Studia Islandica sem hefur verið gefið út í yfir 60 ár. Hún stendur einnig fyrir málþingum á starfsviði sínu þegar tilefni gefast, ein og sér eða í samstarfi við aðra.

Að Bókmennta- og listfræðastofnun standa einkum fastráðnir kennarar í Íslensku- og menningardeild sem sinna kennslu og rannsóknum á fagsviði stofnunarinnar, auk þess sem kennarar í öðrum greinum geta sótt um aðild að stofnuninni.

Fræðimenn stofnunarinnar hafa sótt um og fengið erlenda og innlenda rannsóknastyrki í eigin nafni og stofnunarinnar.

Stjórn er þriggja manna, skipuð tveimur starfsmönnum Hugvísindasviðs úr hópi fastra kennara og einum doktorsnema. Stofnunin hefur ekki fastan launaðan starfsmann en starfsmenn hafa verið ráðnir til tímabundinna verkefna.

Þrjú setur starfa innan vébanda stofnunarinnar til að sinna tilteknum rannsóknaverkefnum, rannsóknasviði eða samstarfi en þau voru stofnuð nýlega með það að markmiði að efla þátttöku í alþjóðlegri rannsóknastarfsemi.

3.1.1.1 Rannsóknasetur í minni og bókmenntum, stofnað 2014, er vettvangur fyrir rannsóknir, kennslu og útgáfu um minni í bókmenntum og listum.

3.1.1.2 Rannsóknastofa um framúrstefnu, stofnuð 2014 er vettvangur fyrir alþjóðleg samstarfsverkefni um framúrstefnu frá byrjun 20. aldar til dagsins í dag.

3.1.1.3 Rannsóknastofa í hugrænum fræðum, stofnuð 2014, er vettvangur fyrir rannsóknir í hugfræði (cognitive studies) með áherslu á bókmenntir og málvísindi.

3.1.2 Guðfræðistofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1975 ^{173, 174}

Viðfangsefni Guðfræðistofnunar ná yfir guðfræði og trúarbragðafræði. Hún stendur fyrir málstofum um málefni er tengjast starfsviði stofnunarinnar, m.a. í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands, auk þess að sjá um árlegt málþing þar sem rannsóknir fræðimanna sem starfa innan stofnunarinnar eru kynntar. Innan Guðfræðistofnunar er vistað stórt þverfaglegt rannsóknaverkefni til ársins 2017 um áhrif siðaskiptanna á kirkju, samfélag og menningu í 500 ár í tilefni af því að 500 ár eru liðin frá því að Marteinn Lúter hóf siðbót innan miðaldakirkjunnar.

¹⁷⁰ Reglur um Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 10. gr.

¹⁷¹ [Heimasíða Bókmennta- og listfræðastofnunar](#).

¹⁷² Samtal við Benedikt Hjartarson, dósent og formann stjórnar Bókmennta- og listfræðastofnunar Háskóla Íslands, 12.8.2014.

¹⁷³ Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 190.

¹⁷⁴ Samtal við Arnfríði Guðmundsdóttur, prófessor og fv. formann Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 12.8.2014.

Stofnunin gefur út *Ritröð Guðfræðistofnunar: Theologica Islandica*. Stofnunin styður við rannsóknir og fræðimennsku á sviðinu með styrkjum til bókaútgáfu, ferðastyrkjum til kennara, styrkjum til að bjóða erlendum fræðimönnum til landsins og til doktorsnema. Þá tekur hún þátt í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum og stendur fyrir símenntunarnámskeiðum.

Stjórn er skipuð þremur mönnum, tveir eru kennarar við Guðfræðideild og einn er fulltrúi doktorsnema. Stofnunin hefur ekki starfsmenn.

Trúarbragðafraeðistofa starfar innan vébanda stofnunarinnar til að sinna tilteknum rannsóknaverkefnum, rannsóknasviði eða samstarfi.

3.1.2.1 Trúarbragðafraeðistofa, stofnuð 2005

Trúarbragðafraeðistofa skipuleggur þverfaglegt nám í almennum trúarbragðafraeðum, aflar gagna og upplýsinga um trúarhreyfingar og trúarefni á Íslandi, svarar spurningum um trúarhreyfingar, undirbýr kennsluefni, skipuleggur málþing og málstofur og tekur þátt í verkefnum á vegum samráðsvettvangs trúfélaga á Íslandi.

Stjórn stofnunarinnar er þriggja manna, skipuð starfsmönnum Háskóla Íslands.

3.1.3 Heimspekistofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1982 ^{175, 176, 177}

Við Heimspekistofnun Háskóla Íslands eru stundaðar rannsóknir í heimspeki og undirgreinum hennar og eiga fræðimenn og kennarar í þeim greinum aðild að stofnuninni. Stofnunin gengst fyrir ráðstefnum og fyrirlesturum og reglulegum umræðufundum um rannsóknir fræðimanna á sviði stofnunarinnar. Stofnunin gefur út ritröð Heimspekistofnunar sem er útgáfuvettvangur fyrir rannsóknir kennara og framhaldsnema í heimspeki. Jafnframt gefur hún út þýðingar á heimspekiritum, fornum sem nýjum, og kennslubækur í heimspeki. Einnig gefur hún m.a. út rit í samstarfi við Siðfræðistofnun. Heimspekistofnun heldur úti heimspekivefnum í samvinnu við Hugvísindastofnun og Félag áhugamanna um heimspeki.

Stofnunin hefur ekki fastan starfsmann. Hún veitir rannsóknanemum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, m.a. með því að ráða nýdoktora til tímabundinna verkefna.

3.1.4 Málvísindastofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1971 ^{178, 179, 180}

Fræðasvið stofnunarinnar er íslensk málfræði, almenn málvísindi og táknmálsfræði. Fyrri nafn stofnunarinnar var Rannsóknastofnun í norrænum málvísindum. Stofnunin styður við rannsóknir og fræðastörf innan sviðsins og felur það m.a. í sér að veita fræðimönnum styrki til að ljúka verkefnum eða vinna verkefni sem erfitt hefur reynst að afla styrkja til.

Málvísindastofnun gefur út fræðirit um söguleg og samtímaleg málvísindi og kennslu- og handbækur í íslensku, bæði fyrir þá sem hafa íslensku að móðurmáli og þá sem læra íslensku sem annað mál. Hún stendur fyrir ráðstefnum, málþingum og fyrirlesturum á fræðasviði sínu, m.a. í samstarfi við Íslenska málfræðifélagið.

Stofnunin hefur þriggja manna stjórn, tveir eru fræðimenn sem eiga aðild að stofnuninni en þriðji stjórnarmaðurinn er doktorsnemi. Stofnunin hefur ekki starfsmann.

Tvö setur starfa innan vébanda stofnunarinnar og eru þau vettvangur samstarfs fræðimanna og hagsmunaaðila á viðkomandi sviði, m.a. til að sinna tilteknum rannsóknaverkefnum.

3.1.4.1 Máltæknisetur, stofnað 2005 ¹⁸¹

Máltæknisetur er samstarfsvettvangur Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík og orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um rannsóknir og þróunarstarf á sviði máltækni. Það varð formlega setur innan Málvísindastofnunar 2010.

¹⁷⁵ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

¹⁷⁶ [Heimasíða Heimspekistofnunar](#).

¹⁷⁷ Samtal við Róbert H. Haraldsson, prófessor og formann stjórnar Heimspekistofnunar Háskóla Íslands, 25.8.2014.

¹⁷⁸ Reglur um Málvísindastofnun, http://malvis.hi.is/starfsreglur_fyrir_malvisindastofnun_haskola_islands.

¹⁷⁹ Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 193.

¹⁸⁰ Samtal við Eirík Rögnvaldsson, prófessor og formann stjórnar Málvísindastofnunar Háskóla Íslands, 12.8.2014.

¹⁸¹ Reglur fyrir Máltæknisetur, http://malvis.hi.is/reglur_fyrir_maltaeknisetur.

Rétt til aðildar að stofnuninni eiga fræðimenn Háskóla Íslands og samstarfsaðilar sem stunda rannsóknir á sviði máltækni. Stjórn setursins er skipuð þremur mönnum, einum frá hverjum samstarfsaðila.

Setrið er miðstöð íslenskrar máltækni og beitir sér fyrir eflingu hennar á öllum sviðum. Það heldur utan um afurðir á sviði máltækni, er upplýsingaveita um íslenska máltækni og rekur vefsetur í því skyni. Máltæknisetur stuðlar að samstarfi aðila um máltækniverkefni, skipuleggur og samhæfir háskólakennslu í máltækni og skipuleggur ráðstefnur með þátttöku fræðimanna, fyrirtækja og almennings. Þá tekur það þátt í rannsóknaverkefnum, hagnýtum verkefnum og erlendu samstarfi á fræðasviðinu. Setrið er ekki með starfsmann.

3.1.4.2 Rannsóknastofa í táknmálsfræðum, stofnuð 2011 ^{182, 183}

Rannsóknastofa í táknmálsfræðum er samstarfsvettvangur fræðimanna Málvísindastofnunar og Samskiptamiðstöðvar heyrnalausra og heyrnarskertra sem stunda rannsóknir á táknmáli, táknmálssamskiptum, túlkun, málproska táknmálstalandi barna og kennslufræði táknmáls og táknmálstúlkunar. Rannsóknastofan efnir til samstarfs við aðra aðila eftir atvikum og er stjórn heimilt að veita þeim aðild. Markmið stofunnar er að efla rannsóknir á framangreindum sviðum og safna gögnum og þekkingu sem nýtist m.a. til rannsókna og við gerð námsefnis og táknmálsorðabókar.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur mönnum, einum frá Háskóla Íslands og tveimur frá Samskiptamiðstöð heyrnalausra og heyrnarskertra. Stofan er ekki með starfsmann.

3.1.5 Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1971 ^{184, 185, 186}

Sagnfræðistofnun er samstarfsvettvangur fræðimanna í sagnfræði, fornleifafræði og hagnýtri menningarmiðlun. Hún annast grunnrannsóknir ýmist á eigin vegum eða í samvinnu við aðrar stofnanir. Hún er í forystuhlutverki innan sagnfræðinnar og sér m.a. um skipulagningu á fyrirlesturum, innlendum, alþjóðlegum og norrænum ráðstefnum um sagnfræði m.a. í samstarfi við Sagnfræðingafélag Íslands. Hún gefur út þrjár ritraðir og eftir atvikum einnig bækur. Hún heldur utan um bókasafn stofnunarinnar og starfrækir vefsetrið Söguslóðir (soguslodir.is) en þar eru vistuð upplýsingagögn um sagnfræði og birtar fregnir af vettvangi fræðanna. Hún tekur almennt ekki að sér þjónustuverkefni fyrir aðila utan skólans en miðlar óskum þess efnis áfram til sagnfræðinga. Hún styrkir fyrirlestra og útgáfu á fræðasviði sínu, þ.á. m. útgáfu doktorsritgerða.

Stofnunin hefur þriggja manna stjórn, tveir eru fræðimenn sem eiga aðild að stofnuninni en þriðji stjórnarmaðurinn er doktorsnemi. Hún er ekki með fastan starfsmann en hefur ráðið starfsmenn til tímabundinna verkefna.

3.1.6 Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við HÍ, stofnuð 1982 ^{187, 188}

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur var sett á laggirnar 2001 í tengslum við 90 ára afmæli Háskóla Íslands og evrópska tungumálaárið. Forveri stofnunarinnar er Stofnun í erlendum tungumálum sem var stofnuð 1982 og telst það því vera stofnár stofnunarinnar.¹⁸⁹

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur er rannsóknaveitvangur þeirra fræðimanna sviðsins sem fást við erlend tungumál og fornfræði. Yfir 40 fræðimenn eiga aðild að stofnuninni og eru flestir þeirra kennarar við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda.

Innan stofnunarinnar eru stundaðar rannsóknir í erlendum tungumálum, kennslufræði erlendra mála, máltileinkun, málvísindum, menningarfræðum, þýðingafræðum, bókmenntum og notagildi tungumála, ýmist í samstarfi fræðimanna stofnunarinnar eða í samvinnu við aðra utan hennar. Þá vinnur hún að þróunarverkefnum tengdum gerð kennsluefnis fyrir erlend tungumál, málsafna og orðabóka. Stofnunin stendur fyrir upplýstri umræðu á fagsviðum stofnunarinnar með því að gangast fyrir útgáfu, ráðstefnum,

¹⁸² Heimasíða Rannsóknastofu í táknmálsfræðum.

¹⁸³ Samtal við Rannveigu Sverrisdóttur, lektor og stjórnarmann í Rannsóknastofu í táknmálsfræðum, 12.8.2014.

¹⁸⁴ Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 197.

¹⁸⁵ Heimasíða Sagnfræðistofnunar.

¹⁸⁶ Samtal við Önnu Agnarsdóttur, prófessor og forstöðumann Sagnfræðistofnunar, 19.9.2014.

¹⁸⁷ Heimasíða Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

¹⁸⁸ Samtal við Auði Hauksdóttur, prófessor og forstöðumann Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, 18.9.2014.

¹⁸⁹ Svipmyndir úr sögunni, <http://aldarafmaeli.hi.is/aratugur/1971-1980>.

fyrirlestrum og hvers kyns annarri starfsemi sem styður rannsóknir og kennslu og eflir tengsl við alþjóðlegt háskólasamfélag sem og við íslenskt þjóðlíf.

Auk árlegs framlags frá Hugvísindastofnun skv. reglum hennar, hefur stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fengið styrki og stuðning innlendra og erlendra stuðningsaðila til einstakra verkefna og/eða reksturs stofnunarinnar. Í tengslum við stofnunina er starfræktur Styrktarsjóður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem er ætlað að stuðla að vexti og viðgangi stofnunarinnar og hefur til þessa fyrst og fremst styrkt útgáfu á vegum stofnunarinnar. Á undanförunum árum hefur stofnunin unnið markvisst að því að afla fjár til byggingar fyrir stofnunina, sem fyrirhugað er að rísi á háskólalóðinni. Byggingin mun hýsa alla starfsemi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og kennslu á vegum Deildar erlendra tungumála, auk starfsemi Vigdísarstofnunar – alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er skipuð fimm manns og tveim til vara. Fjórir eru tilnefndir af félögum stofnunarinnar úr hópi fastra kennara, þar á meðal er formaður stjórnar. Fimmti stjórnarmaðurinn er að jafnaði skipaður úr hópi doktorsnema á fagsviðum stofnunarinnar.

Fastir starfsmenn stofnunarinnar eru tveir, forstöðumaður (sem jafnframt er formaður stjórnar stofnunarinnar) og verkefnastjóri, samtals í hálfu öðru stöðugildi.

Í tengslum við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur starfa Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar, Þýðingasetur og Konfúsíusarstofnunin Norðurljós.

3.1.6.1 Vigdísarstofnun – alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar, stofnuð 2013

Á árinu 2013 var undirritaður samningur milli íslenskra stjórnvalda og UNESCO, menningar-, mennta- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna, um að Vigdísarstofnun starfi undir merkjum UNESCO (e. The Vigdís International Centre for Multilingualism and Intercultural Understanding). Stofnunin hefur ekki hafið starfsemi.

Markmið stofnunarinnar er að auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþátt í menningararfleifið mannkyns með megináherslu á kennslu erlendra tungumála, þýðingar, málstefnu og málvernd.

Stjórn Vigdísarstofnunar er skipuð sex manns. Þrír eru tilnefndir af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, einn af UNESCO, einn af íslensku UNESCO-nefndinni og einn af mennta- og menningarmálaráðherra, en hún hefur ekki enn komið saman.

3.1.6.2 Þýðingasetur, stofnað 2000 ^{190, 191}

Þýðingasetur Háskóla Íslands er rannsóknastofa sem stendur fyrir rannsóknum og hagnýtum verkefnum í þýðingum og þýðingafræði. Starfsemi setursins er fyrst og fremst tengt rannsóknum eins tiltekins fræðimanns á fræðasviðinu og samstarfsmanna hans og hafa þeir m.a. fengið styrki úr erlendum samkeppnisjóðum. Setrið styður við nám í þýðingafræðum, veitir ráðgjöf og vinnur að þjónustuverkefnum fyrir Háskóla Íslands, en áður einnig fyrir opinbera aðila og einkaaðila. Þá miðlar setrið upplýsingum um fræðin innan og utan Háskóla Íslands með ráðstefnum, málþingum og útgáfu í samvinnu við ýmsa aðila.

Þýðingasetur hefur ekki stjórn. Einn akademískur starfsmaður Háskóla Íslands starfar á vettvangi setursins. Að öðru leyti er það rekið af sjálfsaflafé en getur sótt styrki til Hugvísindastofnunar skv. reglum hennar.

3.1.6.3 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós, starfrækt frá 2008 ¹⁹²

Konfúsíusarstofnunin Norðurljós er kínversk menningarstofnun sem rekin er í samstarfi Háskóla Íslands og Ningbo-háskóla. Hún er meðal um 300 sambærilegra stofnana sem starfræktar eru við háskóla um allan heim. Tilgangur hennar er að styðja við nám í kínverskri tungu og fræðslu um kínverska menningu og samfélag.

Meginhlutverk stofnunarinnar hefur verið að styðja þróun námsleiðar í kínverskum fræðum við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði, auk þess að standa fyrir kennslu í

¹⁹⁰ Heimasíða Þýðingaseturs.

¹⁹¹ Samtal við Gauta Kristmannsson, prófessor og forstöðumann Þýðingaseturs, 18.9.2014.

¹⁹² Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

kínversku við framhaldsskóla og við endurmenntun. Þá stendur stofnunin fyrir margvíslegum menningarviðburðum, málþingum og fyrirlestrum í samstarfi við ýmsa aðila.

Í stjórn stofnunarinnar sitja tveir fulltrúar Ningbo-háskóla og tveir fulltrúar Háskóla Íslands, auk forstöðumanns stofnunarinnar. Auk forstöðumanns og verkefnastjóra, sem stunda rannsóknir á sviði kínverskrar heimspeki og trúarbragða, starfa sendikennarar við stofnunina en stofnunin hefur yfir að ráða vinnuaðstöðu fyrir fimm manns.

Hanban, undirstofnun kínverska menntamálaráðuneytisins, hefur styrkt stofnunina fjárhagslega en Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té húsnæði, aðstöðu, aðgang að stoðþjónustu og greiðir einnig laun forstöðumanns í hálfu starfi.

3.1.7 EDDA – öndvegissetur, stofnað 2009^{193, 194}

EDDA – öndvegissetur er þverfagleg sjálfstæð rannsóknastofnun og vettvangur fyrir samtímarannsóknir á sviði samfélags-, stjórn mála- og menningarrýni með áherslu á jafnrétti og margbreytileika. Setrið er með styrk frá Vísinda- og tækniráði á grundvelli markáætlunar vísinda- og tækniráðs 2009 sem var endurnýjaður árið 2012 til ársins 2017 en styrkupp hæðin er 35 milljónir króna á ári. Það á í samstarfi við fræðimenn héraðs og erlendis og leggur áherslu á klasasamstarf við ólíka aðila. Setrið stendur fyrir fyrirlestrum, ráðstefnum og vinnustofum á starfsviði sínu og veitir stuðning til rannsókna og fræðiritáútgáfu. Jafnréttisskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna á upphaf sitt hjá setrinu en hann er nú sérstök námsbraut sem rekin er í nánú samstarfi við það.

EDDA – öndvegissetur er með fjögurra manna stjórn sem forseti Hugvísindasviðs skipar. Í henni situr verkefnastjóri EDDU – öndvegisseturs á grundvelli samnings við Rannís, auk þriggja annarra fræðimanna sem eru skipaðir án tilnefningar. Í átta manna fagstjórn EDDU – öndvegisseturs eiga sæti þeir fjórir sem skipa stjórn þess auk fjögurra fulltrúa sem starfa utan Háskóla Íslands, í atvinnulífinu eða við alþjóðlegar akademískar stofnanir. Hlutverk fagstjórnar er að efla tengsl við erlenda og innlenda samstarfsaðila, stuðla að uppbyggingu rannsóknaklasa og -teyma, afla fjármagns til starfseminnar og taka þátt í stefnumótun um starfsemi setursins.

Hjá stofnuninni starfa þrjú starfsmenn í 1,5 stöðugildum á haustdögum 2014.

3.1.8 RIKK – Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum, stofnuð 1991^{195, 196}

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum er sjálfstæð rannsóknastofnun sem starfar á þverfaglegum grunni sem vettvangur fyrir rannsóknir og miðlun þekkingar á sviði kvenna- og kynjafræða og jafnréttisfræða. Stofnunin hét fyrst Rannsóknastofna í kvennafræðum, stofnuð 1991, síðar Rannsóknastofna í kvenna- og kynjafræðum en fékk nýverið nýtt nafn. Stofnunin stendur að ráðstefnum, málþingum og fundum í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, gefur út fræðirit, sinnir þjónusturannsóknum og ráðgjöf á fræðasviði sínu og styður við fræðimenn við rannsóknir sínar. Hún heldur úti vefsetrinu www.kvennaslodir.is sem er gagnabanki með nöfnum og ferilskrám kvenna sem eru sérfræðingar á ýmsum sviðum. Stofnan tekur þátt í evrópskum og norrænum rannsóknaverkefnum og tengslanetum á sviði kvenna- og kynjafræða.

Fimm manna stjórn stofnunarinnar er skipuð af forseta Hugvísindasviðs að höfðu samráði við rektor. Skv. reglum stofnunarinnar skal valið í stjórn með það að markmiði að hún endurspegli sem best fræðilegan fjölbreytileika Háskóla Íslands og er formaður stjórnar fastur akademískur starfsmaður á Hugvísindasviði. Stofnunin er með samstarfssamning við Reykjavíkurborg.

Fastir starfsmenn eru tveir í einu stöðugildi en aðrir starfsmenn eru verkefnaráðnir.

3.1.9 Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, stofnuð 1989^{197, 198}

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun. Stofnunin er miðstöð þverfagleg samstarfs um siðfræði og samstarfsvettvangur kennara í siðfræði við Háskóla Íslands og

¹⁹³ Heimasíða EDDU – öndvegisseturs.

¹⁹⁴ Samtal við Irmu Erlingsdóttur, dósent og forstöðumann EDDU – öndvegisseturs.

¹⁹⁵ Heimasíða RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum.

¹⁹⁶ Samtal við Irmu Erlingsdóttur, dósent og forstöðumann RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum.

¹⁹⁷ Samtal við Salvöru Nordal, forstöðumann Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands, 19.9.2014.

¹⁹⁸ Heimasíða Siðfræðistofnunar.

leitir jafnframt eftir samstarfi við siðfræðikennara í öðrum háskólastofnunum. Siðfræðistofnun er leiðandi í umræðu um siðfræði og ráðgjöf um siðfræðileg málefni í landinu, m.a. til opinberra aðila með umsögnum um skýrslur, lagafrumvörp og siðfræðileg álitamál innan stjórnarsýslunnar. Þá taka starfsmenn stofnunarinnar og stjórnarmenn virkan þátt í umræðu um brýn siðfræðileg álitaeftir í samfélaginu og halda fjölmarga fyrirlestra á málþingum, ráðstefnum og námskeiðum ár hvert.

Siðfræðistofnun vinnur að rannsóknaverkefnum og hefur fengið rannsóknastyrki úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum. Hún stendur fyrir málþingum og fyrirlestrum fyrir fræðimenn og almennung. Stofnunin kemur að skipulagningu náms og kennslu í siðfræði við Háskóla Íslands. Hún hefur frá upphafi staðið að fjölbreyttri útgáfu fræðiritna um siðfræði og er aðili að vef um gagnrýna hugsun og siðfræði sem á að auðvelda kennurum á öllum skólastigum að vinna skipulega með gagnrýna hugsun og siðfræði.

Stjórn Siðfræðistofnunar er skipuð fimm manns. Námsbraut í heimspeki, Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kirkjuráð þjóðkirkjunnar tilnefna einn stjórnarmann hver og annan til vara. Forseti Hugvísindasviðs skipar fimmta stjórnarmanninn án tilnefningar. Forstöðumaður stofnunarinnar er í fullu starfi en auk hans starfa þrjár starfsmenn í tveimur stöðugildum tímabundið við stofnunina að rannsóknaverkefnum á haustdögum 2014.

Siðfræðistofnun hefur komið að skipulagningu meistaranáms í hagnýtri siðfræði við námsbraut í heimspeki. Auk framlags frá sviðinu er stofnunin rekin með sjálfsaflafé, með erlendum og innlendum rannsóknastyrkjum, þjónustuverkefnum, útgáfu og ráðstefnuhaldi. Þá hefur stofnunin lengst af notið fasts framlags frá kirkjuráði.

Tvær rannsóknastofur sem heyra beint undir Hugvísindastofnun

Tvær rannsóknastofur heyra beint undir Hugvísindastofnun. Þær njóta ekki reglubundins fjárhagslegs stuðnings frá Hugvísindastofnun en geta sótt um starfstengda styrki.

3.1.10 Miðaldastofa, stofnuð 2001¹⁹⁹

Miðaldastofa er þverfræðileg stofa og vettvangur fyrir rannsóknir í miðaldafræðum við Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Markmið hennar eru einkum að leiða saman miðaldafræðinga úr mismunandi fræðigreinum, skipuleggja rannsóknaverkefni, stuðla að samstarfi við stofnanir innan og utan Háskóla Íslands og beita sér fyrir útgáfu fræðilegs efnis um miðaldir.

Jafnframt stendur hún fyrir ráðstefnum en einnig málstofu í miðaldafræðum með reglubundnum hætti með þátttöku kennara, fræðimanna og doktors- og meistaranema í miðaldafræðum við íslenska og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir. Miðaldastofa skapar þannig þverfræðilegan vettvang þar sem fræðimenn geta kynnt rannsóknir sínar í uppbyggilegu og jákvæðu andrúmslofti. Fyrirlestrar hjá Miðaldastofu eru jafnan opnir almennungi og hafa verið vel sóttir.

Rétt til aðildar að Miðaldastofu eiga allir þeir sem stunda rannsóknir í miðaldafræðum við Háskóla Íslands og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en stjórn stofunnar er einnig heimilt að veita öðrum fræðimönnum eða doktorsnemum sem þess ósk aðild að henni.

Miðaldastofa er með þriggja manna stjórn sem skipuð kennurum við Háskóla Íslands og fræðimönnum við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, auk þriggja varamanna. Forseti Hugvísindasviðs skipar forstöðumann Miðaldastofu að fenginni tillögu stjórnar stofunnar.

3.1.11 Rannsóknastofa í máltileinkun, stofnuð 2010²⁰⁰

Rannsóknastofa í máltileinkun er samstarfsverkefni Málvísindastofnunar, Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Tungumálamiðstöðvar Háskóla Íslands og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Hún er þverfaglegur samstarfsvettvangur fræðimanna sem stunda rannsóknir á sviði annarsmálsfræða, tvítýngis, tileinkunar máls og menningar og rannsóknir á kennslu í öðru máli og þróun námsefnis.

¹⁹⁹ Samtal við Harald Bernharðsson, dósent og forstöðumann Miðaldastofu, 29.10.2014.

²⁰⁰ Reglur um Rannsóknastofu í máltileinkun.

Markmið stofunnar er að efla þverfaglegt rannsókn- og þróunarstarf, innlent og erlent, á sviði annarsmálsfræða, koma á fót gagnagrunni um tileinkun máls og menningar og safna upplýsingum um slík rannsóknagögn, miðla þekkingu á annarsmálsfræðum, t.d. með umræðufundum, málþingum og útgáfu nettímarits, og stuðla að bættum ritakosti á fræðasviðinu.

Rannsóknastofan hefur fjögurra manna stjórn, þrjá sem eru kennarar við Háskóla Íslands og einn doktorsnema.

4. Menntavísindasvið

Menntavísindasviði er skipt í þrjár deildir Íþróttá-, tómsunda- og þroskajálfadeild, Kennaradeild og Uppeldis- og menntunarfræðideild.

Menntavísindasvið starfar eftir stefnu um rannsóknir sem samþykkt var af vísindaráði Kennaraháskóla Íslands 13. júní 2008 og náði yfir tímabilið 2008-2013 en stefnan tók gildi við formlega sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans 1. júlí 2008. Þar eru sett fram markmið um eflingu og stuðning við rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála á tímabilinu:

Menntavísindasvið setur sér að efla menntarannsóknir til að skapa þekkingu sem nýtist við að þróa íslenskt fræðslu- og menntakerfi svo það geti verið í fremstu röð. Á sama hátt mun sviðið efla rannsóknir á sviði uppeldis- og menntamála og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun um efnið.²⁰¹

Sett voru fram undirmarkmið er varða m.a. eflingu rannsóknanáms og rannsóknvirkni fræðimanna, eflingu rannsóknastofa og samvinnu um stærri rannsóknaverkefni, eflingu stoðþjónustu við rannsakendur, eflingu tengsla við stofnanir, yfirvöld og rannsóknastofnanir á sviði menntamála, þjálfunar og umönnunar og við atvinnulíf og landsbyggð, að auka alþjóðatengsl og samstarf, að auka sókn í samkeppnisjóði vegna rannsókna og efla stöðu menntavísinda í styrkjakerfum. Gerð var aðgerðaáætlun til að ná framangreindum markmiðum.

Unnið er endurskoðun á þessari stefnu og mati á árangri hennar. Niðurstöður liggja ekki fyrir en nokkrar vísbendingar hafa verið dregnar fram.

Menntavísindastofnun var sett á laggirnar 2010 en þrettán rannsóknastofur höfðu þá þegar hafið starfsemi innan fræðasviðsins. Þær eru nú 22 talsins, vettvangur þverfræðilegs samstarfs rannsakenda. Reglur um starfsemi þeirra hafa verið samræmdar og njóta rannsóknastofunnar virks stuðnings Menntavísindastofnunar. Áform um aukinn stuðning og þjónustu við fræðimenn skólans við undirbúning rannsókna, styrkjaöflun, framkvæmd, úrvinnslu og kynningu rannsókna hafa gengið eftir og eru á höndum Menntavísindastofnunar.

Heildarrannsóknastig Menntavísindasviðs voru 2666 stig á árinu 2008, 1926 stig á árinu 2009, en fóru í 3182 stig á árinu 2011, 3083 stig á árinu 2012 en lækkuðu hins vegar aðeins á árinu 2013 í 2991stig. Meðaltal rannsóknastiga hefur á sama tíma aukist um nær 100%, voru 14 stig á árinu 2008, fóru stighækkandi og voru á árinu 2013 22,8 stig, eða 27,4 stig þegar búið var að taka tillit til starfshlutfalls.

Sjálfsaflafé sviðsins hefur nær fjórfaldast frá 2008, þegar það nam um 55 milljónum króna, í um 205 milljónir króna 2013.

Það er mat stjórnenda Menntavísindasviðs að hlutur íslenskra menntarannsókna í alþjóðlegu vísinda- og menntarannsóknahverfi hafi verið eflur.²⁰²

Menntavísindasvið úthlutaði rannsóknafé til akademískra starfsmanna sviðsins fyrir árin 2008 til 2012 þar sem upphæð tók mið af rannsóknvirkni viðkomandi. Ákvörðun um þessa úthlutun og heildarupphæð réðst af fjárhagslegri stöðu sviðsins hverju sinni. Fyrir árið 2012 var alls 6,2 milljónum króna úthlutað í þessu skyni. Akademískur starfsmaður fékk þá úthlutað ákveðinni upphæð sem réðst af fjölda rannsóknastiga viðkomandi umfram 10 stig, en 50% dróst af útreiknaðri upphæð ef ekki var um aflstig að ræða. Fyrir 10-19 stig var upphæðin 40 þúsund krónur, 80 þúsund krónur fyrir 20-39 stig, 100 þúsund krónur fyrir 40-49 stig, 120 þúsund krónur ef stigin voru yfir 50 stig og fleiri stig en 100 gáfu 160

²⁰¹ Stefna um rannsóknir 1. júlí 2008 – 30. júní 2013, gefin út af Menntavísindasviði Háskóla Íslands.


²⁰² Upplýsingar frá Kristínu Harðardóttur, forstöðumanni Menntavísindastofnunar, 5.6.2014.

þúsund krónur. Féð má nota til þess að greiða útgjöld vegna rannsókna, svo sem fyrir aðstoð, þýðingar fræðigreina, ráðstefnugjöld o.fl. en ekki er heimilt nota það til að greiða sjálfum sér laun né ferðakostnað.

4.1 Menntavísindastofnun, stofnuð 2010 ^{203, 204, 205}

Menntavísindastofnun er rannsókn- og fræðastofnun sem starfar á Menntavísindasviði. Hún hefur það hlutverk að efla rannsóknir og rannsóknnaumhverfi innan sviðsins og stuðla að miðlun og nýtingu þekkingar sem verður til innan menntavísinda. Stofnunin þjónar starfsmönnum Menntavísindasviðs, rannsóknastofum og -stofnunum, opinberum aðilum og félagasamtökum. Upphaflega var Menntavísindastofnun undir rannsóknaráði sviðsins hvað skipulag varðar en frá 2013 er stjórn Menntavísindasviðs jafnframt stjórn Menntavísindastofnunar og er forseti Menntavísindasviðs um leið formaður stjórnar Menntavísindastofnunar. Stjórninni er ætlað að fylgja stefnu fræðasviðsins í rannsóknum og stefnu um miðlun hagnýtrar þekkingar til starfsvettvangs.

Mynd 6. Skipurit Menntavísindasviðs og Menntavísindastofnunar



Tafla 19. Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Menntavísindasviði

Stofnár	Rannsóknastofnun/Rannsóknastofa
2006	Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna *
2007	Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) Rannsóknastofa í fjölmennningarfræðum Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglinga
2008	Rannsóknastofa í íþróttá- og heilsufræðum (RÍH) Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR) Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (RANNMÁL) Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun
2009	Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun (RannUM) Rannsóknastofa um háskóla Rannsóknastofa um þróun skólastarfs Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
2010	Menntavísindastofnun Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKYN) Rannsóknastofa í þroskabjálfafræðum
2011	Rannsóknastofa í tónlistarfræðum
2012	Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag (NNN) Rannsóknastofa námsgagna Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun Rannsóknastofa um starfendarannsóknir
2013	Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK)

*heyrði áður Félagsvísindastofnun til en færðist yfir til Menntavísindastofnunar 2014

²⁰³ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁰⁴ Reglur um Menntavísindastofnun Háskóla Íslands nr. 1023/2009 með síðari breytingum.

²⁰⁵ Heimasíða Menntavísindastofnunar.

Hjá Menntavísindastofnun eru starfandi 22 rannsóknastofur sem eru vettvangur samstarfs fræðimanna innan sviðsins og í mörgum tilvikum einnig annarra aðila utan HÍ. Í töflu 19 er yfirlit yfir rannsóknæiningar sviðsins og er þeim raðað eftir stofnári.

Menntavísindastofnun styður við starfsemi rannsóknastofa og er þeim innan handar í verkefnum þeirra og hefur lifandi starf, þróun og virkni að leiðarljósi. Stofnunin veitir fræðimönnum ráðgjöf um fýsileika rannsókna og veitir þeim upplýsingar, aðstoð og ráðgjöf við undirbúning rannsóknaumsókna í erlenda og innlenda rannsóknasjóði. Jafnframt veitir stofnunin aðstoð og ráðgjöf við skipulagningu rannsókna og aðferðafræði, gagnaúrvinnslu og skrif á rannsóknaniðurstöðum, auk aðstoðar og leiðbeininga vegna birtingar og kynningar á þeim. Þessi aðstoð stendur akademískum starfsmanni til boða endurgjaldslaust fyrstu 20 klukkustundirnar en með 50% afslætti af taxta stofnunarinnar næstu 40 klukkustundirnar og síðan gegn fullu gjaldi upp að 220 klukkustundum. Miðað er við hálfis árs tímabil frá því að verkið hefst. Þá heldur stofnunin utan um rannsóknafé og sér um fjárhagslegt uppgjör þess í samstarfi við fjármálastjóra og rekstrarstjóra sviðsins. Einnig er hægt að leita til stofnunarinnar um aðstoð við vefsíður, yfirlestur málfars á íslensku og ensku, vélritun viðtala og aðra þætti er tengjast úrvinnslu rannsókna og er sú vinna greidd af viðkomandi verkefni. Stofnunin stuðlar að og hefur oft frumkvæði að samstarfi fræðimanna við innlenda og erlenda aðila, fræðimenn, stofnanir og samtök innan og utan Háskóla Íslands sem tengjast fræðasviðum Menntavísindasviðs.²⁰⁶ Forstöðumaður hefur rannsóknareynslu og rannsóknþekkingu og hefur það skipt miklu máli fyrir starfsemi stofnunarinnar. Hann tekur þátt í samstarfi rannsóknastjóra innan Háskóla Íslands.

Menntavísindastofnun skipuleggur og ber faglega ábyrgð á Menntakviku, árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs, og tekur þátt í að skipuleggja ráðstefnur, málstofur, fyrirlestra og útgáfustarfsemi sem tengjast rannsóknum á sviðinu. Jafnframt veitir hún stuðning við alþjóðlegar ráðstefnur sem skipulagðar eru af kennurum eða faghópum innan sviðsins með utanumhaldi og skipulagningu. Á árinu 2013 var endurmenntun kennara, sem áður var undir hatti sérstakrar starfseiningar og nefndist Símenntun, rannsóknir, ráðgjöf (SRR), flutt undir Menntavísindastofnun.

Menntavísindastofnun sinnir rannsókn-, þróunar- og þjónustuverkefnum sem tengjast menntunarmálum fyrir opinbera aðila og atvinnulífið, iðulega í samvinnu og samráði við fræðimenn á viðkomandi fræðasviði og eru þeir þá taldir með sem höfundar skýrslna. Skv. skilyrðum stofnunarinnar eru skýrslur og gögn sem verða til við vinnslu þjónustuverkefna á vegum hennar birt í opnum aðgangi og þau eru gerð aðgengileg fyrir fræðimenn og nemendur til frekari þekkingaröflunar og rannsókna.

Stofnunin gefur út skýrslur sem tengjast verkefnum hennar og sérít sem tengjast ákveðnum þemum og ráðstefnum. Hún styður við og aðstoðar kennara í samskiptum við útgefendur og veitir aðstoð við útgáfu tveggja tímarita á sviðinu, *Netlu* og *Uppeldis og menntunar*.

Stofnunin útvegar rannsóknastofum, gestakennurum og starfsmönnum rannsóknaverkefna við sviðið aðstöðu eftir því sem kostur er.

Starfsmenn stofnunarinnar eru sex talsins í fimm stöðugildum: forstöðumaður og fimm sérfræðingar. Þá hafa fjórir nýdóttarar aðstöðu hjá stofnuninni, auk doktorsnema sem tengjast einstökum rannsóknastofum. Fjöldi starfsmanna hverju sinni ræðst af verkefnastöðu.

Staða forstöðumanns Menntavísindastofnunar er greidd af Menntavísindasviði en stöður annarra starfsmanna eru að mestu fjármagnaðar af sjálfsaflafé, þ.e. styrkjum úr samkeppnissjóðum, Afmælisjóði Háskóla Íslands og tekjum af þjónustuverkefnum, endurmenntunarnámskeiðum og annarri þjónustu, s.s. við starfsmenn vegna rannsóknastarfa.

Heildartekjur Menntavísindasviðs/Menntavísindastofnunar vegna styrkja á árinu 2013 voru um 205 milljónir króna, sem skiptast þannig:

²⁰⁶ Aðgangur að sérfræðingum Menntavísindastofnunar, reglur, Menntavísindastofnun, 19. febrúar 2013.

Tafla 20. Yfirlit yfir styrki sem Menntavísindastofnun fékk 2013

Menntavísindastofnun	2013
Almennir styrkir	42.872.101
Innlendir styrkir	58.821.204
Erlendir styrkir	103.261.853
Samtals	204.955.158

Ótalin er styrkur úr Aldarafmællissjóði fyrir launum tveggja starfsmanna, þ.m.t. sérfræðingi í aðferðafræði á árinu 2013, auk þess sem millifærslur af verkefnum sem kennarar sviðsins greiða til stofnunarinnar vegna veittrar þjónustu hennar eru ekki taldar með.

Rannsóknastofur Menntavísindasviðs tengjast ekki tiltekinni deild innan sviðsins. Stjórn Menntavísindastofnunar hefur sett almennar reglur um starfsemi rannsóknastofa og eru eldri reglur ekki lengur í gildi þótt þær séu enn aðgengilegar á vef flestra stofanna.²⁰⁷ Forstöðumaður Menntavísindastofnunar hefur eftirlit með starfsemi stofanna, m.a. hvað varðar fjármál þeirra, og veitir þeim stuðning og aðstoð.

Rannsóknastofur Menntavísindasviðs eru faglega sjálfstæðar. Markmið þeirra er að auka og efla rannsóknir í menntavísindum og vera vettvangur samstarfs fræðimanna á sviðinu, við fræðimenn í öðrum greinum, erlenda fræðimenn og starfsvettvanginn. Þær hafa samstarf og tengsl við stefnumótunar- og framkvæmdaðila í samfélaginu og miðla fenginni þekkingu til samfélagsins með útgáfu fræðigreina og fræðiriti, fyrirlesturum, ráðstefnum, málþingum, ráðgjöf og annarri þjónustu. Nokkrar rannsóknastofur veita nemum í rannsóknatengdu framhaldsnámi þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum og gefa þeim kost á að vinna rannsóknir og námsverkefni innan þeirra. Rannsóknastofur geta tekið að sér verkefni sem til þeirra er beint, hafi þær fjárhagslegt bolmagn til þess. Rannsóknastofurnar leggja mismunandi áherslu á framangreind hlutverk.

Í töflu 21 er lagt mat á það hversu virk starfsemi rannsóknæininga Menntavísindasviðs er. Þar kemur fram að starfsemin er vel virk innan Menntavísindastofnunar og sjö rannsóknastofa sem starfa innan hennar. Nokkur starfsemi fer fram innan níu rannsóknastofa og lítil starfsemi hjá sex þeirra.

Tafla 21. Virkni rannsóknæininga á Menntavísindasviði

Virk starfsemi	Nokkur starfsemi	Lítill starfsemi
Menntavísindastofnun	Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og ungmenna	Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna	Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar	Rannsóknastofa um háskóla
Rannsóknastofa í fjölmenningarfræðum	Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu	Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi
Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum	Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun	Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag
Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls	Rannsóknastofa í þroskaþjálfufræðum	Rannsóknastofa námsgagna
Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun	Rannsóknastofa í tónlistarfræðum	Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun
Rannsóknastofa um þróun skólastarfs	Rannsóknastofa um starfendarannsóknir	
Rannsóknastofa um upplýsingatækni og miðlun	Rannsóknastofa um skapandi skólastarf	
	Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna	

*Rannsóknastofnun sviðsins er skyggð.

Kennarar Menntavísindasviðs hafa val um hvort þeir taki þátt í starfsemi rannsóknastofa og séu aðilar að þeim. Misjafnt er hvort og hvernig haldið er utan um lista yfir aðila að rannsóknastofu. Akademískir starfsmenn geta átt aðild að og setið í stjórn fleiri en einnar stofu.

²⁰⁷ Reglur um rannsóknastofur Menntavísindastofnunar.

Menntavísindastofnun leggur áherslu á að auðvelt sé að setja rannsóknastofur á laggirnar og jafnframt einnig að leggja þær niður. Einn eða fleiri akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs geta óskað eftir því við stjórn Menntavísindastofnunar að stofnuð verði rannsóknastofa á grundvelli reglna um rannsóknastofur innan sviðsins og tilgreina aðstandendur hennar og hlutverk. Samþykki stjórnar Menntavísindastofnunar þarf til að stofna stofu og fylgja þær almennum starfsreglum rannsóknastofa sem Menntavísindasvið hefur sett þ.á m. um skipan stjórnar. Hægt er að óska eftir því við stjórn Menntavísindastofnunar að leggja niður stofu. Hafi liðið tvö misseri án þess að fundir séu haldnir í stjórn stofu eða ekki berist greinargerð um starfsemi hennar er litið svo á að hún sé ekki lengur starfandi. Rannsóknastofur skila árlega skýrslu til Menntavísindastofnunar um starfsemi sína.

Tafla 22. Yfirlit yfir skipan stjórna á Menntavísindasviði

	Fjöldi í stjórn	Í stjórn frá sviði/ Háskóla Íslands	Doktors- nemar	Samstarfsaðilar utan Háskóla Íslands í stjórn	Ráðgjafar- ráð
Menntavísindastofnun	4	Forseti sviðsins og deildarforsetarnir þrír			
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna	5	2		3	
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum	6	3	1	2	
Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og ungmenna	5	3	2		
Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum	3	3			
Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar	4	2	1	1	
Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu	3	2		1	
Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum	5	3	2		
Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls	4	3		1	
Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun	3	3			
Rannsóknastofa um upplýsingatækni og miðlun	7	3	2	2	
Rannsóknastofa um háskóla	5	5			
Rannsóknastofa um þróun skólastarfs	5	5			
Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi	5	5			Já
Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun	5	4	1		
Rannsóknastofa í þroskaþjálfarfræðum	5	5			Já
Rannsóknastofa í tónlistarfræðum	4	2		2	Já
Rannsóknastofa um námskrár, námsmat og námsskipulag	3	3			
Rannsóknastofa námsgagna	Óvirk				
Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun	Ný				
Rannsóknastofa um starfendarannsóknir	4	3	1		
Rannsóknastofa um skapandi skólastarf	5	3		2	
Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna*	3	2		1	

*Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna hét áður Rannsóknasetur um lífshætti barna og ungmenna en breytti um nafn þegar hún færðist frá Félagsvísindastofnun til Menntavísindastofnunar 2014

Aðstandendur stofu skipa henni a.m.k. þriggja manna stjórn og skv. reglum þarf anna hvort meirihluti stjórnar eða formaður að koma úr hópi fastráðinna akademískra starfsmanna Menntavísindasviðs.

Formaður stjórnar veitir stofu að öllu jöfnu forstöðu og hjá virkustu stofunum starfa sérfræðingar og doktorsnemar að rannsóknaverkefnum sem stofan hefur fengið styrki til að vinna.

Í töflu 22 er yfirlit yfir skipan stjórnanna innan Menntavísindasviðs. Hjá níu rannsóknastofum af 22 eiga samstarfsaðilar sæti í stjórn. Tvær til viðbótar hafa starfandi ráðgjafaráð og ein hefur bæði og utanaðkomandi aðila í stjórn og ráðgjafaráð. Ráðgjafaráð eru yfirleitt arfleifð frá eldri reglum. Doktorsnemar eiga sæti í stjórn hjá sjö rannsóknastofum. Átta stjórnir eru eingöngu skipaðar starfsmönnum Háskóla Íslands, auk Menntavísindastofnunar, sem er skipuð forseta fræðasviðsins og deildarforsetunum þremur á sviðinu. Ein stofa er óvirk og önnur er ný og hafa þær ekki stjórn.

Rannsóknastofur hafa sjálfstæðan fjárhag og eru reknar af sjálfsaflafé. Þótt fjármagn gefi ákveðnar vísbendingar um starfsemi segir það ekki alla söguna. Þannig geta stofur sem hafa lítið fjárhagslegt flæði staðið fyrir töluverðri starfsemi t.d. sem vettvangur fræðslu og samstarfs við fagaðila. Verkefni, s.s. rannsókn-, þjónustu-, ráðgjafa-, starfsþróunar- eða símenntunarverkefni, sem akademískir starfsmenn afla má telja til stofu með samþykki stjórnar hennar en fagleg og fjárhagsleg ábyrgð er hins vegar á höndum þeirra akademísku starfsmanna sem öfluðu verkefnanna eða forstöðumanns Menntavísindastofnunar skv. samkomulagi.

Heildartekjur Menntavísindastofnunar og rannsóknastofa sem starfa innan hennar eru um 400 milljónir króna á árinu 2013, sjá töflu 23.

Tafla 23. Yfirlit yfir tekjur og fjölda starfsmanna rannsóknæininga á Menntavísindasviði

	Tekjur 2013 í m.kr.	Fjöldi starfsmanna
Menntavísindastofnun	205 *	6
Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna	15,6	0,3 + 3 doktorsnemar
Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum	63,5	8 doktorsnemar
Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og ungmenna	1,5	0
Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum	25	0
Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar	1,3	0
Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu	3,5	0
Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum	0	0
Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls	14,5	0
Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun	9	0
Rannsóknastofa um upplýsingatækni og miðlun	0,85	0
Rannsóknastofa um háskóla	0	0
Rannsóknastofa um þróun skólastarfs	11	0,25
Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi	0	0
Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun	0,4	0
Rannsóknastofa í þroskaþjálfingfræðum	1,6	0
Rannsóknastofa í tónlistarfræðum	2,2	0
Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag	0	0
Rannsóknastofa námsgagna	0	0
Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun	0	0
Rannsóknastofa um starfendarannsóknir	0,75	0
Rannsóknastofa um skapandi skólastarf	2	0
Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna	2	0
Samtals	376,7 m.kr.	8 í 6,6 stöðugildum + 11 doktorsnemar

*Ótalin eru laun tveggja sérfræðinga greidd úr Aldarafmællissjóði og greiðslur kennara til Menntavísindastofnunar vegna þjónustu hennar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir starfsemi rannsóknastofa sem starfa innan Menntavísindastofnunar. Þeim er raðað upp eftir stofnari.

4.1.1 Rannsóknastofa um lífshætti barna og ungmenna, stofnuð 2006^{208, 209}

Starfsemi rannsóknastofunnar tengist fyrst og fremst rannsóknum eins tiltekins fræðimanns og samstarfsmanna hans. Stofan starfaði áður innan vébanda Félagsvísindastofnunar en var flutt til Menntavísindastofnunar 2014. Hún hét áður Rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna.

Megináherslur í starfseminni eru rannsóknir á sviði lífshátta barna og ungmenna, einkum því sem lýtur að margvíslegum þroska þeirra, námsgengi, borgaravitund, áhættuhegðun, seiglu og lífssýn. Þessi svið eru skoðuð í ljósi ýmissa uppeldislegra, sálfræðilegra, félagslegra og menningarlegra þátta. Jafnframt vinnur stofan að því að miðla vísindalegri þekkingu um lífshætti barna og ungmenna með útgáfu, ráðgjöf, fyrirlestrum, málþingum og námskeiðum. Rannsóknastofan skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega.

Stjórn rannsóknastofunnar er skipuð þremur mönnum: tveir eru starfsmenn Háskóla Íslands og einn sérfræðingur utan skólans. Hún hefur ekki fastan starfsmann en hefur ráðið framhaldsnema til tímabundinna verkefna, þó ekki síðustu mánuði. Doktorsnemar viðkomandi fræðimanns vinna verkefni undir hatti rannsóknastofunnar. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 2 m.kr., þar af kom 1,1 m.kr. úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og um 900 þús. kr. frá Rannís.

4.1.2 Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng), stofnuð 2007^{210, 211, 212}

Rannsóknastofan var sú fyrsta sem stofnuð var við Kennaraháskóla Íslands. Hún stendur fyrir rannsóknum og þróunarverkefnum um menntun og uppeldi ungra barna á aldrinum 0-8 ára. Í starfi sínu leggur hún mikla áherslu á samstarf við starfsfólk á vettvangi, í leikskólum og fyrri hluta grunnskóla, aðra hagsmunaaðila og skólafirvöld. Hún á í rannsóknasamstarfi við erlenda aðila. Framhaldsnemar fá tækifæri til að vinna rannsóknir innan veggja stofunnar. Þá stendur rannsóknastofan að fyrirlestrum, málþingum og ráðstefnum, gefur út bækur á fræðasviði sínu og skipuleggur málstofu á Menntakviku.

Rannsóknastofan hefur gert samstarfssamning við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, síðast árið 2012 til þriggja ára og fær fast árlegt fjárframlag. Í samningnum felst m.a. að stofan vinnur rannsóknaverkefni og heldur ráðstefnur í samstarfi við sviðið. Jafnframt hefur hún samstarfssamning við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um rannsóknaverkefni í leikskólum.

Stjórn stofunnar er skipuð fimm manns: tveimur kennurum við Menntavísindasvið og þremur fulltrúum samstarfsaðila, m.a. umboðsmanns barna, einum sameiginlegum fulltrúa Félags stjórnenda leikstjóra og Félags leikskólakennara og einum fulltrúa frá Reykjavíkurborg. Í ágúst 2014 er starfsmaður í 30% starfi við stofuna. Auk þess starfa þrír doktorsnemar við verkefni sem tengjast stofunni og standa tekjur af þeim undir launum þeirra. Tekjur stofunnar á árinu 2013 voru um 15,6 milljónir króna. Þar af eru um 11,7 milljónir króna úr alþjóðlegum samkeppnisjóðum, um 2 milljónir króna árlegir styrkir frá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, um 1,5 milljónir króna, sem eru tekjur vegna þjónustuverkefna, og um 500 þúsund krónur, sem er doktorsstyrkur.

4.1.3 Rannsóknastofa í fjölmeningarfræðum, stofnuð 2007^{213, 214}

Rannsóknastofa í fjölmeningarfræðum er samstarfsvettvangur kennara, meistara- og doktorsnema á sviði fjölmeningarfræða. Starfsemin er mjög virk og eru ætíð fjölmörg rannsóknaverkefni í vinnslu sem hafa fengið innlenda og alþjóðlega rannsóknastyrki. Rannsóknastofan á samstarf við ýmsa aðila utan skólans á sérsviði sínu. Í sex manna stjórn stofunnar eiga sæti fulltrúi Mannréttindasviðs Reykjavíkurborgar og sérfræðingur í fjölmeningarmálum m.a. á sviði menntunar, trúarbragða og tungumála. Aðrir í stjórn eru þrír kennarar sviðsins og einn doktorsnemi.

²⁰⁸ Heimasiða Rannsóknasetursins Lífshættir barna og ungmenna.

²⁰⁹ Samtal við Sigrúnu Aðalbjarnardóttur, prófessor og forstöðumann Rannsóknasetursins Lífshættir barna og ungmenna, 17.9.2014.

²¹⁰ Heimasiða Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna.

²¹¹ Ársskýrsla 2012, Rannsóknastofa í menntunarfræðum ungra barna.

²¹² Samtal við Örnú Hólmfríði Jónsdóttur, lektor og forstöðumann Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna, 21.8.2014.

²¹³ Heimasiða Rannsóknarstofu í fjölmeningarfræðum.

²¹⁴ Samtal við Gunnar J. Gunnarsson, dósent og forstöðumann Rannsóknarstofu í fjölmeningarfræðum, 20.8.2014.

Rannsóknastofan stendur reglulega fyrir málþingum og ráðstefnum, oft í samvinnu við stofnanir og samtök utan skólans, þar sem kynntar eru niðurstöður rannsókna á fræðasviðinu og málefni því tengd eru til umræðu. Stofan hefur staðið að útgáfu á bókum tengdum rannsóknum fræðimanna. Hún skipuleggur málstofu á Menntakvikunni.

Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann en átta doktorsnemar starfa innan hennar við rannsóknir sem tengjast verkefnum hennar. Tekjur stofunnar á árinu 2013 voru um 63,5 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofunni fengust 2,7 milljónir króna frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 5,3 milljónir króna frá Rannís, 800 þúsund krónur frá Innflytjendasjóði og um 54,6 milljónir króna í styrki frá erlendum samkeppnissjóðum. Hluti af því síðastnefnda fer í greiðslur til erlendra samstarfsaðila, þar sem fræðimaður á vegum stofunnar stýrir tveimur alþjóðlegum verkefnum og fara greiðslur til erlendu samstarfsaðilanna í gegnum stofuna.

4.1.4 Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og ungmenna, stofnuð 2007 ²¹⁵

Meginverkefni rannsóknastofunnar lýtur að rannsóknum og þróunar- og þjónustuverkefnum er varða málþroska, læsi og aðra þroskaþætti sem tengjast námi og farsælli skólagöngu íslenskra barna. Þessi verkefni eru m.a. unnin í samstarfi við innlenda og erlenda samstarfsaðila, stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir og fagaðila. Rannsóknastofan skipuleggur málstofu á Menntakvikunni á hverju ári.

Í stjórn stofunnar eiga sæti þrjú akademískir starfsmenn og tveir doktorsnemar. Hún hefur haft tekjur af rannsókn-, þróunar- og þjónustuverkefnum og í tengslum við þau ráðið starfsfólk til tímabundinna verkefna. Um 10-12 kennarar Háskóla Íslands tengjast starfsemi rannsóknastofunnar á haustdögum 2014. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 1,5 m.kr. Til verkefna tengdra stofunni fengust styrkir að upphæð um 1 m.kr. frá Rannís og 500 þúsund krónur frá mennta- og menningamálaráðuneytinu.

4.1.5 Rannsóknastofa í íþrótt- og heilsufræðum (RÍH), stofnuð 2008 ^{216, 217}

Við rannsóknastofuna eru stundaðar rannsóknir í íþrótt- og heilsufræðum, m.a. í þverfræðilegu samstarfi við fræðimenn í öðrum deildum Háskóla Íslands, aðra háskóla og stofnanir hérlendis og erlendis, s.s. landlæknisembættið, Hjartavernd og ÍSÍ. Þar gefast meistara- og doktorsnemunum tækifæri til að vinna við rannsóknir sínar í rannsóknateymum. Starfsemi er mjög virk og eru nokkur stór rannsóknaverkefni sem hafa fengið styrki úr innlendum og alþjóðlegum rannsóknasjóðum í vinnslu. Stofan stendur fyrir málþingum eftir því sem tilefni gefast og skipuleggur málstofu á Menntakvikunni árlega.

Stjórn stofunnar er skipuð þremur starfsmönnum Háskóla Íslands. Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann en einn nýdokter starfar við hana og fær hann greidd laun úr Aldarafmællissjóði Háskóla Íslands, auk þess sem tveir doktorsnemar starfa við verkefni á vegum stofunnar. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 25 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofunni fengust 3,4 milljónir frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, 9,3 milljónir króna frá Rannís, 2 milljónir króna frá landlæknisembættinu, 4,75 milljónir króna í styrki í gegnum mennta- og menningamálaráðuneytið, 750 þúsund krónur frá fyrirtækjum í atvinnulífinu og 3,3 milljónir króna úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum.

4.1.6 Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar, stofnuð 2008 ^{218, 219}

Rannsóknastofan einbeitt sér að þverfaglegum rannsóknum og þróunarstarfi á sviði skóla án aðgreiningar. Hún er stofnuð í kringum rannsóknir forstöðumanns og samstarfsmanna hans. Megináhersla er lögð á rannsóknir en stofan stendur einnig fyrir ráðstefnum og málþingum um rannsóknir og málefni skóla án aðgreiningar. Jafnframt hefur hún tekið að sér þjónustuverkefni og er til hennar leitað frá ýmsum aðilum varðandi upplýsingar um málefni sem varða fagsvið hennar. Stofan skipuleggur málstofu á Menntakvikunni árlega.

Rannsóknastofan á í samstarfi við aðila utan Háskóla Íslands. Stjórn hennar er skipuð tveimur akademískum starfsmönnum á Menntavísindasviði og einum frá Háskólanum á Akureyri, auk eins nemanda í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands. Stjórnin hefur ráðgjafa, sem er fatlaður einstaklingur

²¹⁵ Samtal við Hrafnhildi Ragnarsdóttur, prófessor og formann stjórnar Rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi barna og ungmenna.

²¹⁶ Heimasíða Rannsóknarstofu í íþrótt- og heilsufræðum.

²¹⁷ Samtal við Erling S. Jóhannsson, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu í íþrótt- og heilsufræðum, 20.8.2014.

²¹⁸ Heimasíða Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar.

²¹⁹ Samtal við Dóru S. Bjarnason, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu um skóla án aðgreiningar, 20.8.2014.

með menntun á sviði þroskaþjálfunar, sér til halds og trausts. Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann en hún hefur notið stuðnings frá Menntavísindastofnun við verkefni sem unnið er að fyrir starfshóp á vegum mennta- og menningamálaráðuneytisins. Jafnframt hefur hún haft nemanda í sumarstarfi. Tekjur stofunnar árið 2013 voru rúmar 1,3 milljónir króna, þar af samanlagt um 1,1 milljón frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og frá Rannís en aðrir styrkir voru frá öðrum opinberum aðilum.

4.1.7 Rannsóknastofa í íslenskum fræðum og íslenskukennslu – Íslenskustofa, stofnuð 2008 ^{220, 221}

Rannsóknastofan er samstarfsvettvangur kennara í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri, jafnframt því sem hún er samstarfsvettvangur íslenskukennara á Menntavísindasviði og Hugvísindasviði. Rannsóknastofan leggur áherslu á rannsóknir á íslenskum menningararfi og skólastarfi, á íslensku sem fræðasviði og námsgrein og tengingu íslenskukennslu við aðrar námsgreinar. Á síðustu misserum hefur megináhersla í starfsemi rannsóknastofunnar beinst að einu viðamiklu verkefni um íslensku sem námsgrein og kennslutunga. Rannsóknastofan er í samstarfi við norrænar háskóladeildir og á samstarf við norræna kennara í móðurmálskennslu á öllum skólastigum. Þá stendur stofan fyrir miðlun upplýsinga á rannsóknasviði sínu og skipuleggur málstofu á Menntakvikunni árlega.

Stjórn stofunnar er þriggja manna og er hún skipuð starfsmönnum Háskóla Íslands en fyrirhugaðar eru breytingar á stjórn í þá veru að einn stjórnarmanna komi frá Háskólanum á Akureyri. Um tugur kennara tengist starfi stofunnar. Hún hefur ekki fastan starfsmann en hefur ráðið starfsmann til tímabundinna verkefna. Tekjur stofunnar á árinu 2013 voru um 3,5 milljónir króna, sem var styrkur frá Háskólasjóði, og var það fé notað til að efla rannsóknir á fræðasviðinu og í því skyni var sérfræðingur ráðinn tímabundið í hálf t. starf.

4.1.8 Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum (BÆR), stofnuð 2008 ^{222, 223}

Rannsóknastofa í bernsku- og æskulýðsfræðum sinnir þverfræðilegum rannsóknum á lífi og líffsskilyrðum barna, unglunga og ungmenna þar sem lítið er á menntun og uppeldi í heildrænu samhengi einstaklings og samfélags. Stofan hefur tekið að sér þjónustuverkefni, m.a. á sviði barnaverndar og tómstundamála þessa aldurshóps. Stofan leggur áherslu á samstarf við stofnanir og aðila á vettvangi. Hún stendur fyrir málstofum og fyrirlesturum og á íslensku samstarfi á fræðasviði sínu.

Stjórn er skipuð þremur föstum kennurum við Menntavísindasvið og tveimur doktorsnemum. Um 20 kennarar og doktorsnemar tengjast starfsemi stofunnar. Rannsóknastofan velti engum fjármunum á árinu 2013 en rannsóknaverkefni sem hlotið hafa styrki eru unnin á vettvangi hennar og hafa aðstoðarmenn verið ráðnir tímabundið til starfa til slíkra verkefna.

4.1.9 Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls (RANMÁL), stofnuð 2008 ^{224, 225}

Rannsóknastofa um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls er samstarfsvettvangur fræðimanna á þessu sviði og er megináhersla lögð á rannsóknastarf. Hún heldur utan um nokkur rannsóknaverkefni og hefur fengið innlenda og erlenda rannsóknastyrki. Hún er í töluverðu samstarfi við innlenda aðila og erlenda samstarfsmenn á Norðurlöndum, í Evrópu og Bandaríkjunum á fagsviði sínu. Framhaldsnemar fá tækifæri til að stunda rannsóknir innan veggja stofunnar. Rannsóknastofan tekur á móti sendikennurum sem starfa innan hennar. Auk rannsókna stendur stofan m.a. að útgáfu skýrsla, handbóka og fræðigreina, auk ráðstefnu- og fyrirlestrahalds.

²²⁰ Heimasíða Rannsóknastofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu.

²²¹ Samtal við Kristján Jóhann Jónsson, dósent og forstöðumann Rannsóknastofu í íslenskum fræðum og íslenskukennslu, 17.9.2014.

²²² Heimasíða Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum.

²²³ Samtal við Gest Guðmundsson, prófessor og formann stjórnar Rannsóknastofu í bernsku- og æskulýðsfræðum, 26.8.2014.

²²⁴ Heimasíða Rannsóknarstofu um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls.

²²⁵ Samtal við Michael Dal, dósent og forstöðumann Rannsóknastofu um nám og kennslu erlendra tungumála og annars máls, 20.8.2014.

Stjórn stofunnar er skipuð fjórum mönnum, þar af eru þrír starfsmenn Háskóla Íslands. Stofan er ekki með fastan starfsmann. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 14,5 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofunni fengust 7,9 milljónir króna frá Rannís, 4,8 milljónir króna samanlagt frá stjórnvöldum og um 1,9 milljónir króna úr erlendum sjóðum til að styðja við gestakennara í erlendum tungumálum.

4.1.10 Rannsóknastofa um stærðfræðimenntun, stofnuð 2008 ^{226, 227}

Rannsóknastofan sinnir rannsóknum á sviði stærðfræðimenntunar, hún er samstarfsvettvangur fræðimanna á sviðinu og stuðlar að tengslum við önnur fræðasvið. Hún sinnir einnig námsefnisgerð, námskráargerð og þróun kennsluhugbúnaðar og þjónar þannig skólum og öðrum stofnunum menntakerfisins. Stofan hefur náð samstarf við Flöt, félag stærðfræðikennara, og er bakhjarl Stærðfræðitorgs²²⁸ á Menntamiðju²²⁹ og fésbókarsíðu þar sem fram fer umræða og miðlun á upplýsingum tengdum stærðfræðinámi og stærðfræðikennslu. Þá stendur stofan fyrir námskeiðum og málstofum fyrir kennara um stærðfræðikennslu. Stofan er þannig virkur aðili í stuðningskerfi við stærðfræðikennslu í landinu. Hún tekur þátt í erlendum samstarfsnetum um rannsóknir á fagsviði sínu og hefur staðið að innlendum og norrænum ráðstefnum og málþingum um stærðfræðimenntun, auk þess sem hún skipuleggur málstofu á Menntavikunni árlega.

Sex fastir kennarar og þrír doktorsnemar á sviði stærðfræðimenntunar tengjast stofunni. Stjórn stofunnar er skipuð þremur föstum kennurum á Menntavísindasviði. Með stjórn starfar fagráð, sem samanstendur af stjórn stofunnar og fjórum akademískum starfsmönnum Háskóla Íslands. Stofan stendur fyrir virkri starfsemi en hefur ekki launaðan starfsmann. Gistiprófessorar starfa með fræðimönnum á vettvangi stofunnar. Rannsóknastofan hefur haft tekjur af ráðstefnum og málþingum sem hún stendur fyrir, auk rannsóknastyrkja. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 9 milljónir króna, sem er erlendur styrkur sem fékkst til að halda utan um alþjóðlega ráðstefnu og námskeið.

4.1.11 Rannsóknastofa í upplýsingatækni og miðlun (RannUM) , stofnuð 2009 ^{230, 231}

Aðalmarkmið rannsóknastofunnar er að auka og efla menntarannsóknir og þróunarstörf sem tengjast upplýsingatækni og miðlun og stendur hún að viðamiklum rannsókna- og þróunarverkefnum jafnframt því að vinna úttektir og matsverkefni fyrir skóla og skólayfirvöld á sínu sviði. Stofan tekur þátt í norrænu rannsóknaneti og hefur náð samstarf um uppbyggingu Menntamiðju og tengdra torga, ekki síst upplýsingatæknitorgs (UT-torgs).²³² Stofan hefur tekið þátt í ráðstefnuhaldi og stendur fyrir málstofum, umræðufundum, námskeiðum, og upplýsingamiðlun meðal kennara og kennaranema og heldur úti samfélagssíðu. Þá hefur rannsóknastofan staðið að útgáfu á fræðiritum. Stofan hefur sótt um rannsóknastyrki í innlenda og erlenda rannsóknasjóði. Aðild að stofunni eiga um 30 manns, sem eru fastir kennarar á fagsviðinu og framhaldsnemendur, auk aðila utan skólans.

Stjórn rannsóknastofunnar er skipuð sjö manns, þrír eru fulltrúar Háskóla Íslands (tveir frá Menntavísindasviði og einn frá Félagsvísindasviði), tveir eru fulltrúar samstarfs- eða stuðningsaðila, sem eru annars vegar fulltrúi Heimila og skóla og hins vegar fulltrúi 3f – Félags um upplýsingatækni og menntun. Framhaldsnemar við Menntavísindasvið eiga tvo fulltrúa í stjórn. Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 850 þúsund krónur, frá kennslumálasjóði og tveimur opinberum stofnunum.

²²⁶ Heimasíða Rannsóknastofu um stærðfræðimenntun.

²²⁷ Samtal við Guðnýju Helgu Gunnarsdóttur, lektor og forstöðumann Rannsóknastofu um stærðfræðimenntun, 21.8.2014.

²²⁸ <http://staetorg.menntamidja.is/>.

²²⁹ Menntamiðja (www.menntamidja.is) er starfssamfélag skólafólks á netinu sem er ætlað að tengja saman aðila innan skólasamfélagsins með því að skapa vettvang til samstarfs um þróun skólastarfs og eins konar umgjörð utan um grasrótarstarf skólafólks á netinu. Þeir sem taka þátt í starfssamfélaginu Menntamiðju skipa sér í hópa, svokölluð torg, eftir áhugasviðum og viðfangsefni torganna geta varðað samstarf og símenntun, upplýsingamiðlun, námsefni, formlegt og óformlegt nám, kennsluáferðir, ráðgjöf, starfsþróun og fleira. Samstarfsaðilar að Menntamiðju er mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og Reykjavíkurborg.

²³⁰ Heimasíða Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun.

²³¹ Samtal við Sólveigu Jakobsdóttur, dósent og forstöðumann Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun, 21.8.2014.

²³² <http://uttorg.menntamidja.is>.

4.1.12 Rannsóknastofa um háskóla, stofnuð 2009 ^{233, 234}

Meginmarkmið rannsóknastofunnar er að efla rannsóknir á háskólum, fræða um háskóla og háskólastarf og vinna að bættum skilningi á gæðum og gildum háskólastarfs. Stofan hefur staðið að rannsóknum á þessu sviði, upplýsingamiðlun og málstofum en lítil starfsemi hefur verið á vettvangi hennar síðustu misseri. Meðlimir stofunnar vinna þó hver fyrir sig og stundum saman að rannsóknum á háskólum. Stofan skipuleggur málstofu á Menntakviku á hverju ári.

Um hálfur tugur fræðimanna tengist starfi stofunnar og myndar stjórn hennar. Stofan hafði ekki tekjur á árinu 2013.

4.1.13 Rannsóknastofa um þróun skólastarfs, stofnuð 2009 ^{235, 236, 237}

Rannsóknastofan er vettvangur rannsókna fræðimanna um þróun skólastarfs, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum. Innan rannsóknastofunnar eru nú vistuð sex viðamikil rannsóknaverkefni sem hafa fengið styrki frá innlendum sjóðum og eitt stórt verkefni sem hefur hlotið styrk úr norrænum sjóði. Þá stendur stofan að miðlun þekkingar á fræðasviðinu, m.a. fyrirlestraröðum um íslenskt skólastarf í alþjóðlegu samhengi, veitir ráðgjöf á fræðasviði sínu og skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega.

Fimm manna stjórn stýrir stofunni og eru allir stjórnarmenn fræðimenn við Háskóla Íslands. Um 40 fræðimenn tengjast starfsemi hennar og um 10 doktors- og meistaranemar vinna lokaverkefni í tengslum við verkefni á vegum hennar. Forstöðumaður er starfandi sem verkefnisstjóri í 25% starfi við eitt af verkefnum stofunnar, auk starfsmanna á vegum einstakra rannsóknaverkefna sem starfa á vegum stofunnar og hafa aðstöðu hjá Menntavísindastofnun. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 11 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofunni fengust samanlagt um 4,2 milljónir króna úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Rannís, 4 milljónir króna í styrk frá mennta- og menningamálaráðuneytinu og um 2,5 milljónir króna úr alþjóðlegum samkeppnissjóðum. Auk þess styrkti Menntavísindastofnun starfsemi stofunnar árið 2013.

4.1.14 Rannsóknastofa í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, stofnuð 2009 ^{238, 239}

Rannsóknastofan er vettvangur fræðimanna á sviði menntastjórnunar, nýsköpunar og mats á skólastarfi og er megináhersla lögð á rannsóknir. Frá árinu 2011 hefur meginviðfangsefni rannsóknastofunnar verið rannsókn á áhrifum efnahagskreppunnar á skólastarf í þremur sveitarfélögum. Á vegum stofunnar hafa verið haldin málþing og erlendir gestir verið fengnir til fyrirlestrahalds og skipuleggur hún málstofu á Menntakviku árlega.

Stjórn stofunnar er skipuð fimm föstum kennurum sem eru í rannsóknasamstarfi. Ráðgjafaráð hefur verið við rannsóknastofuna frá upphafi, skipað fulltrúum frá Tækniskólanum, Skólastjórafélagi Íslands, Reykjavíkurborg, Námsmatsstofnun, Alþingi, mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Skipunartími síðasta ráðgjafaráðs er útrunninn og stefnt að því að skipa nýtt ráð í lok árs 2014.

Stofan hefur ekki launaðan starfsmann og nýtur ekki styrkja. Hún hefur ekki skráðar tekjur á árinu 2013.

4.1.15 Rannsóknastofa um jafnrétti, kyngervi og menntun (RannKYN), stofnuð 2010 ^{240, 241}

Innan Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun hefur megináhersla verið lögð á að stunda rannsóknir sem beinast að stöðu og viðhorfum til jafnréttismála í kennaramenntun en rannsóknastofan áformar nú að beina athyglinni meira að jafnréttismálum í skólum. Rannsóknastofan hefur tekið þátt í

²³³ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²³⁴ Samtal við Guðrúnu Geirsdóttur, dósent og stjórnarmann í Rannsóknastofu um háskóla, 22.8.2014.

²³⁵ Heimasíða Rannsóknarstofu um þróun skólastarfs

²³⁶ Samtal við Önnu Kristínu Sigurðardóttur, dósent og formann stjórnar Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, 25.8.2014.

²³⁷ Upplýsingar úr skýrslu stofunnar vegna Árbókar Háskóla Íslands 2012 frá Gerði G. Óskarsdóttur, forstöðumanni Rannsóknastofu um þróun skólastarfs, 27.8.2014.

²³⁸ Heimasíða Rannsóknarstofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi.

²³⁹ Tölvusamskipti við Steinunni H. Lárusdóttur, dósent og forstöðumann Rannsóknastofu í menntastjórnun, nýsköpun og mati á skólastarfi, 30.8.2014.

²⁴⁰ Heimasíða Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun.

²⁴¹ Samtal við Guðnýju Guðbjörnsdóttur, prófessor og forstöðumann Rannsóknastofu um jafnrétti, kyngervi og menntun, 21.8.2014.

þróunarverkefni á vegum Reykjavíkurborgar um jafnrétti í skólum og staðið að fyrirlestum og málþingum á fagsviði sínu í samstarfi við ýmsa aðila. Hún skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega.

Stjórn stofunnar er skipuð fimm manns, fjórir eru akademískir starfsmenn Menntavísindasviðs og einn doktorsnemi. Til stendur að stækka stjórnina þannig að hún nái út fyrir Menntavísindasvið. Við stofuna starfar sjö manna ráðgjafaráð skipað starfandi sérfræðingum á fagsviði stofunnar. Núverandi ráðgjafaráð er skipað fólki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, Háskóla Íslands, Jafnréttisstofu, Jafnréttisskóla Reykjavíkur og sviðsstjóra Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Ráðgjafaráðið er endurnýjað á þriggja ára fresti. Aðild að rannsóknastofunni eiga háskólakennarar og áhugasamir framhaldsnemar á fræðasviði stofunnar.

Rannsóknastofan hefur ekki starfsmann en fær ákveðna þjónustu frá Menntavísindastofnun. Hún hefur tekjur af rannsóknaverkefnum. Tekjur á árinu 2013 voru 400 þúsund krónur.

4.1.16 Rannsóknastofa í þroskaþjálfrafræðum, stofnuð 2010 ^{242, 243}

Rannsóknastofan er vettvangur samstarfs fræðimanna um rannsóknir í þroskaþjálfrafræðum. Stofan stendur fyrir málþingum og fyrirlestraröðum um rannsóknir og málefni er tengjast lífi, aðstæðum og málefnum fatlaðs fólks á öllum aldri. Hún skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega.

Stofan leggur áherslu á samstarf við fatlað fólk, nemendur og starfsvettvang þroskaþjálfra. Stjórn stofunnar er skipuð fimm mönnum sem eru akademískir starfsmenn Háskóla Íslands á sviði fötlunarfræða, þroskaþjálfrafræða og siðfræði. Fimm manna ráðgjafaráð starfar með stjórn, sem er nú skipað fulltrúum frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Sjónarhóli ses, Þroskaþjálfafélagi Íslands, Fjölmenn – fullorðinsfræðslu fatlaðra og Átaki – félags fólks með þroskahömlun. Aðild að stofunni eiga átta kennarar og doktorsnemar á fræðasviði stofnunarinnar.

Rannsóknastofan hefur ekki launaðan starfsmann. Starfsemin er fjármögguð af rannsóknastyrkjum. Tekjur stofunnar árið 2013 voru 1,6 milljónir króna úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

4.1.17 Rannsóknastofa í tónlistarfræðum, stofnuð 2011 ^{244, 245}

Rannsóknastofa í tónlistarfræðum er vettvangur þverfræðilegs samstarfs aðila sem stunda tónlistar-rannsóknir á Íslandi og fræðilegar umræðu um tónlist og tónlistartengdar rannsóknir. Undir hatt tónlistarfræða falla m.a. tónlistarheimspeki, tónlistarmannfræði, tónlistarmenntunarfræði, tónlistar-sagnfræði, tónlistarsálfræði og tónvísindi. Jafnframt stendur stofan að fyrirlesturum, málþingum og ráðstefnum og stóð m.a. að norrænni ráðstefnu á Íslandi 2012. Hún skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega. Innan rannsóknastofunnar starfa fræðimenn af ýmsum sviðum.

Stjórn er skipuð fjórum mönnum, einum fulltrúa frá hverjum eftirtalinna aðila: Menntavísindasviði Háskóla Íslands og er hann formaður stjórnar, Háskólanum á Bifröst, Stofnun Árna Magnússonar íslenskum fræðum og Tónlistarsafni Íslands. Í ráðgjafaráði eru níu fulltrúar eftirtalinna aðila sem starfa innan rannsóknastofunnar: Félagi tónlistarskólakennara, Háskólanum á Bifröst, Íslenskri tónverkamiðstöð, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Tónlistardeild ríkisútvarpsins, Tónlistarsafni Íslands, Tónmenntakennarafélagi Íslands, Þjóðlagasetrinu á Siglufirði og Listaháskóla Íslands. Rannsóknastofan hefur ekki starfsmann. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 2,2 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofu fengust styrkir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands (400 þúsund krónur), um 1 milljón króna frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og um 750 þúsund krónur úr erlendum samkeppnissjóði.

²⁴² Heimasíða Rannsóknastofu í þroskaþjálfrafræðum.

²⁴³ Samtal við Guðrún Valgerði Stefánsdóttur, dósent og forstöðumann Rannsóknastofu í þroskaþjálfrafræðum, 25.8.2014.

²⁴⁴ Heimasíða Rannsóknastofu í tónlistarfræðum.

²⁴⁵ Samtal við Helgu Rut Guðmundsdóttur, dósent og formann stjórnar Rannsóknastofu í tónlistarfræðum, 25.8.2014.

4.1.18 Rannsóknastofa um námskrá, námsmat og námsskipulag (NNN), stofnuð 2012 ^{246, 247}

Rannsóknastofan tiltölulega nýstofnuð og starfsemi er í mótun. Hún er vettvangur samstarfs kennara á Menntavísindasviði sem vinna að rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði námskrár, námsmats og annars námsskipulags fyrir öll skólastig og er megináhersla nú lögð á rannsókn um nýsköpun og frumkvöðlafræði í grunn- og framhaldsskólum. Rannsóknastofan er aðili að útgáfu á norrænu vefriti á fræðasviði sínu. Hún stendur fyrir málþingum, námskeiðum og leiðsögn.

Þrír kennarar og fræðimenn á Menntavísindasviði starfa í tengslum við rannsóknastofuna og mynda þeir jafnframt stjórn hennar. Stofan hafði engar tekjur á árinu 2013.

4.1.19 Rannsóknastofa námsgagna, stofnuð 2012

Engar upplýsingar eru til um þessa stofu og verður hún líklega lögð niður.

4.1.20 Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun, stofnuð 2012 ^{248, 249}

Rannsóknastofa um náttúrufræðimenntun er tiltölulega nýstofnuð og er starfsemi hennar enn í mótun. Hún stendur fyrir reglulegum málstofum á fræðasviði sínu og hefur haldið málþing í samstarfi við fagfélög kennara. Rannsóknastofan stefnir að því að sinna rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði náttúrufræðimenntunar og byggja starf sitt á reynslu Rannsóknahóps um náttúrufræðimenntun. Um 13 kennarar og fræðimenn tengjast stofunni. Hún hafði engar tekjur á árinu 2013.

4.1.21 Rannsóknastofa um starfendarannsóknir, stofnuð 2012 ^{250, 251}

Rannsóknastofa um starfendarannsóknir hefur að markmiði að efla starfendarannsóknir í skólum í samstarfi fræðimanna og þeirra er starfa á vettvangi skólustarfs. Jafnframt stefnir hún að því að miðla þekkingu og veita framhaldsnemum tækifæri til þátttöku í rannsóknum á þessu sviði. Hún skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega. Starfsemi rannsóknastofunnar er í mótun.

Í stjórn stofunnar eru fjórir, þrír akademískir starfsmenn á Menntavísindasviði og einn doktorsnemi á sviðinu. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 800 þúsund krónur, sem var styrkur úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

4.1.22 Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK), stofnuð 2013 ^{252, 253}

Hlutverk stofunnar er að rannsaka og standa að þróunarverkefnum með áherslu á skapandi skólastarf á öllum stigum skólakerfisins jafnframt því að vera vettvangur fyrir umræðu og miðlun þekkingar á fagsviðinu. Meðal viðfangsefna stofunnar eru skapandi kennsluáðferðir, skólaþróun, námskrár, námsefni, námsgögn, skipulag náms og kennslu og námsmat. Hún skipuleggur málstofu á Menntakviku árlega. Þá tekur stofan að sér að vinna verkefni sem til stofunnar er beint.

Að stofunni standa Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Háskólinn á Akureyri og er lögð áhersla á lýðræðislega þátttöku og að þátttakendur stofunnar komi víðs vegar að. Stjórn stofunnar skipa fimm manns, þrír eru kennarar við Háskóla Íslands og tveir eru frá Háskólanum á Akureyri og þrír eru kjörnir til vara, og eru það einn doktorsnemi og tveir utan Háskóla Íslands. Tekjur stofunnar árið 2013 voru um 2 milljónir króna. Til verkefna tengdra stofunni fengust 800 þúsund krónur úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og um 1,2 milljónir króna úr alþjóðlegum rannsóknasjóði.

²⁴⁶ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁴⁷ Samtal við Meyvant Þórólfsson dósent og Gunnar Finnbogason prófessor, stjórnarmenn í Rannsóknastofu um námskrá, námsmat og námsskipulag, 28.8.2014.

²⁴⁸ Árbók Háskóla Íslands 2012, óbirtur kafli um Menntavísindasvið.

²⁴⁹ Samtal við Svövu Pétursdóttur, formann stjórnar Rannsóknastofu um náttúrufræðimenntun, 22.8.2014.

²⁵⁰ Heimasíða Rannsóknastofu um starfendarannsóknir.

²⁵¹ Samtal við Karen Rut Gísladóttur, lektor og formann stjórnar Rannsóknastofu um starfendarannsóknir, 22.8.2014.

²⁵² Heimasíða Rannsóknarstofu um skapandi skólastarf.


²⁵³ Samtal við Ásu Helgu Ragnarsdóttur, aðjunkt og stjórnarmann í Rannsóknastofu um skapandi skólastarf, 25.11.2014.

5. Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs starfa sex deildir: Jarðvísindadeild, Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, Líf- og umhverfisvísindadeild, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild, Raunvísindadeild og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

Þrjár meginrannsóknastofnanir starfa innan sviðsins í nánum tengslum við deildir þess. **Raunvísindastofnun** starfar á vegum Raunvísindadeildar og Jarðvísindadeildar og skiptist hún í tvær undirstofnanir: **Eðlisvísindastofnun Háskólans** og **Jarðvísindastofnun Háskólans**. **Verkfræðistofnun** starfar á vegum þriggja deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, þ.e. Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar, Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar og Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar. Sú þriðja er **Líf- og umhverfisvísindastofnun** sem er innan Líf- og umhverfisvísindadeildar. **Stofnun Sæmundar fróða** heyrir beint undir fræðasviðið. Skipurit sýnir skiptingu rannsóknastarfsemi innan fræðasviðsins í rannsóknæiningar og hvernig tengslum við deildir er háttað (sjá mynd 6).

Mynd 7. Rannsóknastofnanir og -stofur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og tengsl við fræðasvið og deildir



Rannsóknastofnanir og rannsóknastofur innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs standa fyrir öflugum rannsóknastarfi og hafa vísindamenn sviðsins náð góðum árangri í styrkjasókn. Allar rannsóknæiningar sviðsins standa fyrir virkri starfsemi þótt verkefnastaðan hjá þeim smærri geti verið mismunandi eftir tímabilum. Samanlögð velta rannsóknæininga sviðsins á árinu 2013 var um 2 milljarðar króna, sem að stærstum hluta er sjálfsaflafé úr innlendum og erlendum samkeppnissjóðum.

Mikil samþætting er milli kennslu og rannsókna enda stunda allir kennarar sviðsins rannsóknir sínar innan rannsóknæininga þeirra háskóladeilda sem þeir starfa hjá. Þessi samvinnun kennslu og rannsókna kemur jafnframt fram í skipurítum fræðasviðsins.

Fjöldmargir sérfræðingar og framhaldsnemar er ráðnir til starfa hjá rannsóknæiningum sviðsins til að vinna að rannsóknaverkefnum og eru laun þeirra greidd af rannsóknastyrkjum. Þessir starfsmenn eru ekki með kennsluskyldu, nema sérstaklega sé um það samið.

Sterk hefð er fyrir því að framhaldsnemar, nýdoktorar og styrkþegar fá aðstöðu og tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar í vísindalegum vinnubrögðum undir leiðsögn reyndra vísindamanna. Framhaldsnemar stunda rannsóknir sem hluta af námi sínu og sumir þeirra eru ráðnir til lengri eða skemmri tíma.

Öflug rannsókn- og stoðþjónusta stendur fræðimönnum sviðsins til boða. Fræðasviðið hefur keypt sérfræðiþjónustu vegna umsókna í stærri sjóði, s.s. FP7 (7 th Framework Programme for Research and Technological Development) og Horizon 2020, og Raunvísindastofnun hefur gegnum tíðina haldið dyggilega utan um rannsóknir kennara (post-award).

Starf rannsóknastjóra var sett á laggirnar innan fræðasviðsins á árinu 2009 og veitir hann öllum deildum sviðsins þjónustu. Hlutverk hans er að halda utan um mögulega innlenda og erlenda rannsóknastyrki og miðla upplýsingum um þá og aðstoða við gerð og frágang umsókna um styrki og innsendingu umsókna, auk almennrar verkefnastjórnunar í kringum styrkjaumsóknir og skil á gögnum þeim tengdum. Hann sér um yfirlestur og frágang samninga og aðstoðar við uppgjör stærri rannsóknaverkefna. Þá sér hann um ýmsa þætti tengda doktorsnámi og utanumhald um aðstoðarmannastyrki og hefur umsjón með starfi vísindanefndar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og undirbúning rannsóknabings. Rannsóknastjóri vinnur að eflingu rannsóknasamstarfs bæði innan Háskóla Íslands og við stofnanir utan skólans, auk þess að halda utan um erlend og innlend samskipti hvað rannsóknir varðar. Jafnframt hefur hann umsjón með almennri fræðslu til starfsmanna og framhaldsnema og sér um kynningarmál er varða rannsóknir sviðsins.

Hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði er stoðþjónusta vegna fjársýslu rannsóknaverkefna (post-award) veitt úr tveimur áttum. Annars vegar veitir rannsóknastjóri og stoðþjónusta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs fræðimönnum sem starfa hjá Verkfræðistofnun og Líf- og umhverfisvísindastofnun þjónustu og hins vegar starfsfólk Raunvísindastofnunar fræðimönnum sem starfa hjá Jarðvísindastofnun og innan Eðlisvísindastofnunar álíka þjónustu. Nýverið var aðstoða starfsfólks sem sinnir rannsókn- og stoðþjónustu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og Raunvísindastofnun flutt í sama húsnæði.

Tafla 24. Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Stofnár	Rannsóknastofnun	Rannsóknastofa
1957		Háloftadeild
1958		Eðlisvísindastofnun ²⁵⁴
1966	Raunvísindastofnun	Stærðfræðistofa Eðlisfræðistofa Efnafræðistofa
1972		Reiknifræðideild ²⁵⁵
1974		Líffræðistofa
1975		Lífefnafræðideild ²⁵⁶ Tölvunarfræðirannsóknir ²⁵⁷
1977	Verkfræðistofnun ²⁵⁸	Upplýsinga- og merkjafræðistofa ²⁵⁹
1978		Umhverfis- og byggingaverkfræðikjarni ²⁶⁰ Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni Vatnaverkerfræðistofa Véla- og iðnaðarverkfræðirannsóknir Umhverfis- og byggingaverkfræðirannsóknir ²⁶¹

²⁵⁴ Eðlisfræðistofnun háskólans, sem var stofnuð 1958, er forveri Raunvísindastofnunar sem hóf starfsemi 1966. Raunvísindastofnun var skipt í fjórar stofur, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og jarðeðlisfræði og við stofnun Raunvísindastofnunar færðust verkefni Eðlisfræðistofnunar háskólans yfir til hennar. Eðlisvísindastofnun hóf starfsemi undir núverandi nafni 1. júlí 2004 þegar jarðvísindahluti Raunvísindastofnunar rann inn í Jarðvísindastofnun en fyrra nafn hennar var Eðlis-, efna- og stærðfræðistofnun.

²⁵⁵ Reiknifræðideild var áður Reiknistofa, stofnuð 1972. Síðar breyttist nafnið í Reiknifræðistofu en varð Reiknifræðideild innan Stærðfræðistofu 2008. Skv. upplýsingum frá Sigurði Guðnasyni, netpóstur 6.11.2014.

²⁵⁶ Lífefnafræðideild hafði áður verið önnur tveggja deilda Efnafræðistofu og varð til við samruna Efnafræðistofu og Lífefnafræðistofu Háskóla Íslands sem starfaði við læknadeild til ársins 1995. Hún er hluti Raunvísindastofnunar sem heyrir undir Raunvísindadeild. Árið 2008 var Lífefnafræðistofa aftur færð inn á Efnafræðistofu og breyttist heiti hennar þá í Lífefnafræðideild. Skv. upplýsingum frá Sigurði Guðnasyni, netpóstur 6.11.2014.

²⁵⁷ Skv. samtali við Pál Jensson, fv. prófessor, 26.11.2014, telur hann að Oddur Benediktsson, prófessor hafi stofnað rannsóknastofuna á árinu 1975.

²⁵⁸ Verkfræðistofnun voru settar reglur 1977 og hún hóf starfsemi 1978.

²⁵⁹ Skv. upplýsingum frá Sigfúsi Björnssyni, fv. prófessor, netpóstur 3.11.2014.

²⁶⁰ Skv. upplýsingum frá Sigurði M. Garðarssyni, prófessor, netpóstur 4.11.2014.

²⁶¹ Skv. upplýsingum frá Sigurði M. Garðarssyni, prófessor, netpóstur 4.11.2014.

1979		Kerfisverkfræðistofa ²⁶²
2000		Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði
2004		Jarðvísindastofnun Norræna eldfjallasetrið Örtæknikjarni
2005		Efnagreiningarsetur
2006	Stofnun Sæmundar fróða	
2007		Tölfræðimiðstöð
2008		Kerfislíffræðisetur
2009		Reiknisetur ²⁶³
2011	Líf- og umhverfivísindastofnun	Land- og ferðamálafræðistofa
Vantar upplýsingar		Rafmagnsverkfræðistofa

Rannsóknastofnanir og aðrar rannsóknæiningar innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs eru 31 talsins. Rúmer helmingur, eða 18 rannsóknæiningar, voru stofnaðar fyrir síðustu aldamót, á árunum 1957-1999. Þess ber þó að geta að ekki tókst að afla upplýsinga um stofnár einnar rannsóknæiningar. Í töflu 24 er yfirlit yfir stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa sem starfa á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Í töflu 25 er yfirlit yfir skipan stjórnna rannsóknæininga innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem gefur yfirsýn yfir mismunandi skipulag milli deilda og einnig hvernig kennslu og rannsóknum er skipað saman. Þá er eftirtektarvert að í öllum tilvikum skipa starfsmenn stjórnir þeirra og í nokkrum tilvikum eru þeir kjörnir af samstarfsmönnum sínum til þeirra starfa.

Tafla 25. Yfirlit yfir skipan stjórnna rannsóknæininga á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

	Fjöldi í stjórn	Formaður	Í stjórn úr hópi akademískra starfsmanna	Í stjórn úr hópi annars starfslíðs eða utan Háskóla Íslands	Stjórnun rannsóknastofa/-eininga undir stofnun
Stofnun Sæmundar fróða	5	Tilnefndur af forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs	4 frá 4 fræðasviðum Háskóla Íslands	1 utan Háskóla Íslands	
Raunvísindastofnun*	5, skipuð af forseta fræðasviðs ins	Kjörinn skriflegri kosningu úr hópi kennara og sérfræðinga stofnunarinnar	2 formenn stjórnna Jarðvísindastofnunar og Eðlisvísindastofnunar + einn skipaður af forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs án tilnefningar	1 kjörinn úr hópi annars starfslíðs Raunvísindastofnunar	
Jarðvísindastofnun **	6	Kjörinn sérstaklega af starfsmönnum Jarðvísindastofnunar; er ekki deildarforseti, formaður á sæti í deildarráði og í stjórn Raunvísindastofnunar	2 kjörnir af starfsmönnum Jarðvísindastofnunar + 3 kjörnir skv. reglum Jarðvísindadeilda. Mynda deildarráð ásamt formanni stjórnar Jarðvísindastofnunar		3 formenn rannsóknabema kjörnir af starfsmönnum. Faglega skipta starfsmenn sér í faghópa sem kjósa oddvita og er ráðgefandi gagnvart stjórn. Rannsóknahópar eru settir saman utan um rannsóknaverkefni sem er stýrt af verkefnastjóra
Eðlisvísindastofnun	4	Forseti Raunvísindadeilda sem á jafnframt sæti í	3 stofustjórar sem jafnframt eru formenn námsbrauta innan		Stofustjórar sem jafnframt eru formenn námsbrauta Raunvísindadeilda eru kjörnir af starfsmönnum stofu.

²⁶² Skv. samtali við Þorgeir Pálsson, fv. prófessor, 26.11.2014.

²⁶³ Skv. upplýsingum frá Hannesi Jónssyni, prófessor, netpóstur 11.12.2014.

		stjórn Raunvísinda-stofnunar	Raunvísinda-deildar		Stofufundir fara saman við námsbrautarfundi og hafa æðsta vald í sameiginlegum málefnum stofu. Sé stofu skipt í deildir eru deildarstjórar kjörnir með sama hætti
Verkfræðistofnun	5	Skipaður af forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs án tilnefningar	3 rannsóknastjórar kjarna tilnefndir af deildarforseta viðkomandi deilda	1 tilnefndur úr hópi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar	3 rannsóknastjórar kjarna tilnefndir af deildarforseta viðkomandi deildar og kjarna og heyra undir hann stýra starfinu. Verkefnastjórar einstakra rannsóknaverkefna eru skipaðir af rannsóknastjóra. Ársfundir fara með stjórn rannsóknakjarna
Líf- og umhverfisvísindastofnun	5	Skipaður af forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs án tilnefningar	4 tilnefndir af deildarfundi Líf- og umhverfisvísindadeildar; stofustjóri og einn fulltrúi frá hvorri stofu Líf- og umhverfisvísindadeildar. Stofustjóri situr í stjórn námsbrautar		Stofustjóri, skipaður af stjórn Líf- og umhverfisvísindadeild skv. tilnefningu stofufundar/námsbrautarfundar, stýrir starfinu. Stjórn Líf- og umhverfisvísindadeildar fer jafnframt með stjórn stofa.

*Í þessari töflu eru stofnanir feitletraðar, en undireiningar þeirra ekki

Í töflu 26 kemur fram að tekjur rannsóknæininga innan Verkfræði- og náttúruvísindasviðs á árinu 2013 voru um 2 milljarðar króna, með þeim fyrirvara að tekjur Verkfræðistofnunar 2013 liggja ekki fyrir en tekjur ársins 2012 eru notaðar í þess stað. Starfsmenn við rannsóknastofnanir voru á haustdögum 2014 á bilinu 155-170 talsins og eru þá ótaldir þeir akademísku starfsmenn deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sem starfa við rannsóknastofnanir og -stofur fræðasviðsins.

Tafla 26. Yfirlit yfir tekjur rannsóknastofnana á Verkfræði- og náttúruvísindasviði

Verkfræði- og náttúruvísindasvið	Tekjur 2012/ 2013	Þar af úr ríkissjóði	Starfsmenn
Raunvísindastofnun (2013)	1.187,5 m.kr.	381,7 m.kr.	80-90
Jarðvísindastofnun	(651 m.kr.)	(154 m.kr.)	
Eðlisvísindastofnun	(401 m.kr.)	(134 m.kr.)	
Verkfræðistofnun (2012)	483 m.kr.+ 12 m.kr. frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði		36, auk 39 kennara og framhaldsnema með rannsóknaaðstöðu
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni	(320 m.kr.)		
Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni	(44 m.kr.)		
Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni	(120 m.kr.)		
Líf- og umhverfisvísindastofnun (2013)	305,7 + 12 m.kr. frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði		38, auk 37 kennara og framhaldsnema með rannsóknaaðstöðu
Líffræðistofa	(220 m.kr. + framlag frá Líf- og umhverfisvísindadeild)		
Land- og ferðamálafræðistofa	(85 m.kr. + framlag frá Líf- og umhverfisvísindadeild)		
Stofnun Sæmundar fróða	22 m.kr.		Forstöðumaður í 0,5 stöðugildi, 3 starfsmenn í tímabundnum verkefnum
Samtals	Um 2 milljarðar króna		U.þ.b. 155-170

Rannsóknæining sem heyrir undir fræðasviðið

5.1 Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilega rannsóknir, stofnuð 2006

264, 265

Forveri Stofnunar Sæmundar fróða er Sjávarútvegsstofnun, sem starfaði frá 1989 til 2006. Stofnun Sæmundar fróða er rannsókn- og þjónustustofnun sem er vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir kennara, sérfræðinga og framhaldsnema á sviði sjálfbærrar þróunar í samvinnu við aðra aðila innan Háskóla Íslands og utan. Áhersla er lögð á rannsóknir innan fjögurra rannsóknaklasa: (1) Umhverfi, öryggi og heilsa, (2) Sjálfbær orkuþróun, (3) Umhverfisbreytingar og verndun, (4) Sjálfbær nýting sjávarauðlinda.

Stofnun Sæmundar fróða vinnur náið með námsbraut í umhverfis- og auðlindafræðum. Valin rannsóknaverkefni kennara eru vistuð hjá stofnuninni og nemendur eiga þess kost fá vinnuáðstöðu til að vinna rannsóknaverkefni sín innan hennar. Hún stendur fyrir málþingum og fyrirlestur á sviði umhverfismála og starfsfólk kemur að kennslu á ýmsum sviðum háskólans. Í samvinnu við umhverfis- og auðlindafræði stendur stofnunin fyrir vefnámskeiði um sjálfbærni sem boðið er öllum nemendum Háskóla Íslands og öðrum sem áhuga hafa á.

Stofnunin á í formlegu samstarfi við Reykjavíkurborg og tvö einkafyrirtæki um rannsóknir og þróun á verkefnasviði sínu.

Stofnunin er vistuð hjá Verkfræði- og náttúruvísindasviði en öll fimm fræðasvið Háskóla Íslands eiga aðild að henni og tilnefna fulltrúa í stjórn sem forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar. Ákvæði er í reglum um að æskilegt sé að tveir stjórnarmanna starfi utan Háskóla Íslands. Í stjórn eiga nú sæti fjórir frá fjórum fræðasviðum Háskóla Íslands og einn stjórnarmaður starfar utan Háskóla Íslands. Í ágúst 2014 var forstöðumaður í hálfu starfi og þrír starfsmenn við tímabundin verkefni.

Tekjur stofnunarinnar á árinu 2013 voru 21,7 milljónir króna. Á árinu 2014 fékk stofnunin styrk frá NordForsk til fimm ára til að koma á fót norrænu öndvegissetri um rannsóknir á því hvernig auka megi öryggi samfélaga gagnvart náttúruhamförum og er verkefnið vistað hjá Stofnun Sæmundar fróða. Þetta verkefni mun hafa mikil áhrif á starf stofnunarinnar á næstu árum. Einnig fékk stofnunin stóran norrænan styrk til samstarfs við listaháskóla á Norðurlöndum.

Þverfræðilegur hópur vísindamanna undir stjórn tveggja fræðimanna sem starfa á vettvangi stofnunarinnar hlaut 420 milljóna króna styrk frá NordForsk á árinu 2014 til að koma á fót norrænu öndvegissetri um rannsóknir á því hvernig auka megi öryggi samfélaga gagnvart náttúruhamförum. Verkefnið er vistað hjá Stofnun Sæmundar fróða.

Rannsóknæiningar sem heyra undir deildir

5.2 Raunvísindastofnun Háskólans, stofnuð 1966 ^{266, 267}

Raunvísindastofnun Háskólans hóf starfsemi sína 12. júlí 1966. Forveri hennar var Eðlisfræðistofnun Háskólans (1958-1966) en hún færðist undir Raunvísindastofnun við stofnun hennar. Með stofnun Raunvísindastofnunar var stigið framfaraskref á sviði grunnrannsókna hérlendis með rannsóknum, tækniþróun og kennslu í raunvísindum innan Háskóla Íslands. Raunvísindastofnun er stærsta akademíska rannsóknastofnun Háskóla Íslands.

Meginhlutverk Raunvísindastofnunar er að annast undirstöðurannsóknir í raunvísindum, afla nýrrar þekkingar og stuðla að hagnýtingu hennar fyrir íslenskt samfélag, þjálfa nemendur í vísindalegum vinnubrögðum, veita sérfræðiaðstoð og annast fræðslustarfsemi. Rannsóknir á vegum stofnunarinnar samtvinnast framþróun vísinda og tækni, hagnýtingu nýjunga og fræðslustarfsemi. Nýsmíði og

²⁶⁴ Samtal við Guðrúnu Pétursdóttur, forstöðumann Stofnunar Sæmundar fróða, 16.9.2014.

²⁶⁵ [Heimasíða Stofnunar Sæmundar fróða](#).

²⁶⁶ Reglur um Raunvísindastofnun Háskólans.


²⁶⁷ Viðtal við Bryndísi Brandsdóttur, formann stjórnar Raunvísindastofnunar, og Sigurð Guðnason, framkvæmdastjóra hennar, 8.5. 2014.

Þróunarstarf hefur einnig verið stór þáttur rannsóknaverkefna á vegum stofnunarinnar. Áhersla er lögð á samvinnu við aðrar stofnanir og fyrirtæki, sem og alþjóðleg tengsl.

Raunvísindastofnun Háskólans er fjárhagslega sjálfstæð rannsóknastofnun með sérstaka stjórn sem starfar í nánnum tengslum við Raunvísindadeild og Jarðvísindadeild. Stofnunin telst vera sérstök stofnun á fjárlögum og er á sérstökum fjárlagalið og kennitölu. Hefur sá háttur verið á frá upphafi. Stofnunin gefur út ársreikning í eigin nafni en er þó hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands. Raunvísindastofnun skiptist í tvær faglega sjálfstæðar stofnanir, Jarðvísindastofnun Háskólans og Eðlisvísindastofnun Háskólans sem hvor um sig hefur eigin stjórn.

Mynd 8 er skipurit Raunvísindastofnunar sem sýnir annars vegar tengsl stofnunarinnar og viðkomandi deilda og hins vegar innbyrðis tengsl stofnunarinnar og undireininga hennar.

Mynd 8. Raunvísindastofnun, undireiningar hennar og tengsl við deildir og fræðasvið



Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar fimm manna stjórn Raunvísindastofnunar, þar af einn án tilnefningar. Formaður stjórnar er kjörinn skriflegri kosningu úr hópi kennara og sérfræðinga stofnunarinnar af starfsmönnum Raunvísindastofnunar. Stjórnir Jarðvísindastofnunar og Eðlisvísindastofnunar tilnefna einn stjórnarmann hvor og sitja formenn stjórna hvorrar stofnunar að öllu jöfnu í stjórn Raunvísindastofnunar. Fimmti stjórnarmaðurinn er kjörinn úr hópi annars starfslíðs stofnunarinnar.

Stjórn Raunvísindastofnunar fer með fjárhagsleg málefni stofnunarinnar í heild gagnvart forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, ákveður skiptingu fjárveitinga og staðfestir reikninga fyrri árs. Hún gerir áætlanir um húsnæði sem hún hefur til ráðstöfunar og deilir því til stofnana og sameiginlegra þarfa í samráði við forseta fræðasviðsins.

Skv. reglum Raunvísindastofnunar er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar, að setja á laggirnar aðrar sjálfstæðar rannsóknastofnanir innan stofnunarinnar, auk Jarðvísindastofnunar og Eðlisvísindastofnunar, og koma á fót, hýsa eða leggja niður stofur innan vébanda hennar að fengnu samþykki Jarðvísindastofnunar og Eðlisvísindastofnunar og forseta fræðasviðsins.

Reglur um Raunvísindastofnun gilda fyrir stofnanir og stofur stofnunarinnar en að auki eru þeim settar starfsreglur. Stjórn Raunvísindastofnunar og forseti fræðasviðsins staðfesta starfsreglur og skipurit undirstofnana en stjórn Raunvísindastofnunar setur rannsóknastofum þeirra starfsreglur. Í reglum Raunvísindastofnunar er nánar kveðið á um hvað eigi að koma fram í starfsreglum stofnana, m.a.

stjórnskipulag, skipun stjórnar, að hve miklu leyti heimildir skv. reglum Raunvísindastofnunar eru nýttar m.a. um stofuskiptingu. Í starfsreglum skal einnig koma fram aðkoma rannsóknæininga að deildarráði viðkomandi deildar Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og eftir atvikum skipan nefnda og tengsl þeirra við stjórn.²⁶⁸

Starfsmannafundir Raunvísindastofnunar eru vettvangur stjórnar til að kynna störf sín. Þar er fjallað um sameiginleg málefni og þar eru gerðar tillögur til stjórnar um meðferð sameiginlegra málefna. Allir starfsmenn eiga rétt til setu á starfsmannafundum en eingöngu fastir starfsmenn hafa þar atkvæðisrétt.

Skv. reglum Raunvísindastofnunar fer stofustjóri fyrir faglegum málefnum stofa og hefur hann eftirlit með fjármálum og ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar. Stofustjóri er kjörinn í skriflegri kosningu úr hópi verkefnastjóra stofu og ef stofum er skipt í deildir er deildarstjóri kjörinn með sama hætti. Verkefnastjórar bera faglega ábyrgð á verkefnum sínum og fjárhagslega ábyrgð gagnvart stjórn stofnunar eða stofustjóra sé stofnun skipt með þeim hætti.

Hjá Raunvísindastofnun starfa 28 akademískir sérfræðingar ásamt 30-40 verkefnaráðnum starfsmönnum við rannsóknir, auk 12 tæknimanna og aðstoðarmanna, og 9 manna starfslíði sem vinnur á aðalskrifstofu og annast rekstur fasteigna. Alls eru því starfsmenn stofnunarinnar 80-90 talsins. Framkvæmdastjóri fer fyrir skrifstofu Raunvísindastofnunar og sér hann um daglegan rekstur sameiginlegra mála stofnunarinnar og er ábyrgur gagnvart stjórn Raunvísindastofnunar og sviðsforseta. Þeir sérfræðingar Raunvísindastofnunar sem ekki hafa stöðu við Verkfræði- og náttúruvísindasvið taka að sér kennslu við viðkomandi háskóladeildir skv. samningum rannsóknæininga Raunvísindastofnunar að fengnu samþykki forseta fræðasviðsins. Að auki starfa við Raunvísindastofnun 50 kennarar Raunvísindadeildar og Jarðvísindadeildar sem eru starfsmenn Háskóla Íslands. Raunvísindastofnun er rannsóknaveitvangur þeirra og þar hafa þeir starfsaðstöðu til rannsókna. Þá hafa fjölmargir nemar í framhaldsnámi við Háskóla Íslands starfsaðstöðu á stofnuninni í lengri eða skemmri tíma.

Rannsóknastyrkir sem starfsmenn Raunvísindastofnunar og kennarar Raunvísinda- og Jarðvísindadeilda Háskóla Íslands er starfa innan Raunvísindastofnunar hafa aflað fara í gegnum bókhald stofnunarinnar með eigin verkefnanúmeri og lúta þar eftirliti.

Árið 2013 nam heildarvelta stofnunarinnar 1.187,5 milljónum króna. Af veltu ársins komu 381,7 milljónir króna af ríkisfjárveitingum beint til stofnunarinnar. Framlag Norrænu ráðherranefndarinnar nam 97,9 milljónum króna til reksturs Norræna eldfjallasetursins. Sjálfsaflafé til reksturs rannsóknaverkefna var 707,8 milljónir króna á árinu. Rekstur rannsóknaverkefna grundvallast á sjálfsaflafé frá innlendum og erlendum rannsóknasjóðum og frá fyrirtækjum. Á undanförunum árum hefur hlutur erlendra rannsóknasjóða farið vaxandi. Mótframlag Háskóla Íslands vegna rannsókna fræðimanna deildanna, sem eru starfsmenn Háskóla Íslands, rennur til Verkfræði- og náttúruvísindasviðs en Háskóli Íslands veitir ekki mótframlag vegna styrkja sem starfsmenn sem ráðnir eru beint til Raunvísindastofnunar hafa aflað. Stofnunin fær ekki bein framlög frá Háskóla Íslands með formlegum hætti en háskólinn leggur hins vegar m.a. til fé til að setja upp aðstöðu og jafnframt fær stofnunin mótframlag úr tækjakaupasjóði.

5.2.1 Eðlisvísindastofnun Háskólans, stofnuð 1958 ^{269, 270, 271}

Eðlisvísindastofnun Háskólans er önnur tveggja stofnana sem nú mynda Raunvísindastofnun Háskólans. Hún á uppruna sinn í Eðlisfræðistofnun Háskólans sem var stofnuð 1958.

Eðlisvísindastofnun sinnir grunn- og nytjarannsóknnum í eðlisfræði, efnafræði og stærðfræði. Hún er rannsóknaveitvangur kennara Raunvísindadeildar, auk sérfræðinga sem sérstaklega eru ráðnir til starfa hjá stofnuninni. Hlutverk stofnunarinnar er að veita vísindamönnum á fræðasviði hennar aðstöðu til rannsókna, starfrækja miðstöðvar fyrir rannsóknir sem krefjast viðamikils tækjabúnaðar, skapa grundvöll fyrir hagnýtingu, nýsköpun og stofnun sprotafyrirtækja í hátækni með rannsóknnum sínum og þjálfra unga vísindamenn. Einnig veitir stofnunin þjónustu, utan sem innan Háskóla Íslands, auk þess að miðla þekkingu á fræðasviði stofnunarinnar.

²⁶⁸ Starfsreglur um Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, 3. gr.

²⁶⁹ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁷⁰ Reglur um Eðlisvísindastofnun Háskólans.

²⁷¹ Samtal við Hafliða Gíslason, forseta Raunvísindadeildar og formann stjórnar Eðlisvísindastofnunar, 20.6.2014.

Starfsemi Eðlisvísindastofnunar er skipt í þrjár stofur: **Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu**. Hver um sig hefur, innan sinna raða, tiltölulega sjálfstæðar deildir.

Hverri stofu er stýrt af stofustjóra sem er jafnframt formaður viðkomandi námsbrautar Raunvísinda-deildar og situr í deildarráði hennar. Stofustjóri, ásamt varamanni, er kjörinn í skriflegri kosningu úr hópi verkefnastjóra viðkomandi stofu skv. reglum Raunvísindastofnunar. Deildarstjórar deilda sem starfa innan stofa eru kjörnir á sama hátt ásamt varamanni.

Stofustjóri hefur eftirlit með fjármálum stofu sinnar og er ábyrgur gagnvart stjórn Eðlisvísindastofnunar í starfi sínu. Stofufundur fjalla um rannsóknir, meiri háttar tækjakaup og starfsaðstöðu, ræða og móta stefnu í kennslu og rannsóknnum, aðstöðu til framhaldsnáms og málefni framhaldsnema. Stofufundur hafa æðsta vald í sameiginlegum málefnum hvers stofu öðrum en fjármálum.

Skv. reglum Raunvísindadeildar er varaformaður námsbrautar jafnframt kennslustjóri grunnnáms deildarinnar. Námsbrautarstjóri viðkomandi deildar fer því fyrir rannsóknnum og kennslu í framhaldsnámi, en varanámsbrautarstjóri fyrir kennslu í grunnnámi. Rannsóknir og kennsla innan Raunvísindadeildar eru stjórnunarlega samvinnuð þar sem stofufundur og námsbrautarfundur er sami fundurinn með þeirri undantekningu að fulltrúar nemenda fjalla ekki um stofumálefni.

Stjórn Eðlisvísindastofnunar er skipuð stofustjórum þriggja framangreindra stofa (Stærðfræðistofu, Eðlisfræðistofu og Efnafræðistofu) ásamt forseta Raunvísindadeildar, sem er formaður stjórnar stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar heyrir undir stjórn Raunvísindastofnunar. Stjórn Eðlisvísindastofnunar mótar heildarstefnu fyrir stofnunina, fjallar um sameiginleg málefni rannsóknastofa og skipuleggur eftir aðstæðum samstarf milli þeirra og sker úr vafatriðum. Stjórnin framkvæmir samþykktir stofnunarfundar, sér um rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina, skiptir fjárveitingum og öðrum framlögum til stofnunarinnar milli stofa og hefur heildarsýn yfir starfsemina.

Á árinu 2013 starfaði 31 kennari Raunvísindadeildar við stofnunina. Þá störfuðu níu akademískir sérfræðingar við sjálfstæðar rannsóknir, auk verkefnaráðingna sérfræðinga, nýdoktora og tæknimanna. Tekjur Eðlisvísindastofnunar voru um 400 milljónir króna á árinu 2013, sem er nokkur lækkun frá fyrri árum, sjá töflu 27.

Tafla 27. Tekjur Eðlisvísindastofnunar 2011-2013²⁷²

Í milljónum króna	2011	2012	2013
Sértekjur	378,2	332	267
Tekjur úr ríkissjóði	134,4	129	134
Alls	512,6	461	401

5.2.1.1 Eðlisfræðistofa, stofnuð 1966²⁷³

Á Eðlisfræðistofu eru stundaðar rannsóknir í kennilegri eðlisfræði, tilraunaeðlisfræði, stjarnaeðlisfræði, efnisvísindum og örtækni. Eðlisfræðistofa stendur fyrir málstofum á sviði sínu. Stofan var einnig vettvangur vísindasögu og þar varð Vísindavefur Háskóla Íslands til. Á stofunni er rekinn Örtæknikjarni og Háloftadeild.

5.2.1.1.1 Örtæknikjarni, stofnaður 2004

Örtæknikjarni veitir aðstöðu til ræktunar efna með nákvæmni á örstærðarkvarða og til greiningar á eiginleikum þeirra. Örtæknikjarni er rekinn af sjálfsaflafé.

5.2.1.1.2 Háloftadeild, stofnuð 1957

Háloftadeild á rætur sínar í segulmælingastöð í Leirvogi í Mosfellssveit sem komið var á fót árið 1957. Háloftadeildin rekur auk þess tvær norðurljósastöðvar í samvinnu við Pólrannsóknastofnun Japans og tvær ratsjárstöðvar í samvinnu við breska og franska vísindamenn. Hún er með sjálfstæðan fjárhag.

²⁷² Skv. upplýsingum frá Hafliða Pétri Gíslasyni, forseta Raunvísindadeildar og formanni stjórnar Eðlisvísindastofnunar.

²⁷³ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

5.2.1.2 Efnafraeðistofa, stofnuð 1966 ²⁷⁴

Á Efnafraeðistofu eru stundaðar fjölþættar rannsóknir í kennilegri efnafraeði, eðlisefnafraeði, lífrænni og ólífrænni efnafraeði, efnagreiningum og lífefnafraeði. Starfsemi stofunnar tengist ýmsum sprotafyrirtækjum. Hún stendur fyrir málstofum á sínu sviði. Innan Efnafraeðistofu starfa tvær rannsóknæiningar, Lífefnafraeðideild og Efnagreiningarsetur.

5.2.1.2.1 Lífefnafraeðideild, stofnuð 1975

Innan rannsóknastofunnar eru einkum stundaðar rannsóknir á próteinum og lípíðum og er stofan með sjálfstæðan fjárhag.

5.2.1.2.2 Efnagreiningarsetur, stofnað 2005

Efnagreiningarsetur er vel búið nútímalegum tækjabúnaði til efnagreininga en þar er boðið upp á ýmsar hátæknigreiningar, eins NMR (Nuclear magnetic resonance - kjarnarófstæki) og massagreiningar. Það er rekið af sjálfsaflafé.

5.2.1.3 Stærðfraeðistofa, stofnuð 1966 ²⁷⁵

Á Stærðfraeðistofu eru stundaðar rannsóknir í fræðilegri stærðfraeði, hagnýttri stærðfraeði, tölfræði og stærðfræðilegri eðlisfræði. Stærðfraeðistofa á í víðtæku samstarfi við erlenda vísindamenn á starfsviði stofunnar og heldur úti málstofum.

Innan Stærðfraeðistofu er Reiknifraeðideild og heyrir Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands undir hana.

5.2.1.3.1 Reiknifraeðideild, stofnuð 1972

Innan Reiknifraeðideildar eru stundaðar rannsóknir í reiknifraeði og tölfræði og er hún með sjálfstæðan fjárhag.

5.2.1.3.1.1 Tölfræðimiðstöð Háskóla Íslands, stofnuð 2007 heyrir undir Reiknifraeðideild en þar veita nemendur í framhaldsnámi í tölfræði og þeir sem eru komnir langt í BS-námi ráðgjöf í tölfræði undir stjórn forstöðumanns. Miðstöðin er jafnframt starfsvettvangur doktorsnema í tölfræði og heldur hún reglulega málstofur. Miðstöðin er rekin af sjálfsaflafé.

5.2.1.4 Reiknisetur

Reiknisetur starfar þvert á rannsóknæiningar Eðlisvísindastofnunar. Það er búið öflugum tækjabúnaði, er starfrækt þvert á stofur með virkri þátttöku kennara og sérfræðinga á Efnafraeðistofu og Eðlisfræðistofu en einnig Stærðfraeðistofu og í verkfræðideildum.

5.2.2 Jarðvísindastofnun Háskólans, stofnuð 2004 ^{276, 277, 278, 279}

Jarðvísindastofnun Háskólans er önnur tveggja stofnana sem saman mynda Raunvísindastofnun Háskólans. Hún var stofnuð 2004 með sameiningu jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Hún er rannsóknaveitvangur kennara og fræðimanna Jarðvísindadeildar Háskóla Íslands auk sérfræðinga sem sérstaklega eru ráðnir til starfa til Jarðvísindastofnunar og Norræna eldfjallasetursins.

Hér fyrir neðan er skipurit Jarðvísindastofnunar og Jarðvísindadeildar sett fram af Raunvísindastofnun og það sýnir jafnframt tengsl við fræðasvið Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og, eins og sést, er það afar flókið.

²⁷⁴ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁷⁵ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.


²⁷⁶ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁷⁷ Reglur um Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

²⁷⁸ Heimasíða Jarðvísindastofnunar.

²⁷⁹ Viðtal við Freystein Sigmundsson, formann stjórnar Jarðvísindastofnunar, og Svandísi H. Halldórsdóttur, skrifstofustjóra stofnunarinnar, 3.6.2014.

Mynd 9. Skipurit Jarðvísindastofnunar og Jarðvísindadeildar



Meginhlutverk Jarðvísindastofnunar er að stunda rannsóknir í jarðvísindum og byggja upp tækjabúnað og aðstöðu til rannsókna á því sviði. Innan vébanda stofnunarinnar starfar norrænt rannsóknasetur í eldfjallafræðum, Norræna eldfjallasetrið (Nordvulk), með styrk frá Norrænu ráðherranefndinni.

Rannsóknir við Jarðvísindastofnun eru leiddar af akademískum kennurum og sérfræðingum Jarðvísindadeildar og stofnunarinnar í samstarfi við þjónustustofnanir, aðra háskóla, rannsóknastofnanir og einstaklinga innan lands og utan. Þá veitir stofnunin nýdoktorum, framhaldsnemum og norrænum styrkþegum aðstöðu og þjálfun til vísindalegra rannsókna. Starfsmenn stofnunarinnar eru opinberum aðilum til ráðgjafar um náttúruvá á Íslandi, nýtingu auðlinda og umhverfismál, veita almenningi og fjölmiðlum upplýsingar og stunda þjónusturannsóknir á sviði grunnrannsókna sem ekki eru í samkeppni við aðila utan skólans. Þá stendur stofnunin fyrir málþingum, fyrirlesturum og ráðstefnum um viðfangsefni sín.

Stjórnun Jarðvísindadeildar og Jarðvísindastofnunar er samtvinnuð, þar sem sex akademískir fulltrúar sem kjörnir eru í deildarráð skipa jafnframt stjórn Jarðvísindastofnunar. Formaður og tveir stjórnarmenn eru kjörnir af starfsmönnum Jarðvísindastofnunar (atkvæðisrétt hafa ekki rannsóknamenn, almennir starfsmenn og tæknimenn aðrir starfsmenn sem hafa starfað skemur en fimm ár samfelt né namar og starfslið sem er ráðið til skemmri tíma en eins árs). Formaður stjórnar er kjörin sérstaklega og er hann jafnframt fulltrúi Jarðvísindastofnunar í stjórn Raunvísindastofnunar og er það annar en deildarforseti. Þrír stjórnarmenn eru kjörnir skv. reglum Jarðvísindadeildar.

Stjórnin stýrir sameiginlegum rekstri stofnunarinnar, afgreiðir rekstrar- og fjárhagsáætlun í samráði við fjárhagsnefnd stofnunarinnar og skiptir fjárveitingum og öðrum framlögum til sameiginlegs reksturs stofnunarinnar milli viðfanga og tekur ákvörðun um hvort utanaðkomandi aðilum er veitt aðstaða og þá umfang þeirrar aðstöðu. Fjárhagsnefnd á að tryggja samráð við þá aðila sem veita fjármagni til reksturs stofnunarinnar og fylgjast með ráðstöfum þess skv. rekstrar- og fjárhagsáætlunum. Formaður fjárhagsnefndar er aðili utan Jarðvísindadeildar og Jarðvísindastofnunar en hinir fimm eru skipaðir starfsmönnum sviðsins, stofnunarinnar og Norræna eldfjallasetsins.

Formaður stjórnar boðar til starfsmannafundar Jarðvísindastofnunar og skal bera undir fundinn allar meiri háttar breytingar í málefnum hennar. Framkvæmdastjóri Raunvísindastofnunar á seturétt á fundum stjórnar Jarðvísindastofnunar.

Meginþáttum starfseminnar er skipað í þrjú rannsóknarþemu sem eru **eldfjallafræði, umhverfi og veðurfar og jarðskorpuferli** og flokkast öll rannsóknaverkefni sem stunduð eru innan stofnunarinnar

undir þau. Hvert rannsóknabema kys sér formann sem leiðir umræðu um málefni og stefnu þess. Starfsmenn geta tilheyrt fleiri en einu rannsóknabema.

Faglega skipa starfsmenn sér í faghópa sem eru vettvangur starfsmanna með skylda fagþekkingu, aðstöðu eða mælitækni við rannsóknir. Hver faghópur kys sér oddvita sem er talsmaður og ráðgefandi gagnvart stjórn um stefnu og aðstöðu. Faghóparnir eru eftirfarandi: (1) Bergfræði og bergefnafræði, (2) Ísaldarjarðfræði og setlagafraði, (3) Jarðeðlisfræði og eðligræn jarð- og landfræði, (4) Jarðefnafræði vatns, veðrun og ummyndun, (5) Jarðafls- og jarðskjálftafræði, (6) Jökla-, haf- og hafisrannsóknir.

Rannsóknaverkefni eru grunnur að rannsóknastarfsemi stofnunarinnar og eru rannsóknahópar settir saman utan um þau. Í rannsóknahópa veljast akademískir starfsmenn, sérfræðingar og doktorsnemar eftir eðli rannsóknaverkefna, sérfræðiþekkingu og áhuga, oft þvert á faghópa. Hvert rannsóknaverkefni hefur verkefnisstjóra, sem er ýmist akademískur starfsmaður eða sérfræðingur og getur hann verið verkefnisstjóri yfir einu eða fleiri verkefnum. Hvert rannsóknaverkefni er með fjárhag aðskilinn frá öðrum verkefnum, þ.e. sérstakt viðfangsnúmer í bókhaldi sem rannsóknastyrkir verkefnisins fara á.

Stofnunin leggur áherslu á sveigjanleika, dýnamík og frumkvæði með framangreindu fyrirkomulagi og hefur ekki í hyggju að setja upp formlegt skipulag utan um rannsóknaherslur með stofnun rannsóknastofa eins og velflestar rannsóknastofnanir fræðasviða og deilda Háskóla Íslands gera. Með þessu skipulagi telur Jarðvísindastofnun að skapaður sé bestur grundvöllur fyrir frjótt rannsóknahverfi fyrir fræðimenn og sérfræðinga, ákjósanlegar aðstæður fyrir nemendur til þjálfunar í vísindalegri hugsun og vinnubrögðum í jarðvísindum og til samþættingar kennslu og rannsókna innan deildarinnar.

Skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar stjórnar daglegum rekstri og stofnunin veitir ákveðna stoðþjónustu vegna rannsókna. Að öðru leyti er skrifstofuþjónusta hluti af sameiginlegri þjónustu Raunvísindastofnunar.

Samanlögð velta Jarðvísindastofnunar á árinu 2013 var um 645 milljónir króna. Tekjur til starfseminnar skiptust þannig: (1) fjárveitingar á fjárlögum 151,5 milljónir króna; (2) fjárveiting frá Norrænu ráðherranefndinni um 98 milljónir króna; og (3) ýmsar sértekjur, aðallega frá innlendum og erlendum samkeppnisjóðum og fyrirtækjum, 396 milljónir króna.

Í árslok 2013 var starfsfólk Jarðvísindastofnunar og þeir sem hafa þar rannsóknaaðstöðu tæplega eitt hundrað manns samanlagt. Starfsmenn Jarðvísindastofnunar skiptust þannig að akademískir sérfræðingar voru 18, verkefnaráðnir sérfræðingar, nýdoktorar og aðrir framhaldsnemar 38 í samtals 33 stöðugildum, kennarar með rannsóknaaðstöðu í 12,5 stöðugildi og fimm manns í skrifstofu- og tæknistörfum. Auk þess voru sex fyrrverandi starfsmenn (emeritusar) með rannsóknaaðstöðu við stofnunina. Við Jarðvísindadeild voru um 68 framhaldsnemar, þar af 34 doktorsnemar með starfsaðstöðu við Jarðvísindastofnun. Norrænir styrkþegar voru alls níu á árinu 2011 en sumir þeirra dvöldust aðeins í nokkra mánuði við stofnunina.

5.2.2.1 Norræna eldfjallasetrið, stofnað 2004²⁸⁰

Norræna eldfjallastöðin, sem var forveri setursins, var stofnuð 1974. Frá 2004 hefur Norræna eldfjallasetrið verið rekið innan vébanda Jarðvísindastofnunar skv. samningi við Norrænu ráðherranefndina. Það felur í sér að nefndin fjármagnar fimm stöður fyrir unga norræna vísindamenn, sem veittar eru til eins árs í senn, og fimm stöðugildi sérfræðinga, sem ekki hafa kennsluskyldu innan Háskóla Íslands, auk þess sem hún fjármagnar tækjabúnað og uppbyggingu rannsóknaaðstöðu. Verkefnanefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverju norrænu landanna, hefur ráðgjafarhlutverk hvað varðar norræna vidd í starfseminni. Stjórn Jarðvísindastofnunar er heimilt að skipa sérstakan verkefnastjóra Norræna eldfjallasetursins og hefur hann umsjón með málefnum styrkþega setursins, þ.m.t. fjármálum þeirra, og er hann tengiliður milli verkefnanefndar eldfjallasetursins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Skv. samningum er fjármagn til reksturs Norræna eldfjallasetursins tryggt til ársins 2016 og er líklegt að breytingar séu fram undan á fyrirkomulagi fjárhagslegs stuðning til starfseminnar.

²⁸⁰ Viðtal við Freystein Sigmundsson, formann stjórnar Jarðvísindastofnunar, og Svandísi Helgu Halldórsdóttur, skrifstofustjóra stofnunarinnar, 3.6.2014.

Stjórn Jarðvísindastofnunar, sem stýrir setrinu, er heimilt að skipa ráðgjafahóp um stefnu og uppbyggingu rannsókna að höfðu samráði við verkefnanefnd setursins, skipaða formanni verkefnanefndar Norræna eldfjallasetursins og tveimur alþjóðlega virtum jarðvísindamönnum.

5.3 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands stofnuð 1977 ^{281, 282, 283}

Verkfræðistofnun Háskóla Íslands er vísindaleg rannsóknastofnun og vettvangur rannsókna- og þróunarstarfs í verkfræði og tölvunarfræði. Auk rannsókna og umsjónar með uppbyggingu á kennsluáðstöðu í verkfræði og tölvunarfræði, sinnir hún ráðgjafahlutverki, tekur að sér rannsóknaverkefni skv. þjónustusamningum þar um og gengst fyrir fyrirlesturum, málstofum, námskeiðum og ráðstefnum á sínu sviði. Kennarar stunda rannsóknir sínar innan stofnunarinnar og skila rannsóknaskyldu sinni þar.

Verkfræðistofnun starfar á vegum þriggja deilda Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, þ.e. Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideildar, Rafmagns- og tölvuverkfræðideildar og Umhverfis- og byggingarverkfræðideildar. Deildirnar hafa umsjón með kennsluhluta viðkomandi námsgreinar en rannsóknir fara fram undir hatti Verkfræðistofnunar.

Verkfræðistofnun skiptist í þrjá rannsóknakjarna, einn fyrir hverja deild sem stendur að stofnuninni: Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna, Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna og Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna.

Stjórn Verkfræðistofnunar er heimilt skv. tillögu rannsóknastjóra kjarna og með samþykki forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs að skipta kjörnum í rannsóknastofur. Skv. 3. gr. reglna um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands verður ekki sett á fót ný rannsóknastofa nema sýnt þyki að rannsóknaumsvif haldist. Skv. núverandi skipulagi skiptist hver rannsóknakjarni í þrjár rannsóknastofur, sem bera ýmist heitið -stofa, -setur, -miðstöð eða -rannsóknir.

Stjórn Verkfræðistofnunar er skipuð fimm manns. Formaður er skipaður af forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs án tilnefningar. Aðrir í stjórn eru rannsóknastjórar rannsóknakjarnanna þriggja og eru þeir tilnefndir af deildarforseta viðkomandi deildar úr hópi háskólamenntaðra starfsmanna en fulltrúi fastra starfsmanna Verkfræðistofnunar er tilnefndur sem fimmti stjórnarmaðurinn. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum og rekstri stofnunarinnar, starfsemi hennar, stefnumótun og innri málum, sem og málum einstakra kjarna og stofa, gagnvart forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Stjórnin kallar til ársfundar með starfsmönnum Verkfræðistofnunar þar sem starfsemi hennar er til umræðu. Formaður stjórnar Verkfræðistofnunar er jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Heimilt er að ráða skrifstofustjóra til stofnunarinnar en í dag er skrifstofuhald í höndum skrifstofu Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.


Fyrir hverjum rannsóknakjarna fer rannsóknastjóri sem er tilnefndur af deildarforseta viðkomandi kjarna og heyrir undir hann en ber jafnframt ábyrgð á rekstri síns rannsóknakjarna gagnvart stjórn Verkfræðistofnunar. Til að mynda samþykkir deildarforseti reikninga síns kjarna. Rannsóknastjóri getur, með samþykki stjórnar, skipað verkefnisstjóra yfir einstök rannsóknaverkefni. Ársfundir fara með stjórn hvers rannsóknakjarna og eru þeir haldnir einu sinni á ári. Aðild að rannsóknakjarna og rétt til setu á ársfundi eiga fastráðnir kennarar viðkomandi deilda og starfsmenn sem hafa lengri ráðningartíma en eitt ár, s.s. verkefnaráðnir sérfræðingar og nýdóttarar sem vinna að rannsóknum við stofnunina, auk annarra starfsmanna. Rannsóknastyrkir sem starfsmenn er tengjast stofnuninni hafa aflað færast á verkefnisnúmer innan þess kjarna sem þeir eiga aðild að en ef verkefni fara þvert á kjarna eða eru í samstarfi fleiri stofnana er samið sérstaklega um hver sér um bókhald.

²⁸¹ Reglur nr. 555/2011 um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands.

²⁸² VHÍ (2013). Ársskýrsla 2012-2013, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands (VHÍ), skýrsla VHI-2013-11-01, Háskóli Íslands.

²⁸³ Viðtal við Guðmund Frey Úlfarsson, formann stjórnar Verkfræðistofnunar, 22.5.2014.

Mynd 10. Verkfræðistofnun, undireiningar hennar og tengsl við deildir og fræðasvið



Starfsmenn sem tengjast stofnuninni skipa sér í þær þrjár stofur sem starfa innan hvers hinna þriggja kjarna Verkfræðistofnunar eftir akademískum áherslum. Stjórn Verkfræðistofnunar skipar stofustjóra yfir hverja stofu skv. tilnefningu stofufundar eða deildar og ber stofustjóri ábyrgð á rekstri viðkomandi stofu gagnvart rannsóknastjóra kjarnans og stjórn stofnunarinnar.

Starfsvið rannsóknakjarna og skipan þeirra í stofur eru eftirfarandi:

5.3.1 Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarni, stofnaður 1978

Rannsóknasvið Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna eru: hugbúnaðarþróun og hugbúnaðarverkfræði, reiknirit og reiknilíkön, jafnt fræðileg og hagnýt, stór kerfi, fyrirtæki og borgarar í upplýsingasamfélagi, varma- og straumfræði, burðarþolsfræði, efnisfræði og hönnun, tölfræði og stýritækni, iðnaðarverkfræði, hagnýtir vöruferlar. Kjarninn skiptist í þrjár stofur:

5.3.1.1 Véla- og iðnaðarverkfræðirannsóknir, stofnaðar 1978

5.3.1.2 Tölvunarfræðirannsóknir, stofnaðar 1975

5.3.1.3 Kerfislíffræðisetur, stofnað 2008

5.3.2 Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarni, stofnaður 1978

Rannsóknasvið Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna eru eftirfarandi: stýritækni, tölvuverkfræði, raforkuverkfræði, merkjafræði, mynstursgreining/fjarkönnun og tölfræðileg merkjafræði. Kjarninn skiptist í þrjá stofur:

5.3.2.1 Rafmagnsverkfræðistofa, ekki vitað um stofnár

5.3.2.2 Upplýsinga- og merkjafræðistofa, stofnuð 1977

5.3.2.3 Kerfisverkfræðistofa, stofnuð 1979

5.3.3 Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarni, stofnaður 2008

Rannsóknasvið Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna eru m.a. umhverfisverkfræði, vatnsmengun, loftmengun, eðlisfræði stöðuvatna og grunnra tjarna, straumfræði, vatnafræði, vatnsaflsvirkjanir, áhrif hnattrænnar hlýnunar, skipulag, sjálfbærni, stálvirki, mannvirkjahönnun, mannvirkjajarðfræði, jarðverkfræði, burðarþolsfræði, brunavarnir, áhættugreining, húsbýggingartækni, byggingareðlisfræði, orkunýting, efnisfræði, jarðtækni, bergtækni, vegagerð, samgönguverkfræði, hagnýt aflfræði, öryggisverkfræði, jarðskjálftafræði, jarðskjálftaverkfræði. Kjarninn skiptist í þrjá stofur:

5.3.3.1 Umhverfis- og byggingarverkfræðirannsóknir, stofnaðar 1978

5.3.3.2 Vatnaverkefistofa, stofnuð 1978

5.3.3.3 Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði, stofnuð 2000

Tekjur Verkfræðistofnunar eru að miklu leyti byggðar á rannsóknastyrkjum sem aflað er úr samkeppnis-sjóðum, innlendum sem erlendum, og standa þeir undir rannsóknum doktorsnema, nýdoktora og verkefnaráðinna sérfræðinga.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um tekjur Verkfræðistofnunar 2013 en á árinu 2012 voru tekjur rannsóknastofa innan lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna samtals um 320 milljónir kr.; tekjur Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna voru um 44 milljónir króna og tekjur Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna voru um 120 milljónir króna. Tekjur Verkfræðistofnunar voru því um 483 milljónir króna á árinu 2012. Að auki hefur Verkfræðistofnun fengið rekstrarframlag frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði undanfarin ár og var það 12 milljónir króna árið 2012. Framlag þetta er nýtt m.a. til að styrkja rannsóknir kennara sem hafa umsjón með doktorsnemunum, nýdoktorum og sérfræðingum. Þeirri úthlutun til rannsókna kennara er skipt eftir umfangi skv. ákveðnum reglum og fá kennarar greitt inn á rannsóknareikning sinn hjá Verkfræðistofnun og geta nýtt úthlutunina í akademískum tilgangi. Að mati Verkfræðistofnunar er þetta mikilvægur stuðningur við kennara sem gagnast þeim m.a. við að hefja ný verkefni sem styrkur hefur ekki enn fengist til þar eð æ nauðsynlegra verður með hverju árinu að hafa gert forrannsókn áður en raunhæft er að sækja um rannsóknastyrki í ytri samkeppnissjóði. Þá er framlagið frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði einnig nýtt til að standa undir auglýsingakostnaði vegna viðburða á vegum stofnunarinnar og öðrum kostnaði tengdum fundum, fyrirlesturum og ýmsum viðburðum, eins og t.d. meistaradegi stofnunarinnar. Á meistaradeginum einum fara fram fjöldamargar meistaravarnir og kynningar á meistaraverkefnum, bæði í formi erinda og veggspjalda. Er þetta mikilvægur hluti af kynningarstarfi stofnunarinnar á þeim rannsóknum og rannsóknanámi sem fram fer við stofnunina.

Árið 2012 heyrðu 75 starfsmenn undir Verkfræðistofnun, þar af voru 39 akademískir starfsmenn á launum hjá deildum háskólans, þ.e. prófessorar, dósentar og lektorar sem vinna rannsóknahluta starfs síns innan Verkfræðistofnunar. Hjá lðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðikjarna voru starfsmenn 40 talsins, þar af voru 19 akademískir starfsmenn háskólans. Hjá Rafmagns- og tölvuverkfræðikjarna voru 13 starfsmenn, þar af 9 akademískir starfsmenn og hjá Umhverfis- og byggingarverkfræðikjarna voru 22 starfsmenn, þar af 11 akademískir starfsmenn. Á árinu 2012 voru þannig 36 starfsmenn Verkfræðistofnunar á launaskrá hennar. Að auki vinna á fjórða tug doktorsnema og yfir tvö hundruð meistaraneimar að verkefnum tengdum stofnuninni.

5.4 Líf- og umhverfisvísindastofnun stofnuð 2011 ^{284, 285, 286, 287}

Líf- og umhverfisvísindastofnun er vettvangur rannsókna og þróunarstarfs kennara og sérfræðinga við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands á sviði lífvísinda, umhverfis- og auðlindafræði, landfræði og ferðamálafræði. Stofnunin var formlega sett á laggirnar 2011 eftir sameiningu tveggja stofnana, önnur var Líffræðistofnun Háskóla Íslands, sem stofnuð var 1974. Starfsemi stofnunarinnar skiptist í tvær rannsóknastofur, **Líffræðistofu** og **Land- og ferðamálafræðistofu**. Skipting þeirra fylgir námsbrautum Líf- og umhverfisvísindadeildar, líffræði og lífeinda- og sameindalíffræði annars vegar og ferðamálafræði

²⁸⁴ Árbók Háskóla Íslands 2011, óbirt.

²⁸⁵ Reglur um Líf- og umhverfisvísindastofnun.


²⁸⁶ Heimasíða Líf- og umhverfisvísindastofnunar.

²⁸⁷ Viðtal við Svandísi Helgu Halldórsdóttur, skrifstofustjóra Jarðvísindastofnunar, 3.6.2014.

og landfræði hins vegar. Lögð er áhersla á samþættingu kennslu og rannsókna með því m.a. að stofustjórar eiga sæti í stjórn Líf- og umhverfisfræðistofnunar og að öllu jöfnu einnig í stjórn viðkomandi námsbrautar.

Mynd 11. Líf- og umhverfisfræðideild og Líf- og umhverfisvísindastofnun - tengsl rannsókna og kennslu

Líf- og umhverfisvísindastofnun



Sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs skipar Líf- og umhverfisvísindastofnun fimm manna stjórn. Fjórir eru tilnefndir af deildarfundum Líf- og umhverfisvísindadeildar og eru tveir þeirra frá Líffræðistofu og tveir frá Land- og ferðamálafræðistofu og er stofustjóri annar fulltrúi hvorrar stofu. Fimmti stjórnarmaðurinn er formaður og skipaður án tilnefningar. Til og með júní 2014 var sviðsforseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs jafnframt formaður stjórnar Líf- og umhverfisvísindastofnunar en nýr formaður, sem er akademískur starfsmaður deildarinnar, tók við af honum. Stjórn Líf- og umhverfisvísindastofnunar fer jafnframt með stjórn rannsóknastofanna. Stjórnin ber ábyrgð á fjármálum og öllum málefnum stofnunarinnar gagnvart forseta fræðasviðsins. Hlutverk hennar er að fjalla um sameiginleg málefni stofnunarinnar og taka stefnumarkandi ákvarðanir, semja fjárhagsáætlun og gera tillögu til forseta fræðasviðsins um fjárveitingar og skiptingu þeirra. Hún boðar til aðalfundar með starfsmönnum og aðra fundi eftir því sem tilefni gefst.

Stofustjóri, sem fer fyrir hvorri stofu, er skipaður af stjórn Líf- og umhverfisvísindastofnunar skv. tilnefningu stofufundar og er hann valinn úr hópi fastra akademískra starfsmanna viðkomandi stofu (fageiningar). Stofustjóri situr að öllu jöfnu í stjórn þeirrar námsbrautar sem tengist stofunni, jafnframt því að sitja í stjórn Líf- og umhverfisvísindastofnunar, eins og áður er getið. Stofustjóri hefur yfirumsjón með sameiginlegum rekstri og umsýslu tengdri rannsóknum og rannsóknanámi innan stofu sinnar, hefur umsjón með aðstöðu og húsnæði, vinnur áætlanir um sameiginleg tækjakaup og rekstur tækja og starfar með námsbrautinni um stefnumótun og þróun námsins.

Stofufundir eru haldnir a.m.k. tvisvar á ári og þá sækja allir kennarar sem eru aðilar að stofunni og ræða stefnumótandi þætti er varða rannsóknir og rannsóknánám á viðkomandi fagsviðum. Ræddar eru áætlanir um fjárhag og þróun stofunnar, húsnæðis- og öryggismál stofunnar, áætlanir og tillögur um tækjakaup og rekstur tækja og tillögur til deildar um auglýsingu starfa við stofuna. Umsóknir um framhaldsnám eru metnar, stofustjóri og varastofustjóri eru tilnefndir og fulltrúar í námsbrautir ef við á, auk tilnefninga í starfsnefndir deildarinnar. Einnig er þar fjallað um fagleg málefni kennslugreina sem falla undir fagsvið stofunnar. Stofufundir og námsbrautarfundir eru iðulega haldnir samhliða, þar sem sama fólk er á aðild að báðum fundunum. Ágreiningi á stofufundi má vísa til úrskurðar stjórnar Líf- og umhverfisvísindastofnunar.

Aðild að rannsóknastofum eiga akademískir starfsmenn viðkomandi deilda og aðrir starfsmenn sem eru ráðnir til starfa á rannsóknastofunum. Kennarar í umhverfis- og auðlindafræði hafa haft val um hvorri stofunni þeir tilheyra.

Unnið er að gerð samkomulags um að skrifstofustjóri Jarðvísindastofnunar haldi tímabundið utan um ýmsa þætti í rekstri Líf- og umhverfisvísindastofnunar, sem nemur um 30% starfi, en að öðru leyti fer formaður stjórnar fyrir daglegum rekstri.

Akademískir starfsmenn Líf- og umhverfisvísindadeildar hafa starfsaðstöðu á stofnuninni ef þeir æskja þess og aðstæður leyfa. Tveir tæknimenn eru starfsmenn Líf- og umhverfisvísindastofnunar en stöður þeirra eru fjármagnaðar af Aldarafmælistjóði en aðrir starfsmenn teljast til rannsóknastofa. Sviðið fjármagnar stöðu eins fræðimanns sem starfar við Líffræðistofu.

Um áramótin 2013-2014 störfuðu alls við stofnunina (í báðum stofum hennar): 31 kennari, tveir gestaprófessorar, fjórir emeritar, einn sérfræðingur og 37 aðrir starfsmenn. Alls voru þá 115 framhaldsnemendur við deildina (og þ.a.l. stofnunina), þar af 62 doktorsnemar.

Starfsemi Líf- og umhverfisstofnunar er fjármögnuð af rannsóknastyrkjum. Rannsóknastyrkir fá sérstakt viðfangsnúmer í bókhaldi stofnunarinnar en einnig fara rannsóknastyrkir í gegnum rannsóknareikninga fræðimanna og á það þá við um lægri styrki. Ráðstöfun á rannsóknafé fer í gegnum skrifstofustjóra stofnunarinnar og er því ráðstafað skv. ákveðnum reglum og viðkomandi samningum um styrki til rannsókna.

Tekjur Líf- og umhverfisstofnunar á árinu 2013 voru samtals 305,7 milljónir króna. Þá fær Líf- og umhverfisvísindastofnun árlega 12 milljónir króna frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði til að standa undir sameiginlegum rekstri, þar af fer ein milljón króna í sameiginlegan kostnað stofnunarinnar en 11 milljónum króna er ráðstafað til Líffræðistofu og Land- og ferðamálafræðistofu sem taka ákvörðun um nýtingu þess fjár.

Líf- og umhverfisvísindastofnun stendur fyrir fyrirlesturum um viðfangsefni á fagsviðum sínum í samvinnu við Líf- og umhverfisvísindadeild.

Starfsmenn við stofur Líf- og umhverfisvísindastofnunar eiga rannsóknasamstarf við aðra starfsmenn Háskóla Íslands og stofnana hans, innlendar rannsókn- og þjónustustofnanir og við vísindamenn erlendis. Tekjur til rannsóknar og tækjabúnaðar koma úr alþjóðlegum og innlendum samkeppnissjóðum og frá ráðuneytum, opinberum stofnunum og fyrirtækjum.

5.4.1 Líffræðistofa, stofnuð 1974

Forveri Líffræðistofu er Líffræðistofnun sem var stofnuð 1974. Á Líffræðistofu stunda kennarar Líf- og umhverfiseildar Háskóla Íslands rannsóknir sínar auk annarra sérfræðinga á sviði líffræði og náskyldra greina sem ráðnir eru til starfa við stofuna. Þetta eru m.a. rannsóknir á sviði vistfræði og þróunarfræði, fiski- og sjávarlíffræði, örverufræði, grasafræði, sameindalíffræði og umhverfisfræði. Verkefni stofunnar eru oft unnin í samstarfi við utanaðkomandi aðila innanlands sem utan.

Líffræðistofa hefur einn fastan starfsmann. Um áramótin 2013-2014 störfuðu 18 kennarar og einn sérfræðingur deildarinnar við stofuna, auk framhaldsnema, en verkefnaráðið fólk var alls 28 manns, þar með taldir framhaldsnemar með ráðningarsamning. Alls var 71 starfsmaður tengdur starfsemi Líffræðistofu um áramótin 2013-2014, þar af 48 doktorsnemar. Eru þá ótaldir nemar í umhverfis- og auðlindafræðum.

Tekjur Líffræðistofu 2013 voru um 220 milljónir króna, að mestu sértekjur af rannsóknastyrkjum en einnig hlutdeild í framlagi sviðsins til Líf- og umhverfisvísindastofnunar sem stofan nýtir til greiðslu launa sérfræðings og í viðhald og rekstur tækja. Aðilar að stofunni geta sótt til stofustjóra að fá fjármagn til slíks og ef kostnaður er meiri en 200 þúsund krónur þarf samþykki stofunnar til þess.

5.4.2 Land- og ferðamálafræðistofa, stofnuð 2011

Land- og ferðamálafræðistofa er vettvangur rannsókna á mismunandi sérsviðum landfræði og ferðamálafræði. Jafnframt vinnur stofan þjónustuverkefni m.a. fyrir opinbera aðila. Í maí 2014 voru starfsmenn 9 talsins, auk þess sem framhaldsnemendur vinna að meistara- og doktorsverkefnum sínum við stofuna, samtals 44, þar af 14 doktorsnemar.

Tekjur stofunnar á árinu 2013 voru 85 milljónir króna sem eru styrkir til rannsóknaverkefna, auk hlutdeildar stofunnar af framlagi sviðsins til Líf- og umhverfisvísindastofunnar en það fjármagn er notað til að umbuna fræðimönnum stofnunarinnar fyrir störf sín eftir ákveðnum reglum.

IV. Stofnanir í starfstengslum við Háskóla Íslands og samstarfsaðilar utan skólans

1. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ²⁸⁸

Skv. lögum um Stofnun Árna Magnússonar nr. 40/2006 er hún háskólastofnun sem hefur sjálfstæðan fjárhag og heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra. Hún hefur nán tengsl við Háskóla Íslands og er hluti af fræðasamfélagi hans. Þegar lög um stofnunina voru sett á árinu 2006 urðu nokkrar stofnanir hluti af Árnastofnun, þ.e. Íslensk málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands.

Skv. lögum um stofnunina gerir hún samstarfssamninga við Háskóla Íslands um starfstengsl, fjárhagsleg samskipti og skipan sameiginlegra starfa og er þar m.a. kveðið á um kennslu starfsmanna stofnunarinnar sem ráðnir eru til rannsóknastarfa.

Ráðherra skipar stofnuninni fimm manna stjórn, þrjá skv. tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands og tvo án tilnefningar og er annar þeirra formaður stjórnar.

2. Meinafræðideild Landspítala, stofnuð 1917 ²⁸⁹

Meinafræðideild (áður Rannsóknastofa í meinafræði) er ein af stofnunum Landspítalans og tilheyrir rannsóknasviði hans. Hún er elsta rannsóknastofan sem er tengd Háskóla Íslands. Hún skiptist í fjórar deildir: Vefjarannsóknir, réttarlæknisfræði, frumulíffræði og lífsýnasafn. Rannsóknastofan sér um umfangsmikla kennslu og rannsóknir við Háskóla Íslands og samtinnast þar þjónustuhlutverk rannsóknastofunnar og háskólastarfsemin. Við rannsóknastofuna starfa akademískir starfsmenn Háskóla Íslands og framhaldsnemar stunda þar einnig rannsóknir sínar. Umfangsmiklar vísindarannsóknir fara þar fram og hefur stofan fengið fjölda innlendra og erlendra rannsóknastyrkja.

3. Sýklafræðideild Landspítala, stofnuð 1976 ²⁹⁰

Sýklafræðideild (áður Rannsóknastofa í sýklafræði) tilheyrir rannsóknasviði Landspítalans. Hún er rannsóknastofa á sviði bakteríufræði, sveppafræði og sníkjudýrafræði og veitir heilbrigðisyriföldum, heilbrigðisstofnunum og öðrum sýklafræðirannsóknastofum ráðgjöf. Á deildinni er rekin áhætturannsóknastofa (P3) til greiningar á sérlega hættulegum sýklum, auk þess stendur hún fyrir þjónusturannsóknnum, vísindarannsóknnum og kennslu. Við rannsóknastofuna eru m.a. fastir starfsmenn úr Læknadeild og framhaldsnemar Háskóla Íslands stunda rannsóknir sínar við hana. Rannsóknastofan hefur hlotið fjölda rannsóknastyrkja úr erlendum og innlendum sjóðum.

4. Veirufræðideild Landspítala, stofnuð 1974 ²⁹¹

Veirufræðideild (áður Rannsóknastofa í veirufræði) heyrir undir rannsóknasviði Landspítalans. Hlutverk hennar er þríþætt: þjónusturannsóknir í veirufræðum fyrir allt landið, grunnrannsóknir í veirufræði og kennsla heilbrigðisstétta. Starfsmenn rannsóknastofunnar sjá um viðamikla kennslu í veirufræði fyrir nemendur í ýmsum greinum heilbrigðisvísinda innan Háskóla Íslands og framhaldsnemendur vinna verkefni sín gjarnan innan rannsóknastofunnar.

5. Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, starfrækt frá 1974 ²⁹²

Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn er vísindastofnun á vegum umhverfisráðuneytisins, byggð á lögum um verndun Mývatns og Laxár. Hún fæst við rannsóknir á náttúru og sögu Mývatns og Laxár og vatnasviðs þeirra með það að höfuðmarkmiði að skilja náttúrufarsbreytingar og sjá þær fyrir, og stuðla þannig að verndun svæðisins. Háskóli Íslands er einn samstarfsaðila rannsóknastöðvarinnar og er í gildi samningur milli þessara aðila um gagnkvæma aðstöðu. Starfsmaður stöðvarinnar hefur skrifstofu- og

²⁸⁸ Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr. 40/2006.

²⁸⁹ Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 272.

²⁹⁰ Heimasíða Rannsóknastofu í sýklafræði.

²⁹¹ Árbók Háskóla Íslands 2010, bls. 275.

²⁹² Heimasíða Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

rannsóknastöðu í húsnæði Líf- og umhverfisvísindadeildar Háskóla Íslands og gegnir stöðu gestaprófessors við deildina, en starfsmenn háskólans nýta vinnu- og gístiaðstöðuna á Skútustöðum. Háskóli Íslands og Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn hafa nána samvinnu um rannsóknir á fuglum og mýi.

6. Ónæmisfræðideild Landspítala, stofnuð 1981 ²⁹³

Ónæmisfræðideild (áður Rannsóknastofa í ónæmisfræði) tilheyrir rannsóknasviði Landspítalans. Kjarnastarfsemi deildarinnar er að sinna þjónustu við einstaklinga sem hafa galla eða truflun í starfsemi ónæmiskerfisins (eða ef grunur leikur á að svo sé), að veita fræðilega og hagnýta kennslu og stunda ónæmisfræðilegar klínískar rannsóknir og grunnrannsóknir, auk þróunarvinnu. Nokkrir starfsmenn eru með akademískar nafnbætur prófessora, dósentar og lektora, auk þess sem framhaldsnemar Háskóla Íslands starfa við deildina. Deildin hefur hlotið fjölda rannsóknastyrkja úr erlendum og innlendum sjóðum.

7. Rannsóknamiðstöð ferðamála, stofnuð 1999 ²⁹⁴

Rannsóknamiðstöð ferðamála er starfrækt af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Hólum, Samtökum ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofu. Hún hét áður Ferðamálastofa Íslands, sem var stofnað 1999 af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Samningur um rekstur hennar var endurnýjaður milli háskólanna þriggja sumarið 2014. Aðsetur þess er við Háskólann á Akureyri og er forstöðumaður miðstöðvarinnar starfsmaður hans. Stefna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi með samstarfi við innlenda og erlenda rannsóknaraðila og atvinnulífið í landinu, með útgáfu fræðiritar, upplýsingamiðlun og ráðgjöf og með því að gangast fyrir ráðstefnum og fyrirlestrum. Stjórn rannsóknamiðstöðvarinnar er sjö manna: rektorar Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri skipa hvor um sig tvo menn í stjórn og rektor Hólaskóla einn. Jafnframt skipa Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofa hvor sinn stjórnarmann. Formaður stjórnar er annar fulltrúi Háskóla Íslands. Árlegt framlag Háskóla Íslands til starfseminnar er 3 milljónir króna.

8. Hafréttarstofnun, stofnuð 1999 ²⁹⁵

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókn- og fræðslustofnun á sviði hafréttar. Hún er samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins, sjávarútvegsráðuneytisins og Háskóla Íslands skv. sérstökum samningum þar um. Stofnunin lýtur þriggja manna stjórn, skipuð einum fulltrúa frá hverjum samstarfsaðila en forstöðumaður hefur verið starfsmaður utanríkisráðuneytisins. Hún hefur sjálfstæðan fjárhag og hefur fengið fjárveitingar af fjárlögum gegnum ráðuneytin, en hún er með skráð heimilisfesti í Lögbergi. Í byrjun árs 2010 tók gildi samningur milli Lagadeildar og Hafréttarstofnunar þar sem hin síðarnefnda kostar að hluta starf dósentar í auðlindarétti með áherslu á auðlindir hafsins. Að öðru leyti hefur lítil starfsemi farið fram innan stofnunarinnar hin síðari ár.

9. Asíusetur Íslands, stofnað 2005 ²⁹⁶

Asíusetur Íslands er samstarfsstofnun Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Hún var stofnuð á Akureyri og var vistuð þar í byrjun en fluttist síðan til Háskóla Íslands og er nú innan Deildar erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði. Asíusetur Íslands var sett á laggirnar í kringum fyrirhugaða sameiginlega námsbraut skólanna í Austur-Asíufræðum og stóð jafnframt fyrir viðburðum, s.s. almennri fræðslu um álfuna með málþingum og fyrirlestrum. Rekstur þess var fjármagnaður með styrkjum frá fyrirtækjum sem voru í viðskiptatengslum við Asíu. Hlutverk Asíuseturs er einkum að stuðla og standa að rannsóknum og menntastarfsemi sem snýr að Asíu. Markmið starfseminnar er að efla áhuga íslensks menntafólks á álfunni og þar með auka skilning Íslendinga á henni almennt. Starfsemin hefur legið niðri um nokkurt skeið en ekki er fyrirhugað að leggja hana niður.

10. Klínískt rannsóknasetur Landspítala og Háskóla Íslands á Landspítala, stofnað 2010 ²⁹⁷

Landspítali og Háskóli Íslands standa að Klínísku rannsóknarsetri innan vísinda- og þróunarviðs Landspítala. Markmið þess er að styðja og efla innviði stofnananna og auka samstarf þeirra í klínískum

²⁹³ Heimasíða Ónæmisfræðideildar Landspítala – háskólasjúkrahúss.

²⁹⁴ Heimasíða Rannsóknamiðstöðvar ferðamála.

²⁹⁵ Árbók Háskóla Íslands 1999, bls. 77.

²⁹⁶ Heimasíða Asíuseturs Íslands.

²⁹⁷ Heimasíða Klínísku rannsóknaseturs.

rannsóknnum. Það verður tengiliður fyrir alþjóðleg rannsóknaverkefni og mun vinna að samhæfingu verkefna með rannsóknasetrum í öðrum löndum.

11. Rannsóknastofa LSH og HÍ í bráðafræðum, stofnuð 2010 ²⁹⁸

Rannsóknastofa Landspítala og Háskóla Íslands í bráðafræðum er miðstöð rannsókna á bráðasviði Landspítala – háskólasjúkrahúss í samvinnu við Klínískt rannsóknarsetur Landspítala og Háskóla Íslands. Hlutverk rannsóknastofunnar er að efla og styðja við rannsóknir, einkum klínískar rannsóknir á sviði bráðafræða, og auka aðstoð og þjónustu við þá vísindamenn sem að slíkum verkefnum starfa á bráðasviði spítalans eða í tengslum við það.

Stjórn rannsóknastofunnar er skipuð fimm fulltrúum, þremur frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi og tveimur frá Háskóla Íslands, og eru þeir fulltrúar Læknadeildar og Hjúkrunarfræðideildar háskólans. Starfsmenn tilheyra Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

12. Mannerfðafræðistofnun Íslands, stofnuð 2010 ²⁹⁹

Mannerfðafræðistofnun Íslands er samstarfsverkefni Háskóli Íslands, Íslenskrar erfðagreiningar og Landspítala sem ætlað er að verða vettvangur rannsókna á sviði mannerfðafræði á Íslandi og stuðla að aukinni samvinnu innan vísindasamfélagsins hér á landi.

²⁹⁸ Heimasíða Rannsóknarstofu LSH og HÍ í bráðafræðum.

²⁹⁹ <http://www.landspitali.is/um-landspitala/frettir-og-vidburdir/frett/?newsid=a9895134-eefc-4638-820e-0130defab5c6>.

Yfirlit yfir myndir

Mynd 1.	Sviðaskipulag, einkennandi skipurit
Mynd 2.	Deildaskipulag, einkennandi skipurit
Mynd 3.	Rannsóknastofnanir og -stofur á Félagsvísindasviði og tengsl við fræðasvið og deildir
Mynd 4.	Rannsóknastofnanir og -stofur á Heilbrigðisvísindasviði og tengsl við fræðasvið og deildir
Mynd 5.	Rannsóknastofnanir og -stofur á Hugvísindasviði og tengsl við fræðasvið og Hugvísindastofnun
Mynd 6.	Skipurit Menntavísindasviðs og Menntavísindastofnunar
Mynd 7.	Rannsóknastofnanir og -stofur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og tengsl við fræðasvið og deildir
Mynd 8.	Raunvísindastofnun, undireiningar hennar og tengsl við deildir og fræðasvið
Mynd 9.	Skipurit Jarðvísindastofnunar og Jarðvísindadeildar
Mynd 10.	Verkfræðistofnun, undireiningar hennar og tengsl við deildir og fræðasvið
Mynd 11.	Líf- og umhverfisfræðideild og Líf- og umhverfisvísindastofnun - tengsl rannsókna og kennslu

Yfirlit yfir töflur

Tafla 1.	Rannsóknastofnanir og rannsóknastofur, skipt eftir stofnári
Tafla 2.	Virgni rannsóknastofnana og rannsóknastofa
Tafla 3.	Samantekt yfir samsetningu stjórna rannsóknæininga sem starfa innan fræðasviða
Tafla 4.	Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Félagsvísindasviði
Tafla 5.	Virgni rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Félagsvísindasviði
Tafla 6.	Yfirlit yfir skipan stjórna rannsóknæininga á Félagsvísindasviði
Tafla 7.	Yfirlit yfir tekjur og starfsmenn rannsóknæininga á Félagsvísindasviði
Tafla 8.	Tekjur Félagsvísindastofnunar 2013
Tafla 9.	Tekjur Viðskiptafræðistofnunar 2010-2013
Tafla 10.	Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Heilbrigðisvísindasviði
Tafla 11.	Virgni rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Heilbrigðisvísindasviði
Tafla 12.	Yfirlit yfir skipan stjórna á Heilbrigðisvísindasviði
Tafla 13.	Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Hugvísindasviði
Tafla 14.	Virgni stofnana á Hugvísindasviði
Tafla 15.	Yfirlit yfir skipan stjórna á Hugvísindasviði
Tafla 16.	Heildarstyrkir án söfnunar fyrir húsnæði SVF
Tafla 17.	Mótframlög Hugvísindasviðs vegna verkefna á vegum rannsóknastofnana
Tafla 18.	Styrkir Rannsóknasjóðs Hugvísindastofnunar 2009-13
Tafla 19.	Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Menntavísindasviði
Tafla 20.	Yfirlit yfir styrki sem Menntavísindastofnun fékk 2013
Tafla 21.	Virgni rannsóknæininga á Menntavísindasviði
Tafla 22.	Yfirlit yfir skipan stjórna á Menntavísindasviði
Tafla 23.	Yfirlit yfir tekjur og fjölda starfsmanna rannsóknæininga Menntavísindasviðs
Tafla 24.	Stofnár rannsóknastofnana og rannsóknastofa á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
Tafla 25.	Yfirlit yfir skipan stjórna á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
Tafla 26.	Yfirlit yfir tekjur rannsóknastofnana Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
Tafla 27.	Tekjur Eðlisvísindastofnunar 2011-2013